



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2015

Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2015 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþróttta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþróttta- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var neikvæð um 4.980 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 7.398 mkr sem var 12.371 mkr eða 167% undir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 16.085 mkr verri í ár heldur en hún var árið 2014.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 13.636 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 622 mkr. Niðurstaðan var því lakari en gert var ráð fyrir, sem nam 13.013 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 12.861 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 182 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 13.043 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 18.252 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 5.894 mkr og var niðurstaðan því um 12.358 mkr lakari en áætlað var sem einkum má rekja til hækkunar lífeyrisskuldbindingar á árinu.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 4.379 mkr sem var 799 mkr lakara en áætlað var. Helstu skýringar þess má rekja til tekna af sölu fasteigna og byggingaréttar sem reyndust 552 mkr undir áætlun. Auk þess var annar rekstrarkostnaður 991 mkr umfram fjárheimildir en á móti kom að nettó fjármagnskostnaður var 713 mkr undir áætlun.

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 263 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 94 mkr og var niðurstaðan því 169 mkr betri en áætlað var.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir 2015 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Efnisyfirlit

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar	1
2. Samstæðan	4
3. A-hluti	6
3.1 Lífeyrisskuldbinding A-hluta	10
3.1.1. Forsendur	10
3.1.2. Niðurstaða ársins.....	11
3.2 Fjármagnsliður A-hluta	13
3.2.1 Skulda- og áhættustýring	14
3.3 Aðalsjóður	15
3.4 Eignasjóður	17
3.4.1 Fjárfestingar Eignasjóðs.....	17
3.5 Bílastæðasjóður	19
3.6 Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta	20
3.7 Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið.....	23
3.8 Skattspor A-hluta	24
3.9 Lykiltölur mannauðs	25
3.10 Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun.....	28
4. Nánar um A-hluta	30
4.1 Aðalsjóður	30
4.1.1 Íþróttá- og tómstundasvið.....	30
4.1.2 Menningar- og ferðamálasvið	32
4.1.3 Skóla- og frístundasvið	35
4.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	41
4.1.5 Velferðarsvið	43
4.1.6 Miðlæg stjórnsýsla	48
4.1.7 Sameiginlegur kostnaður.....	49
4.1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja	50
4.2 Eignasjóður	51
4.2.1 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	51
4.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	52
5. Nánar um B-hluta	54
5.1 Faxaflóahafnir.....	54
5.2 Félagsbústaðir	55
5.3 Orkuveita Reykjavíkur.....	58
5.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.....	61
5.5 SORPA bs	62
5.6 Strætó bs	63
Viðauki 1: Kennitölur	65
Viðauki 2: Breytingar á fjárhagsáætlun 2015	68
Viðauki 3: Um B-hluta fyrirtæki.....	93
Viðauki 4: Innheimtuárangur	94
Viðauki 5: Rekstrarniðurstaða grunnskóla, leikskóla og frístundastofnana	95
Viðauki 6: Fjármálastjórn 2015.....	98

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar

Samstæðan

Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 5 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 7,4 mkr. Rekstrarniðurstaða ársins 2014 var jákvæð um 11,1 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 4,6 mkr eða rúmum 12,7 mkr undir áætlun.

Skatttekjur voru 68,9 mkr eða rúmum 0,9 mkr yfir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru 6,2 mkr eða rúmum 0,2 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 69 mkr eða um 0,6 mkr yfir áætlun.

Launakostnaður var 59,9 mkr eða 1,6 mkr yfir áætlun.

Hækkun lífeyrisskuldbindingar var 14,7 mkr eða 12,3 yfir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 48,6 mkr og var um 0,9 mkr undir áætlun.

Afskriftir námu 16,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 14,8 mkr. Afskriftir árið 2014 voru 14,3 mkr.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar að frádregnum fjármunatekjum námu 13,2 mkr. Fjármagnsgjöld samstæðunnar árið 2014 námu 6,3 mkr. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR sem námu 10,8 mkr og hækkuðu um 6 mkr frá árinu 2014. Það má einkum rekja til 10,2 mkr gjaldfærslu vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum vegna lækkandi álverðs.

Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða nam um 4,1 mkr sem rekja má til hækkunar á gangvirði fasteigna félagsins.

Heildareignir voru 525,6 mkr í árslok en námu í ársbyrjun 504,4 mkr og hækkuðu um 21,2 mkr.

Eigið fé samstæðunnar nam 224 mkr í árslok en í byrjun árs var eigið fé samstæðunnar 217,3 mkr. Þýðingarmunur¹ Orkuveitu Reykjavíkur hækkaði eigið fé samstæðunnar um 1 mkr og sérstakt endurmat fastafjármuna hækkaði eigið fé um 8,5 mkr.





Skuldbindingar samstæðunnar námu 34,4 mkr í árslok en voru í byrjun árs 18,9 mkr. Lífeyrisskuldbindingin hækkaði um 12,4 mkr og tekjuskattskuldbinding hækkaði um tæpan 3,1 mkr.

Langtímaskuldir samstæðunnar lækkuðu milli ára um 6,6 mkr og stóðu í 219,7 mkr í árslok en voru 226,3 mkr í ársbyrjun. Greidd voru upp langtímalán og leiguskuldir að fjárhæð 17,9 mkr sem var nokkru lægra en áætlað var en áætlun reiknaði með að greiðslur af langtímalánum og leiguskuldum næmu um 21 mkr. Lántaka var töluvert undir áætlun en tekin voru ný lán fyrir 3 mkr en áætlaðar lántökur námu 14,5 mkr. Afborganir langtímalána og leiguskulda sem gjaldfalla á næstu 12 mánuðum nema 21,4 mkr.

Skammtímaskuldir samstæðunnar námu 47,4 mkr en veltufjármunir námu 44,4 mkr og veltufé á móti skammtímaskuldum var 0,94.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 21 mkr en áætlað var að fjárfesta fyrir 23,7 mkr á árinu 2015.

Handbært fé samstæðunnar nam 16,2 mkr í árslok og var 1,4 mkr lægra en áætlun gerði ráð fyrir.



¹ Þýðingarmunur vegna dótturfélags sem gerir upp í erlendri mynt. Þýðingarmunurinn myndast þar sem fjárhæðum í rekstrarreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins en fjárhæðum í efnahagsreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við dagslokagengi 31.12.2015

A-hluti

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um tæpa 13,6 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 0,6 mkr.

Skatttekjur A-hluta voru 69,3 mkr eða 0,6 mkr yfir áætlun.


Aðrar tekjur voru 15,6 mkr eða 0,7 mkr yfir áætlun.

Launakostnaður var 49,2 mkr og 1,1 mkr yfir áætlun.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 14,6 mkr og var 12,3 mkr yfir áætlun.





Annar rekstrarkostnaður nam 36 mkr og var 1,1 mkr yfir áætlun.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 9,5 mkr og voru 0,3 mkr undir áætlun. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sala byggingaréttar námu 3,1 mkr og voru um 0,2 mkr undir áætlun.





Helstu ábendingar

- Ef horft er til rekstrarniðurstöðu samstæðunnar árin 2013-2015 m.t.t. jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga var afkoman neikvæð 824 mkr. Á móti neikvæðri rekstrarniðurstöðu ársins 2015 vegur þungt jákvæð rekstrarniðurstaða árunna 2013 og 2014.
- Skuldaviðmið samstæðunnar var 97% sem er innan 150% viðmiðs laganna. Hlutfallið hækkaði milli ára einkum vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar.
- Gjaldfærsla í rekstri A-hluta vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var 14,6 mkr eða 12,3 mkr yfir áætlun. Í útkomuspá sem birt var með frumvarpi að fjárhagsáætlun ársins 2016 í borgarstjórn þann 3. nóvember sl. hafði verið gert ráð fyrir að gjaldfærslan gæti orðið um 14 mkr og er niðurstaða ársreiknings í góðu samræmi við þá spá. Lífeyrisréttindi sjóðfélaga í LsRb eru í flestum tilvikum háð launaþróun opinberra starfsmanna og því höfðu kjarasamningar ársins mikil áhrif til hækkunar lífeyrisskuldbindingar, eða um u.þ.b. 10,8 mkr. Þá var við mat á skuldbindingunni notast við nýjar tryggingafræðilegar forsendur um lækkun dánartíðni næstu áratugina sem leiddu til einskiptishækkunar lífeyrisskuldbindingar um u.þ.b. 6,5 mkr. Aðrir liðir höfðu nettó áhrif til lækkunar á skuldbindingu um u.þ.b. 2,6 mkr. Hafa þarf í huga að hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu hefur ekki áhrif á sjóðstreymi ársins, heldur myndar hún skuld sem kemur til greiðslu næstu ár og áratugi. Nánari greiningu á lífeyrisskuldbindingu A-hluta má finna í kafla 3.1.2 í greinargerðinni.
- Veltufé frá rekstri A-hluta var 5,2 mkr eða 5,7% af tekjum A-hluta á árinu 2015 sem var betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í útkomuspá ársins. Veltufé frá rekstri er góður mælikvarði á stöðu grunnrekstrar A-hluta þar sem hann felur ekki í sér reiknaða liði eins og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar eða einskiptistekjur af sölu eigna og byggingaréttar. Fjármálaskrifstofa hefur talið æskilegt að veltufé frá rekstri sé a.m.k. 9% af tekjum og er veltufé frá rekstri ársins 2015 um 3,0 mkr frá þessu markmiði. Í aðgerðaáætlun árunna 2016-2018 er gert ráð fyrir að þessu markmiði verði náð árið 2018 og því mikilvægt að forsendur aðgerðaáætlunar gangi eftir næstu misserin.
- Handbært fé A-hluta lækkaði um 2,4 mkr á árinu. Ef ekki hefði notið við sölnunnar á fasteignum Jörundar ehf. hefði handbært fé A-hluta að öðru jöfnu lækkað um 3,8 mkr. Ljóst er að reksturinn þarf að skila meiri fjármunum til fjárfestinga ef viðhalda á sama stigi fjárfestinga til lengri tíma eins og gert er ráð fyrir í aðgerðaáætlun árunna 2016-2018.
- Heildarárangur Plansins hjá OR er nú orðinn 55,0 mkr sem er 8,2 mkr yfir markmiði árunna 2011-2015. Á miðju ári 2015 hafði fyrirtækið náð 51,3 mkr heildarmarkmiði Plansins fyrir árin 2011-2016, einu og hálfu ári fyrr en stefnt var að.
- Álverð (LME 3m) lækkaði um 18,6% milli loka árs 2014 og 2015 og var að jafnaði 11,3% lægra á árinu 2015 en árið á undan. Lækkun álverðs leiddi til 10,2 mkr gjaldfærslu í fjármagnsliðum OR vegna innbyggðra afleiða í orkusölusamningum. Gjaldfærslan dró úr hagnaði ársins og arðsemi eigin fjár, sem varð 4,0% á móti




10,3% árið áður. Gjaldfærsla vegna lækkunar álverðs í uppgjörinu endurspeglar horfur um minni tekjur vegna orkusölu til framtíðar. Í áætlunum sínum hefur OR gert ráð fyrir að að álverð hækki jafnt og þétt næstu árin og verði fjórðungi hærra að jafnaði árið 2021 en það var í lok árs 2015.

- Vaxtaþekja (1,56) og skuldþekja (1,01) Félagsbústaða eru yfir lágmarkum (1,4 og 0,9), en þessi lágmark voru skilyrði borgarsjóðs fyrir veitingu veðheimildar vegna endurfjármögnunar á FEL97 skuldabréfaflokknum hjá Lánasjóði sveitarfélaga árið 2013.
- Fasteignaverð hefur hækkað töluvert umfram verðlag undanfarið og kostnaður Félagsbústaða við viðhald og framkvæmdir sömuleiðis. Árið 2015 einkenndist af þenslu á byggingamarkaði og horfur eru á að hún magnist á næstu misserum. Mikilvægt er að félagið leiti allra leiða til að lágmarka viðhalds- og framkvæmdakostnað með útboðum.
- Frumvarp til laga um almennar íbúðir er nú í meðförum Alþingis og óvíst hvenær frumvarpið verður að lögum og vinnu við reglugerðir lýkur. Jafnframt mun Íbúðalánasjóður að óbreyttu hætta að veita félagsleg lán til bygginga og kaupa leiguíbúða eftir apríl 2016. Fjármálaskrifstofa hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að félagslegu lánin standi áfram til boða a.m.k. út árið 2016. Ef stofnframlög fást ekki á árinu 2016 ætti það að leiða til endurskoðunar á uppbyggingaráformum, enda er hagræði félagsins og leigjenda af þessum aukna stuðningi verulegt.
- Mikilvægt er að hagræðingartillögum hjá byggðasamlögum verði fylgt eftir.



2. Samstæðan



Samstæða (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	143.927	142.202	1.725	1,2%
Laun og launat..gj.	59.851	58.269	1.582	2,7%
Hækkun nettó lífeyrisskuldb.	14.666	2.399	12.267	511,3%
Annar rekstrark.	48.559	49.429	-870	-1,8%
Afskriftir	16.251	14.822	1.429	9,6%
Fjármagns.l.	-13.221	-10.876	-2.345	21,6%
Tekjuskattur	583	-1.537	2.120	-137,9%
Matsbr. fjárf.eigna	4.080	2.521	1.559	61,8%
Hludt. í afk. tengdra f.	-1.021	0	-1.021	
Rekstrarniðurstaða	-4.980	7.392	-12.371	-167,4%

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var neikvæð um 4.980 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 7.398 mkr sem var 12.371 mkr eða 167% undir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 16.085 mkr verri í ár heldur en hún var árið 2014.

Ef horft er framhjá matsbreytingum fjárfestingareigna var afkoma samstæðunnar neikvæð um 9.059 mkr.

Rekstrartekjur námu 143.927 mkr og voru 1.725 mkr hærri en áætlað var eða 1,2%. Rekstrartekjur hækkuðu um 10.869 mkr frá fyrra ári eða um 8,2%.

Rekstrargjöld námu 139.328 mkr og voru 14.409 mkr yfir áætlun eða 10,3%. Þar vegur þyngst hækkun nettó lífeyrisskuldbindingar en hún var 12.267 mkr yfir áætlun. Rekstrargjöld hækkuðu um 21.838 mkr milli ára eða 18,6%.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar námu 13.221 mkr og voru 2.345 mkr yfir áætlun eða 21,6%. Fjármagnsgjöld hækkuðu um 6.942 mkr milli ára eða 110,6%. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR sem námu 10.843 mkr og hækkuðu um 6.023 mkr milli ára. Það má einkum rekja til 10,2 mkr gjaldfærslu vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum vegna lækkandi álverðs.


Heildareignir voru 525.560 mkr, þar af í fastafjármunum 481.125 mkr og í veltufjármunum 44.435 mkr.

Heildarskuldir voru 301.552 mkr og eigið fé 224.007 mkr. Vakin er athygli á því að fastafjármunir eru metnir í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar skv. kostnaðarverðsreglu með þeirri undantekningu að Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. nota gangvirðisreglu skv. alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS².

Veltufé frá rekstri nam 31.138 mkr samanborið við 28.879 mkr skv. fjárhagsáætlun. Handbært fé frá rekstri nam 27.750 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 24.049 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 1.805 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 1.750 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar í heildina um 16.830 mkr. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 21.007 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum næmu 23.694 mkr. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar námu 3.589 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 3.330 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 14.501 mkr, þar af voru ný langtímalán 3.002 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að lántökur næmu 14.488 mkr sem aðallega má rekja til frestunar á langtímalántökum hjá Félagsbústöðum hf. og OR. Afborganir langtímalána voru 17.896 mkr en áætlaðar afborganir námu 20.950 mkr.




² International Financial Reporting Standards.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar miðað ársuppgjör síðastliðin 5 ár³.

Samstæða	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárhlutfall	31,5%	31,4%	40,1%	43,1%	42,6%
Arðsemi eigin fjár	-3,4%	-1,8%	5,7%	5,8%	-2,3%
Veltufjárhlutfall	0,91	0,87	0,92	0,93	0,94
Skuldsetningarhlutfall	184,9%	176,3%	120,6%	104,2%	98,1%
Uppgreiðslutími	11	10	9	9	8
Skuldaviðmið skv. sveitarstj.lögum		92,8%	91,6%	91,7%	97,0%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	24%	24%	23%	20%	22%
Framlegð/rekstrartekjur	23%	26%	29%	22%	14%

³ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1.

3. A-hluti



A-hluti (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	91.035	89.539	1.496	1,7%
Laun og launat.gj	49.151	48.094	1.057	2,2%
Breyt. lífeyrisk.b.	14.623	2.311	12.312	532,8%
Annar rekstrark.	35.971	34.852	1.118	3,2%
Afskriftir	4.151	4.100	51	1,2%
Fjármagnsliðir	-775	-804	30	-3,7%
Rekstrarniðurstaða	-13.636	-622	-13.013	2091,1%

mkr yfir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 6.194 mkr eða 214 mkr yfir áætlun. Jöfnunarsjóður breytti um reikningskilaaðferð á árinu og flutti framlög sem áður voru á greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn. Af þeim sökum var úthlutaður 13. mánuðurinn vegna framlaga til málefna fatlaðs fólks og framlaga til sérskóla, samtals 503 mkr. Áætlaðar tekjur vegna hlutdeildar í bankaskatti 302 mkr skiluðu sér hins vegar ekki.

Aðrar tekjur voru 15.556 mkr og voru 686 mkr yfir áætlun. Aðrar tekjur Aðalsjóðs voru 1.089 mkr yfir áætlun og tekjur Eignasjóðs voru 437 mkr undir áætlun og tekjur Bílastæðasjóðs voru 169 mkr yfir áætlun⁴.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A-hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Útsvar, brúttó	61.933	61.279	654	1,1%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-7.507	-7.428	-79	1,1%
Skattbr. niðurfærslur og eftirá álagt útsvar	1.467	1.533	-65	-4,3%
Útsvar, nettó	55.894	55.384	510	0,9%
Fasteignaskattur	12.247	12.213	34	0,3%
Lóðaleiga	1.140	1.092	48	4,4%
Afskrifaðir fasteignaskattar	4	0	4	
Fasteignaskattur, nettó	13.391	13.305	86	0,6%
Samtals skatttekjur	69.285	68.689	596	0,9%

Ársreikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs (AS), Eignasjóðs (ES) og Bílastæðasjóðs (BS).

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri A-hluta á árinu 2015 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 13.636 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 622 mkr. Niðurstaðan var því lakari en gert var ráð fyrir, sem nam 13.013 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 12.861 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 182 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 13.043 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar A-hluta námu 0,3 mkr.

Rekstrartekjur voru 91.035 mkr eða 1.496 mkr yfir áætlun. Útsvar var 510 mkr yfir áætlun, framlög Jöfnunarsjóðs voru 214 mkr yfir áætlun, tekjur af sölu fasteigna og byggingaréttar voru 552 mkr undir áætlun.

Skatttekjur Skatttekjur námu 69.285 mkr og voru 596 mkr yfir áætlun. Útsvarstekjur nettó voru 55.894 mkr eða 510 mkr yfir áætlun eða 0,9%.

Fasteignaskattar voru 13.391 mkr nettó eða 86



⁴ Sjá nánar umfjöllun um Aðalsjóð í kafla 3.2, Eignasjóð í kafla 3.3 og Bílastæðasjóð í kafla 3.4.

Framlag v. þjónustu við fatlað fólk	4.626	4.165	461	11,1%
Jöfnunarsjóður sveitarf., önnur framlög	1.567	1.815	-247	-13,6%
Framlag jöfnunarsjóðs samtals	6.194	5.980	214	3,6%
Þjónustutekjur	8.210	7.030	1.181	16,8%
Eignatekjur	17.285	17.787	-502	-2,8%
Endurgreiðslur annarra	4.818	4.385	434	9,9%
Aðrar tekjur	6.425	6.385	40	0,6%
Söluhagnaður (tap) eigna	958	1.290	-332	
Milliviðskipti tekin út	-22.141	-22.006	-135	0,6%
Samtals aðrar tekjur	15.556	14.870	686	4,6%
Tekjur alls	91.035	89.539	1.496	1,7%

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 83 mkr minna en áætlað var en greiðir 79 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn⁵:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	3.284	3.250	35	1,1%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	4.223	4.178	45	1,1%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	7.507	7.428	79	1,1%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	4.626	4.165	461	11,1%
Framlag vegna sérskóla	1.171	1.085	86	7,9%
Framlag vegna tónlistarskóla	346	349	-4	-1,1%
Hlutdeild í bankaskatti	0	302	-302	-100,0%
Annað	51	79	-27	-34,7%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	6.194	5.980	214	3,6%

Aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Almennar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	1.346	1.459	-113	-7,7%
Sérstakar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	579	597	-18	-3,0%
Samtals aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	1.925	2.056	-131	-6,4%

Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	8.119	8.036	83	1,0%
---	--------------	--------------	-----------	-------------

Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	612	608	4	0,7%
---------------------------------------	------------	------------	----------	-------------

Ef horft er framhjá aukaframlagi Jöfnunarsjóðs, 13. mánuðinum, vegna aðlögunar að annarri reikningskilaaðferð þá væru greiðslur í Jöfnunarsjóð umfram framlög úr honum 1.115 mkr eða 507 mkr hærrí en áætlað hafði verið.

Rekstrargjöld voru 103.896 mkr eða um 14.538 mkr yfir fjárhagsáætlun. Helstu frávik frá rekstrargjöldum í A-hluta má rekja til gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar (14.623 mkr yfir), reksturs gatna (493 mkr yfir), fjárhagsaðstoðar (473 mkr undir) og brúttó húsaleigubóta (310 undir).

Launakostnaður nam 49.151 mkr og var 1.057 mkr yfir fjárheimildum eða 2,2%. Frávik voru mest á Skóla- og frístundasviði og Velferðarsviði.


Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 14.623 mkr og var 12.312 mkr yfir fjárheimildum. Nánari greiningu á lífeyrisskuldbindingu má finna í kafla 3.1.2.

Annar rekstrarkostnaður nam 35.971 mkr og var 1.118 mkr yfir fjárheimildum.

Afskriftir námu 4.151 mkr og voru 51 mkr yfir áætlun.

Nettó fjármagnsgjöld voru 775 mkr eða 29 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Stærstu frávikin lágu í fjármagnstekjuskatti sem var 159 mkr yfir áætlun, gjöldum vegna verðbóta en þau voru 121 mkr undir áætlun vegna lægri verðbólgu á árinu en reiknað var með og vaxtatekjum af skatttekjum 116 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Áætluð lántaka ársins var nokkru fyrr á árinu en áætlað var en á móti vó að ávöxtun á skuldabréfa markaði var betri en búist var við.⁶


Heildareignir voru 154.480 mkr, þar af voru fastafjármunir 136.839 mkr og veltufjármunir 17.641 mkr. Skuldir og skuldbindingar voru 80.702 mkr og eigið fé 73.778 mkr.



⁵ Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins í húsaleigubótum færast undir aðrar tekjur.

⁶ Nánar er fjallað um fjármagnslið A-hluta í kafla 3.2.

Veltufé frá rekstri nam 5.212 mkr samanborið við áætlað 5.178 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 2.702 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 3.428 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 1.784 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 1.750 mkr. **Fjárfestingar** í varanlegum rekstrarfjármunum námu 9.455 mkr. **Fjármögnunarhreyfingar** námu 1.060 mkr innstreymi, þar af voru tekin ný langtímalán 3.063 mkr en afborganir langtímalána námu 1.911 mkr. Lækkun á handbæru fé nam 2.408 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 2.533 mkr lækkun, frávikið má einkum rekja innsteymis fjár vegna uppgreiðslu skulda Jörundar ehf. við Aðalsjóð 1.352 mkr í kjölfar sölu á fasteignum félagsins á síðari hluta ársins.



Handbært fé í lok tímabils var 5.597 mkr.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta miðað ársuppgjör síðastliðin 4 ár:⁷

A-hluti	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárhlutfall		57,9%	58,3%	57,6%	47,8%
Arðsemi eigin fjár		0,2%	3,8%	-3,3%	-15,6%
Veltufjárhlutfall		1,88	1,43	1,31	1,18
Skuldsetningarhlutfall		43,2%	42,0%	43,1%	54,0%
Uppgreiðslutími		5	6	9	8
Skuldaviðmið skv. sveitarstj.lögum		60,4%	63,5%	64,9%	71,3%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum		10%	9%	5%	6%
Framlegð/rekstrartekjur		5%	9%	1%	-10%

Bílástæðasjóður flokkast með A-hluta 2014, samanburðartölur 2012 og 2013 taka mið af því

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:




- Fyrir liggur að Jörundur ehf. hefur selt fasteignir sínar að Lækjargötu og Austurstræti fyrir 1.362 mkr sem gerði félaginu kleift að gera upp skuldir sínar við alla helstu lánardrottna, þar á meðal Aðalsjóð en skuldin við sjóðinn nam 1.190 mkr. Jafnframt var niðurfærð hlutabréfaeign Aðalsjóðs í Jörundi ehf. að fjárhæð 232 mkr og viðskiptakrafa Aðalsjóðs á hendur Jörundi ehf. var niðurfærð um 40 mkr en ekki var áætlað fyrir þessum niðurfærslum.
- Greiðslur A-hluta til ríkisins í formi skatta og framlaga til ríkisins umfram endurgreiðslur og framlög frá ríkinu nam 6.100 mkr, sjá nánar í kafla 3.8 um skattspor Reykjavíkurborgar.
- Sala fasteigna og byggingaréttar var 552 mkr undir áætlun.
- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 473 mkr undir áætlun, þar sem notendum þjónustunnar fækkar milli ára. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 2.868 mkr árið 2015 en var 3.002 mkr árið 2014 eða 134 mkr lægri í ár. Notendum fækkaði um 416 milli ára.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Gjaldfærsla í rekstri A-hluta vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar A-hluta vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var 14,6 mkr eða 12,3 mkr yfir áætlun. Í útkomuspá sem birt var með frumvarpi að fjárhagsáætlun ársins 2016 í borgarstjórn þann 3. nóvember sl. hafði verið gert ráð fyrir að gjaldfærslan gæti orðið um 14 mkr og er niðurstaða ársreiknings í góðu samræmi við þá spá. Lífeyrisréttindi sjóðfélaga í LsRb eru í flestum tilvikum háð launapróun opinberra starfsmanna og því höfðu kjarasamningar ársins mikil áhrif til hækkunar lífeyrisskuldbindingar, eða um u.þ.b. 10,8 mkr. Þá var við mat á skuldbindingunni notast við nýjar tryggingafræðilegar forsendur um lækkun dánartíðni næstu áratuginna sem leiddu til einskiptishækkunar lífeyrisskuldbindingar um u.þ.b. 6,5 mkr. Aðrir liðir höfðu nettó áhrif til lækkunar á skuldbindingu um u.þ.b. 2,6 mkr. Hafa þarf í huga að hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu hefur ekki áhrif á sjóðstreymi ársins, heldur myndar hún skuld sem kemur til greiðslu næstu ár og áratugi. Nánari greiningu á lífeyrisskuldbindingu A-hluta má finna í kafla 3.1.2 í greinargerðinni.
- Veltufé frá rekstri A-hluta var 5,2 mkr eða 5,7% af tekjum A-hluta á árinu 2015 sem var betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í útkomuspá ársins. Veltufé frá rekstri er góður mælikvarði á stöðu grunnrekstrar A-hluta þar sem hann felur ekki í sér reiknaða liði eins og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar eða einskiptistekjur af sölu eigna og byggingarréttar. Fjármálaskrifstofa hefur talið æskilegt að veltufé frá rekstri sé a.m.k. 9% af tekjum og er veltufé frá rekstri ársins 2015 um 3,0 mkr frá þessu markmiði. Í aðgerðaáætlun árána 2016-2018 er gert ráð fyrir að þessu markmiði verði náð árið 2018 og því mikilvægt að forsendur aðgerðaáætlunar gangi eftir næstu misserin.
- Handbært fé A-hluta lækkaði um 2,4 mkr á árinu. Ef ekki hefði notið við sölnunnar á fasteignum Jörundar ehf. hefði handbært fé A-hluta að öðru jöfnu lækkað um 3,8 mkr. Ljóst er að reksturinn þarf að skila meiri fjármunum til fjárfestinga ef viðhalda á sama stigi fjárfestinga til lengri tíma eins og gert er ráð fyrir í aðgerðaáætlun árána 2016-2018.

⁷ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1.

- Áætlaðar tekjur frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð 302 mkr af bankaskatti skiluðu sér ekki. Mikilvægt er að sveitarfélögunum verði bættur sá tekjumissir sem bankaskattinum var ætlað að jafna.
- Halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks nam 1.495 mkr eða 26,8% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþróttá- og tómsundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins. Jöfnunarsjóður breytti um reikningskilaaðferð á árinu og flutti framlög sem áður voru á greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn. Af þeim sökum var úthlutaður 13. mánuðurinn vegna framlaga sem dró úr halla ársins um 413 mkr. Uppsafnaður halli Reykjavíkurborgar á rekstri málaflokki fatlaðs fólks frá flutningi árið 2011 er á þeim forsendum metinn um 2,9 mkr. Endurskoðun á fjármögunun málefna fatlaðs fólks lauk á árinu 2015 og eiga áhrif þess á árinu 2016 væntanlega eftir að draga úr halla á málaflökknum. Mikilvægt er að ljúka samningaviðræðum við ríkið um þá þætti í fjármögnum málefna fatlaðs fólks sem ekki var lokið í endurskoðuninni.
- Fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp til laga um húsnæðisbætur sem á að koma í staðinn fyrir gildandi lög um húsaleigubætur. Stefnt er að því að samþykka það fyrir lok þessa þings. Ef frumvarpið verður samþykkt felur það í sér miklar breytingar m.a. þær að ríkið yfirtekur alfarið almennu húsaleigubæturnar og sveitarfélög fjármagna sérstöku húsaleigubæturnar. Óvíst er um tekjuuppgjör milli ríkis og sveitarfélaga en mikilvægt er að hagsmunir borgarinnar sem stendur undir 69% af sérstökum húsaleigubótum verði ekki fyrir borð bornir.
- Rekstrarniðurstaða Skóla- og frístundasviðs var í 522 mkr yfir fjárheimildum eða 1,3%, Umhverfis- og skipulagssvið var 97 mkr yfir fjárheimildum eða 1,5% og Velferðarsvið án bundinna liða var 219 mkr yfir fjárheimildum eða 1,4%. Þó er vakin athygli á því að innri leiga var undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu sem þýðir að önnur útgjöld voru þeim mun meira yfir fjárheimildum. Mikilvægt er að finna á árinu 2016 leiðir til þess að koma rekstri sviða og stofnana í jafnvægi.



3.1 Lífeyrisskuldbinding A-hluta

Gjaldfærsla í rekstri A-hluta vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2015 var 14,6 makr eða 12,3 makr yfir áætlun. Árin 2010-2014 var gjaldfærsla í rekstri A-hluta um 2,2 makr að jafnaði.

3.1.1. Forsendur

Við mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) ber Reykjavíkurborg að fylgja lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Í 5. gr. laganna kemur m.a. fram að ársreikningur skuli gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé. Í 14. gr. segir m.a. að skuld skuli færð á efnahagsreikning þegar líklegt þykir að til greiðslu hennar komi og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti. Í 27. gr. segir m.a. að færa skuli til gjalda og skuldar fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreinda skuldbindinga, s.s. eftirlaunaskuldbindinga, sem varða reikningsárið eða fyrri ár og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningssskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu.

Mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta er m.a. háð forsendum um dánar- og lífslíkur. Þessar forsendur hafa verið settar fram af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) með þriggja til fimm ára millibili undanfarna áratugi og þær hafa hverju sinni miðast við reynslu undangengins fimm ára tímabils. Í hvert skipti sem félagið hefur gefið út nýjar forsendur um dánar- og lífslíkur hefur dánartíðni lækkað og meðalævi lengst frá síðustu útgáfu, sem hefur leitt til reglubundinna hækkana á metnum skuldbindingum lífeyrissjóða um 1-2% að jafnaði hverju sinni.

Í mars 2015 gáfu tryggingastærðfræðingar út tillögu að nýjum forsendum um dánar- og lífslíkur sem unnar voru skv. nýrri aðferðafræði. Unnin var spá þar sem gert er ráð fyrir stöðugri og reglulegri lækun dánartíðni og lengingu meðalævi næstu áratugina, í samræmi við reynslu undanfarinna áratuga, í stað þess að gera ráð fyrir óbreyttri meðalævi til framtíðar. Spám sem þessari er beitt víðast í Evrópu og hefur tillaga FÍT svipuð áhrif á meðalævi og þær spár sem notaðar eru í nálægum löndum, t.d. Svíþjóð og Hollandi. Tryggingastærðfræðingar samþykktu að beita þessum nýju forsendum við tryggingafræðilega athugun á stöðu lífeyrissjóða fyrir árið 2015. Þannig var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir hefðu svigrúm fram til loka árs 2015 til að bregðast við fyrirséðri hækkun skuldbindinga vegna nýrrar aðferðafræði, s.s. með hækkun lífeyristökuldurs, skerðingu réttinda eða hækkun iðgjalda.

Lífeyrissjóðirnir hafa þegar látið framkvæma mat á áhrifum nýrra forsenda á tryggingafræðilega stöðu þeirra miðað við lok árs 2014 að ósk Fjármálaeftirlitsins. Áhrifin á áfallnar skuldbindingar lífeyrissjóða eru í heild metin til hækkunar um 9,0% eins og kemur fram í 3. tölublaði Fjármála 2015, vefriti Fjármálaeftirlitsins. Í sama tímariti kemur fram að einn lífeyrissjóðanna hafði þegar notað forsendur um lægri dánartíðni við tryggingafræðilega athugun á sjóðnum fyrir árið 2014.

Tillaga tryggingastærðfræðinga að nýjum forsendum um dánar- og lífslíkur var dregin til baka í desember 2015 en þá hafði ekki enn verið gengið frá mótvægisáðgerðum lífeyrissjóða vegna nýrrar aðferðafræði. Við tryggingafræðilega athugun á stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) fyrir árið 2015 er stuðst við gildandi dánar- og eftirlifendatölur frá árinu 2012, sem miðast við reynslu árána 2007-2011. Við mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta vegna LsRb er hins vegar gert ráð fyrir lækun dánartíðni og lengingu meðalævi næstu áratugina í samræmi við tillögu FÍT frá mars 2015.

Það er mat stjórnenda Reykjavíkurborgar að nýjar forsendur um dánar- og lífslíkur gefi gleggri mynd af skuldbindingu A-hluta í lok árs 2015 en eldri forsendur. Nýjar forsendur gera ráð fyrir að stöðug og regluleg lenging meðalævi undanfarinna áratuga haldi áfram í stað þess að gera ráð fyrir að meðalævi haldist óbreytt frá tímabilinu 2007-2011. Þessar forsendur samræmast ágætlega þeim forsendum sem notaðar eru í nágrannalöndum okkar og þær hafa þegar verið nýttar við tryggingafræðilega athugun á einum lífeyrissjóði. Einnig hefur áhrif á mat stjórnenda Reykjavíkurborgar að Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar er lokaður sjóður og óheimilt er að breyta réttindum og skyldum í sjóðnum, sem þýðir að væntar mótvægisáðgerðir vegna nýrra forsenda um dánar- og lífslíkur munu hafa ekki áhrif á tryggingafræðilegt uppgjör LsRb.

Með vísan til ársreikningalaga telja stjórnendur Reykjavíkurborgar að taka beri tillit til skuldbindingar A-hluta vegna lengingu meðalævi í ársreikningi ársins 2015, enda er skuldbindingin áfallin í árslok, hana má meta með áreiðanlegum hætti með því að nota þekktar forsendur sem unnar eru skv. alþjóðlegri aðferðafræði og að mati stjórnenda gefa þessar forsendur gleggri mynd af fjárhagsstöðu A-hluta í árslok en eldri forsendur sbr. umfjöllun að framan.

Í tryggingafræðilegri athugun á fjárhag LsRb er eins og áður segir stuðst við eldri forsendur um dánartíðni, enda er sú athugun framkvæmd skv. sérstökum lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og sérstakri reglugerð nr. 391/1998. Þó er á það bent að skv. 22. gr. reglugerðarinnar er heimilt að víkja frá staðalforsendum við tryggingafræðilega athugun á lífeyrissjóði ef tryggingastærðfræðingur telur það gefa réttari mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins vegna sérstakra aðstæðna í honum. Í því tilviki skal greina frá því til samanburðar hverjar niðurstöðurnar yrðu ef staðalforsendur væru lagðar til grundvallar. Þótt þessi heimild hafi ekki verið nýtt við tryggingafræðilega athugun á LsRb fyrir árið 2015 hvað varðar nýjar forsendur um dánar- og lífslíkur virðist hún geta átt við þar sem LsRb er lokaður sjóður og því frábrugðinn lífeyrissjóðnum sem vinna nú að mótvægisáðgerðum vegna nýrrar aðferðafræði.

Áhrif af forsendum um lækkun dánartíðni á lífeyrisskuldbindingu A-hluta og A- og B-hluta eru til hækkunar um 6.509 mkr. Að mati stjórnenda Reykjavíkurborgar væri skuldbindingin vanmetin sem þessu nemur ef miðað væri við dánar- og lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2007-2011 og ekki reiknað með vaxandi lífslíkum til framtíðar.

Við mat á skuldbindingu A-hluta hefur einnig verið tekið tillit til kjarasamninga sem samþykktir voru á síðasta ársfjórðungi 2015 en ekki er tekið tillit til í tryggingafræðilegri athugun á fjárhag lífeyrissjóðsins. Þar er aftur um að ræða skuldbindingu sem er áfallin í árslok 2015 og meta má með áreiðanlegum hætti með því að notast við þekktar breytingar á vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn. Áhrif þessara breytinga á lífeyrisskuldbindingu A-hluta og A- og B-hluta eru til hækkunar um 1.580 mkr.

Mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta var unnin af tryggingastærðfræðingi LsRb á sama hátt og formleg tryggingafræðileg athugun sjóðsins með framangreindum breytingum á forsendum. Skuldbindingin greinist þannig:

<i>mkr</i>	A-hluti	A- og B-hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2015	15.081	15.626
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	-1.784	-1.805
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu skv. tryggingafræðilegu uppgjöri LsRb	6.535	6.578
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu vegna breyttra forsenda um kjarabreytingar	1.580	1.580
	21.411	21.979
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu vegna breyttra forsenda um dánartíðni	6.509	6.509
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2015	27.920	28.488

3.1.2. Niðurstaða ársins

Í meðfylgjandi töflu er sýnt hvernig rekja má gjaldfærslu í rekstri A-hluta vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2015 til helstu áhrifaþátta sbr. framangreindar forsendur⁸. Í töflunni sést að brúttó skuldbinding hækkaði á árinu um u.þ.b. 14,9 mkr meðan eignir hækkuðu aðeins um u.þ.b. 2,3 mkr.

Lífeyrisréttindi sjóðfélaga í LsRb eru í flestum tilvikum háð launaþróun opinberra starfsmanna og því höfðu kjarasamningar ársins mikil áhrif til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu eða um u.þ.b. 10,8 mkr. Ávöxtun eigna sjóðsins var á sama tíma heldur minni, eða um 5,6 mkr, sem var m.a. vegna lágrar verðbólgu á árinu þó að góð ávöxtun á hlutabréfamarkaði hafi vegið þar á móti eins og nánar er rakið hér á eftir. Tryggingafræðilegt endurmat eigna sjóðsins hafði neikvæð áhrif á breytingu nettó skuldbindingar A-hluta um 1,6 mkr, sem má aðallega rekja til lækkunar á virði Landsvirkjunarbréfanna svokölluðu vegna lækkunar ávöxtunarkröfu HFF34-flokksins á skuldabréfamarkaði.

Kjarahækkanir ársins 2015 samfara lágru verðbólgu og óhagstæðu endurmati eigna eru þannig önnur meginþing óvenjuhárrar gjaldfærslu. Hin meginþingin eru áhrif af breyttum forsendum um dánar- og lífslíkur sjóðfélaga, sem gera ráð fyrir lækkun dánartíðni og lengingu meðalævi til framtíðar sbr. framangreint, sem juku skuldbindingu A-hluta í árslok um u.þ.b. 6,5 mkr.

Í útkomuspá sem birt var með frumvarpi að fjárhagsáætlun ársins 2016 í borgarstjórn þann 3. nóvember sl. hafði verið gert ráð fyrir að gjaldfærsla í rekstri A-hluta vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2015 gæti orðið um 14 mkr. Þar af var gert ráð fyrir að gjaldfærsla vegna reglulegra þátta eins og launa-, verðlags- og vaxtaþróunar og magnbreytinga næmi um 8 mkr og gjaldfærsla vegna breyttra forsenda um dánar- og lífslíkur næmi um 6 mkr. Tölurnar voru rúnaðar vegna óvissu við matið. Niðurstaða ársreiknings samræmist vel þessari útkomuspá, þar sem gjaldfærsla í rekstri A-hluta reyndist alls 14,6 mkr eins og áður segir, þar af 8,1 mkr vegna reglulegra þátta og 6,5 mkr vegna breytinga á forsendum um dánar- og lífslíkur.

Skuldbinding (mkr)	
Hækkun vegna kjarasamninga	10,8
Hækkun vegna verðlags	0,2
Magnbreyting v. nettó lífeyrisgreiðslna	-3,1
Rekstrarkostnaður sjóðsins	0,5
Nýjar forsendur um lækkun dánartíðni	6,5
Breyting á skuldbindingu	14,9
Eignir (mkr)	
Nettó lífeyrisgreiðslur ársins	-1,4
Ávöxtun sjóðsins	5,6
Endurmat verðbréfa sjóðsins	-1,6
Fjárfestingakostnaður sjóðsins	-0,3
Breyting á eignum	2,3
Breyting á skuldbindingu	14,9
Breyting á eignum	2,3
Breyting á nettó skuldbindingu A-hluta	12,6
Breyting á nettó skuldbindingu	12,6
Greiddur lífeyrir ársins	1,8
Skekkjuleiðrétting	0,2
Gjaldfærsla í rekstri A-hluta	14,6

Gjaldfærsla vegna reglulegra þátta	8,1
Gjaldfærsla vegna lækkunar dánartíðni	6,5
Gjaldfærsla í rekstri A-hluta	14,6

⁸ Vakinn er athygli á því að tölurnar í töflunni eru nálganir og því myndast skekkja í reikningunum sem leiðrétt er í sérstökum lið neðst í töflunni. Þessi skekkja er óveruleg þegar horft er til þess að brúttó skuldbinding lífeyrissjóðsins er um 97,5 mkr skv. framangreindum forsendum og skekkjan því aðeins um 0,2% af brúttó skuldbindingu.

Hækkun vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn reyndist nokkuð meiri en gert hafði verið ráð fyrir í útkomuspá, eða 11,8% í stað 10,0%. Metin áhrif þessa fráviks eru um 1,5 mkr til hækkunar á skuldbindingu. Á móti var nafnávöxtun eigna sjóðsins heldur hærri en gert hafði verið ráð fyrir, eða 8,4% í stað 6,2%, sem skýrist aðallega af miklum gengishækkunum á hlutabréfamarkaði á árinu (OMX18-hlutabréfavísitalan hækkaði um rúm 43%). Metin áhrif til lækkunar á nettó skuldbindingu eru um 1,4 mkr og þannig vó jákvætt frávik vegna ávöxtunar eigna upp neikvætt frávik vegna launahækkana umfram forsendur útkomuspár. Metinn kostnaður vegna rekstrar og fjárfestinga lífeyrissjóðsins til framtíðar jókst töluvert milli ára, eða um 0,8 mkr, en í útkomuspá hafði gert verið ráð fyrir óverulegri breytingu á þessum kostnaði. Áhrif af breyttum forsendum um dánar- og lífslíkur voru aðeins meiri en gert hafði verið ráð fyrir en aðrar forsendur, s.s. um áhrif lækkunar ávöxtunarkröfu HFF34-flokksins á virði Landsvirkjunarbréfa, gengu að mestu eftir.

Hér verður að hafa í huga að brúttó lífeyrisskuldbinding LsRb, án tillits til eigna sjóðsins, er um 97,5 mkr og eignir sjóðsins um 69,2 mkr skv. framangreindum forsendum. Því er frávik raungjaldfærslu frá útkomuspá lítið þegar horft er til undirliggjandi stærða. Gjaldfærsla í rekstri A-hluta vegna hækkunar lífeyrisskuldbindingar er mjög næm fyrir breytingum helstu áhrifapátta og því þarf lítið til að gjaldfærslan víki jafnvel nokkrum milljörðum frá því sem áætlað var.

Nánari greiningu á lífeyrisskuldbindingu A-hluta vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og forsendum útkomuspár ársins 2015 má finna í minnisblaði fjármálastjóra til borgarráðs um skuldbindinguna, dags. 15. desember 2015.

3.2 Fjármagnsliður A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2015 (í mkr)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	400	337	63
Vaxtatekjur af skatttekjum	116	0	116
Aðrar vaxtatekjur	96	0	96
Vaxta- og verðb. tekjur frá B-hluta	538	603	-65
Dráttarvaxtatekjur	95	75	20
Tekjur af ábyrgðargjaldi	660	617	43
Arður	141	195	-54
Fjármunatekjur samtals	2.047	1.827	220
Vaxtagjöld	-1.695	-1.602	-92
Verðbætur nettó	-781	-902	121
Dáttarvaxtagjöld	-3	0	-3
Gengismunur nettó	-15	-2	-14
Fjármagnstekjuskattur	-284	-125	-159
Lántökukostnaður	-44	0	-44
Fjármagnsgjöld samtals	-2.822	-2.631	-190
Samtals	-775	-804	29

Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Bílastæðasjóðs.

Fjármagnsliður A-hluta var á árinu 2015 neikvæður um 775 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 804 mkr. Fjármagnsliður A hluta var því 29 mkr betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Markaðsaðstæður voru betri en áætlun gerði ráð fyrir bæði vegna betri ávöxtunar á skuldabréfamarkaði og lægri verðbólgu. Lántaka ársins fór fram á fyrsta ársfjórðungi sem þýðir að vaxtagjöld vegna lántöku voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Lausafjárstaða (mkr)	31.12.2015	Meðaláv. á ársgrv.
Innlán í bönkum	1.792	4,45%
Ríkisbréf	3.603	6,71%
Innlán í erl. mynt	202	0,10%
Samtals	5.597	

Lausafjárstyring Handbært fé A-hluta í árslok var 5.597 mkr.


Gert var ráð fyrir lækun á handbæru fé á á árinu 2015 skv. fjárhagsáætlun og það yrði 4.694 mkr í árslok. Raunin varð heldur betri sem að mestu má rekja til sölu á fasteignum Jörundar ehf. á síðari hluta ársins sem nam 1.352 mkr.

Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.

Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í árslok námu 3.603 mkr og nam ávöxtun frá áramótum 259 mkr eða 6,71%. Undir lok árs var selt úr safninu fyrir 1.895 mkr. sem varð til þess að greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu var nokkru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í kafla 2 í greinargerð með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 var sett fram markmið um að ávöxtun á handbæru fé skyldi vera 350 mkr á árinu 2015. Myndin hér til hliðar sýnir ávöxtun á handbæru fé (að frádregnum kostnaði) í samanburði við markmið ársins. Markmiði um ávöxtun er skipt jafnt niður á hvern mánuð ársins. Ávöxtun skuldabréfasafns borgarinnar var rétt yfir áætlun ársins en heldur meira var tekið af yfirdráttarlánum á árinu en gert var ráð fyrir í upphaflegum áætlunum og því voru greidd vaxtagjöld vegna þeirra hærri en gert var ráð fyrir. Ávöxtun handbærs fjár á árinu var því rúmum 6 mkr undir markmiði ársins.

Uppsöfnuð ávöxtun handbærs fjár m.v. uppsafnað markmið (mkr)



Lán til B hluta fyrirtækja eru sýnd í meðfylgjandi töflu. Gengið var frá sölu Jörundar ehf. á árinu og skuldabréf við Reykjavíkurborg greitt upp. Afborgun af eigendaláni til OR frá árinu 2011 hefst á árinu 2016.

Staða á kröfum gagnvart B-hluta (mkr)	31.12.2015	Vextir	Lokagjaldldagi
Eigendalán til OR 2011	8.817	4,25%	2026
Eigendalán til OR 2013	3.973	3,05%	2028
Samtals	12.790		

Lánastýring Reykjavíkurborg getur gefið út skuldabréf í verðtryggðum skuldabréfaflokki RVK 53 1 og í nýjum óverðtryggðum skuldabréfaflokki RVKN 35 1 sem eru báðir skráðir í kauphöll. Viðskiptavakt á eftirmarkaði er á RVK 53 1 auk skuldabréfaflokksins RVK 19 1

Staða innlendra lána (mkr)	Nafnvextir	Virkir vextir	31.12.2015	31.12.2014	Lokagjaldldagi
Skuldabréf útgefin 1996 - RVK 96	5%	5%	1.499	1.714	2021
Skuldabréf útgefin 2009 - RVK 53 1	4,40%	3,95%	23.250	22.554	2053
Skuldabréf útgefin 2012 - RVK 19 1	1,95%	2,12%	1.573	1.963	2019
Skuldabréf útgefin 2015 - RVKN 35 1	6,72%*	6,83%	1.658	0	2035
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	3,30%	3,30%	513	629	2019
Annað			511	372	
Samtals			29.002	27.233	

*óverðtryggðir vextir

(sem er lokaður flokkur) og annast fjórar fjármálastofnanir þá vakt. Engin viðskiptavakt er með RVKN 35 1 en stefnt er að því að vakt verði með bréfin í framtíðinni. Verðtryggðir vextir safnsins voru 3,85% að meðaltali árið 2015 og óverðtryggðir voru 6,83%.

Erlend lántaka borgarsjóðs Erlend lán hafa verið greidd upp.


3.2.1 Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Hann hefur verið metinn á um 280 mkr fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Reykjavíkurborg gaf út nýjan óverðtryggðan skuldabréfaflokk RVKN 35 1 á árinu. Kostir útgáfunnar eru einkum þekkt greiðsluflæði, hagstæð vaxtakjör ásamt því að borgin hefur nú tvo flokka til að bjóða út í.

3.3 Aðalsjóður



Aðalsjóður (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	92.152	90.219	1.933	2,1%
Laun og launat.gj.	47.325	46.274	1.051	2,3%
Hækkun lífeyrissk.b	14.573	2.300	12.273	533,6%
Annar rekstrark.	52.789	52.505	284	0,5%
Fjármagnsliðir	4.282	4.966	-684	-13,8%
Rekstrarniðurstaða	-18.252	-5.894	-12.358	209,7%

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 18.252 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 5.894 mkr og var niðurstaðan því um 12.358 mkr lakari en áætlað var sem einkum má rekja til hækkunar lífeyrisskuldbindingar á árinu.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Aðalsjóðs á árinu 2015 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 92.152 mkr eða 1.933 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 70.831 mkr eða 630 mkr yfir áætlun og tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 6.194 mkr eða 214 mkr yfir áætlun.⁹

Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 15.127 mkr og voru 1.089 mkr yfir áætlun. Mestu frávikin má finna á Skóla- og frístundasviði sem var 431 mkr yfir áætlun í tekjum og Íþrótt- og tómstundasviði sem var 267 mkr yfir áætlun. Önnur frávik voru minni. Nánari umfjöllun um frávik tekna er að finna í umfjöllun um hvert svið hér á eftir.


Rekstrargjöld voru 114.687 mkr eða 13.607 mkr yfir fjárheimildum. Launakostnaður var 47.325 mkr eða 1.051 mkr yfir fjárheimildum eða 2,27%. Það má einkum rekja frávikin í launakostnaði Skóla- og

frístundasviðs 354 mkr yfir fjárheimildum, einkum vegna sérkennslu í leikskólum og Velferðarsviðs 314 mkr yfir fjárheimildum. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 14.573 mkr og var 12.273 mkr yfir fjárheimildum. Lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs í árslok 2015 nam 52.998 mkr en nam í árslok 2014 42.597 mkr sem er hækkun um 10.401 mkr. Nettóskuldbinding Aðalsjóðs að teknu tilliti til eigna, aðallega skuldabréfs vegna sölu á hlut í Landsvirkjun, var í árslok 27.654 mkr en var í árslok 2014 um 14.852 mkr. Nánari greiningu á lífeyrisskuldbindingu má finna í kafla 3.1.2. Annar rekstrarkostnaður var 52.789 mkr eða 284 mkr yfir fjárheimildum¹⁰. Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu 0,2 mkr.

Nettó fjármunatekjur voru 4.282 mkr eða 684 mkr undir áætlun. Vaxtatekjur og verðbætur voru 495 mkr undir áætlun, aðallega vegna lægri verðbólgu á árinu en verðbætur voru 729 mkr undir áætlun. Á móti komu 116 mkr vaxtatekjur af skatttekjum sem ekki var áætlað fyrir og að ávöxtun skuldabréfasafnsins var um 86 mkr betri á árinu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Arður af eignahlutum var 54 mkr undir áætlun og tekjur af ábyrgðargjaldi voru 43 mkr yfir áætlun en á móti vó að greiddur fjármagnstekjuskattur var 153 mkr hærri en áætlað var.

Heildareignir voru 72.477 mkr, þar af fastafjármunir 54.093 mkr og veltufjármunir 18.384 mkr. **Skuldir og skuldbindingar** voru 39.169 mkr og eigið fé 33.307 mkr. **Eigið fé** lækkar úr 51.735 mkr í ársbyrjun í 33.307 mkr í árslok. Þessi hækkun skýrist af rekstrarniðurstöðu ársins ásamt leiðréttingu á áföllu orlofi frá fyrra ári að fjárhæð 175 mkr sem kom til lækkunar eigin fjár.

Veltufé frá rekstri var neikvætt um 4.479 mkr. Handbært fé í árslok nam 5.283 mkr.



⁹ Sjá umfjöllun frammar í kafla 3 um A-hluta.

¹⁰ Sjá nánari umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.


Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Fyrirliggur að Jörundur ehf. hefur selt fasteignir sínar að Lækjargötu og Austurstræti fyrir 1.362 mkr sem gerði félaginu kleift að gera upp skuldir sínar við alla helstu lánardrottna, þar á meðal Aðalsjóð en skuldin við sjóðinn nam 1.190 mkr. Jafnframt var niðurfærð hlutabréfaeign Aðalsjóðs í Jörundi ehf. að fjárhæð 232 mkr og viðskiptakrafa Aðalssjóðs á hendur Jörundi ehf. var niðurfærð um 40 mkr en ekki var áætlað fyrir þessum niðurfærslum.
- Athygli er vakin á að innri leiga var um 171 mkr eða 1,3% undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu á árinu en áætlað var sem þýðir að aðkeyptur annar rekstrarkostnaður var 455 mkr yfir fjárheimildum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Áætlaðar tekjur frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð 302 mkr af bankaskatti skiluðu sér ekki. Mikilvægt er að sveitarfélögunum verði bættur sá tekjumissir sem bankaskattinum var ætlað að jafna.

3.4 Eignasjóður



Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs reyndist jákvæð um 4.379 mkr sem var 799 mkr lakara en áætlað var. Helstu skýringar þess má rekja til tekna af sölu fasteigna og byggingaréttar sem reyndust 552 mkr undir áætlun. Auk þess var annar rekstrarkostnaður 991 mkr umfram fjárheimildir en á móti kom að nettó fjármagnskostnaður var 713 mkr undir áætlun.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Eignasjóðs í samanburði við fjárheimildir á árinu 2015. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstaðna m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 21.549 mkr eða 437 mkr undir áætlun.

Leigutekjur voru 16.738 mkr eða 580 mkr undir áætlun, þar af voru leigutekjur af gatnakerfi 11 mkr undir áætlun og innri leiga fasteigna 576 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 4.811 mkr og voru 143 mkr umfram áætlun sem skýrist að mestu af því að tekjur af sölu fasteigna og byggingarréttar voru 552 mkr undir áætlun en á móti kom að tekjur vegna reksturs gatna voru 491 mkr umfram áætlun þá einkum vegna vetrarþjónustu.

Rekstrargjöld voru 12.114 mkr eða 1.076 mkr yfir fjárheimildum.

Eignasjóður (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	21.549	21.986	-437	-2,0%
Laun og launat.gj.	1.613	1.590	23	1,5%
Annar rekstrark.	6.426	5.435	991	18,2%
Afskriftir	4.075	4.013	62	1,5%
Fjármagnsliðir	-5.057	-5.770	713	-12,4%
Rekstrarniðurstaða	4.379	5.178	-799	-15,4%

Launakostnaður var 1.613 mkr eða 23 mkr umfram fjárheimildir sem skiptist þannig að Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar var 17 mkr umfram fjárheimildir og Umhverfis- og skipulagssvið liðlega 6 mkr umfram fjárheimildir¹¹.

Annar rekstrarkostnaður var 6.426 mkr sem var 991 mkr yfir fjárheimildum. Þar af var Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar 247 mkr yfir fjárheimildum og Umhverfis- og skipulagssvið 744 mkr yfir fjárheimildum¹².

Nettó fjármagnsgjöld voru 5.057 mkr eða 713 mkr undir fjárheimild og helgast að stærstum hluta af lægri verðbólgu en áætlað var eða sem nemur 850 mkr.

Heildareignir námu 119.145 mkr, þar af námu fastafjármunir 115.295 mkr og veltufjármunir 3.850 mkr.¹³

Heildarskuldir voru 79.684 mkr. Langtímaskuldir námu 72.838 mkr og skammtímaskuldir voru 6.846 mkr í árslok.

Eigið fé hækkar úr 35.138 mkr í ársbyrjun í 39.461 mkr í árslok. Þessi hækkan skýrist af rekstrarniðurstöðu ársins og lækkan vegna leiðréttingu á áföllnu orlofi að fjárhæð 55,6 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 9.327 mkr í árslok og handbært fé var 313 mkr.

3.4.1 Fjárfestingar Eignasjóðs

Fjárfestingar námu alls 8.868 mkr sem var 98% af framkvæmdaáætlun ársins. Gert var ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 9.049 mkr og voru framkvæmdir því 227 mkr lægri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Nettó fjárfesting tímabilsins að teknu tilliti til tekna af gatnagerðargjöldum og án leigueigna nam 6.649 mkr.

¹¹ Sjá nánar umfjöllun um hvorn rekstrarhluta fyrir sig.

¹² Sjá nánar umfjöllun um hvorn rekstrarhluta fyrir sig.

¹³ Um breytingar á fastafjármunum er fjallað nánar um í kafla 3.3.1 um fjárfestingar hér að neðan

Fjárfestingar Eignasjóðs (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Fasteignir og stofnbúnaður	3.151	3.027	124	4,1%
Samgöngumannvirki	2.829	3.315	-486	-14,7%
Annað	2.842	2.707	135	5,0%
Samtals fjárfesting - brúttó	8.822	9.049	-227	-2,5%
Leigugeignir	610	0	610	
Fjárfesting sbr. sjóðstreymi	9.432	9.049	518	4,2%
Gatnagerðargjöld	-2.219	-2.040	-179	8,8%
Samtals fjárfesting - nettó	7.213	7.009	204	2,9%

Keyptar fasteignir og lóðir árið 2015 (mkr)	Kaupverð
Geldinganes, 70 ha landsvæði	103.471
Gufunes, lóð	219.450
Eiðsvík, lóðir	23.371
Skriða	47.500
Varmidalur, land	312.000
Kaupverð samtals:	705.792

Seldar fasteignir og lóðir árið 2015 (mkr)	Söluverð
Amtmannsstígur 5a	91.000
Álfabakki 14a	83.050
Skriða	37.250
Úlfjótsskáli - þriðjungs eignarhlutur	18.648
Söluverð samtals:	229.948

Fasteignir og stofnbúnaður Kostnaður við byggingafrankvæmdir nam 3.151 mkr sem var um 124 mkr umfram áætlun, þar af voru 116 mkr vegna Klettaskóla og 25 mkr vegna grunnskóla við Úlfarsbraut en í báðum tilvikum gengu frankvæmdir hraðar en áætlað hafið verið.

Samgöngumannvirki Kostnaður við gatnafrankvæmdir nam 2.829 mkr sem var um 85% af áætlun ársins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 2.219 mkr eða 9% umfram áætlun ársins.

Áhöld, tæki og nýr hugbúnaður Fjárfestingar námu 990 mkr sem er 15% undir áætlun ársins.

Lóðir, lönd og skipulagseignir nam 779 mkr eða 346 mkr yfir fjárheimildum.

Endurbætur, meiriháttar viðhald og sérstök átaksverkefni Fjárfestingar námu 1.118 mkr sem er um 1% umfram áætlun ársins.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Eignarsjóðs.


Lykiltölur úr rekstri - ES	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-15
Úthlutun og sala byggingaréttar (íbúðir)*	-14	-6	201	130	115	-11,5%
Götur - lengd (km)	515	516	517	517	516	-0,2%
Götur - yfirborð (m ²)	4.404.000	4.461.000	4.452.000	4.452.361	4.445.484	-0,2%
Göngu- og hjólreiðastígar - lengd (km)	766	776	785	795	802	0,9%
Göngu- og hjólreiðastígar - yfirborð (m ²)	2.021.000	2.037.000	2.067.000	2.095.804	2.108.885	0,6%

* Tölurnar sýna nettólóðaúthlutun, mismun á fjölda lóða (talið í íbúðum) sem hefur verið úthlutað og þeim sem hefur verið skilað eða verið afturkallaðar.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Athygli er vakin á verðbólga hafði töluverð áhrif á Eignasjóð, annars vegar voru leigutekjur vegna innri leigu 576 mkr lægri en áætlað var en á móti kom að verðbætur fjármagnsliðar voru 851 mkr jákvæðari en áætlað var.
- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.
- Sala fasteigna og byggingaréttar var 552 mkr undir áætlun.
- Vetrarþjónusta sem 464 mkr yfir áætlun, bæði tekju- og gjaldamegin.
- Viðhald fasteigna var 105 mkr yfir fjárheimildum.

3.5 Bílastæðasjóður



Bílastæðasjóður (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.020	851	169	19,9%
Laun og launat.gj.	213	230	-17	-7,2%
Hækkun lífeyrisk.b	50	11	39	353,1%
Annar rekstrark.	444	430	14	3,2%
Afskriftir	76	87	-11	-12,7%
Fjármagnsliðir	0	0	0	0,0%
Rekstrarniðurstaða	238	94	144	154,3%

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 238 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 94 mkr og var niðurstaðan því 144 mkr betri en áætlað var.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Bílastæðasjóðs árið 2015 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 1.020 mkr eða 169 mkr yfir áætlun eða 20%. Rekstrartekjur jukust um 18% frá fyrra ári. Tekjur vegna stöðu- og miðamæla jukust um 8,2% á milli ára og tekjur af bílastæðahúsum jukust um 43,7% sem má skýra með aukinni notkun skammtímagesta sem og gjaldskrárhækkun 1. apríl síðast liðinn, en gjaldskráin var síðast hækkuð árið 2000. Tekjur vegna aukastöðugjalda hækkðu um 2,6% og stöðubrotagjalda um 62,3%.

Rekstrargjöld voru 783 mkr og 25 mkr yfir fjárheimildum. Til samanburðar námu rekstrargjöld árið 2014 679 mkr. Launakostnaður var 17 mkr undir áætlun og hefur undanfarin ár verið talsvert undir áætlun. Það má skýra með viðvarandi starfsmannaveltu sem hefur leitt til þess að ekki hefur tekist að fjölga starfsmönnum jafnhliða útvíkkun starfssvæða sjóðsins. Ástæða

starfsmannaveltu má m.a. skýra með erfiðu starfsumhverfi og lágum launum. Hækkun **lífeyrisskuldbindingar** nam 50 mkr og var 39 mkr hærri en áætlað var, sjá nánar í kafla 3.1.2.

Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 82 þúsund kr.

Heildareignir námu 2.368 mkr, hækkun var 13% frá áramótum. Fastafjármunir námu 1.471 mkr og veltufjármunir námu 897 mkr.

Heildarskuldur námu 297 mkr og skiptast skuldarnar í lífeyrisskuldbindingar að fjárhæð 226 mkr og skammtímaskuldur að fjárhæð 71 mkr, engar **langtímaskuldur** voru til staðar á árinu. **Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags** námu 850 mkr vegna byggingar bílakjallara í Hörpu.


Eigið fé hækkaði úr 1.808 mkr í ársbyrjun í 2.071 mkr í lok tímabils, þessi hækkun skýrist af rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 364 mkr. Handbært fé í árslok nam 0,4 mkr.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða tímabilsins var 181% hærri en áætlun gerði ráð fyrir og 40% hærri en árið 2014. Tekjurnar hækkðu um 18% milli ára en rekstrargjöldin hækkðu um 12% milli ára.
- Vakin er athygli á skuldbindingum Bílastæðasjóðs utan efnahags vegna bílakjallara Hörpunnar um 850 mkr.

3.6 Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta



2015.

Innkaup Reykjavíkurborgar á **matvælum** árið 2015 voru um 2,0 mkr þar af voru innkaup Skóla- og frístundasviðs (SFS) rúmir 1,3 mkr. Frá árinu 2008 hefur hlutfall SFS í innkaupum á matvælum verið um **70%** af heildarinnkaupum vöruflöksins innan Aðalsjóðs.

Innkaupadeild hefur gert **rammasamninga** um alla helstu vöruflökka sem tengjast almennum innkaupum á vörum og þjónustu þvert á svið. Vöruverð í rammamningum á að gefa heildinni kost á góðum kjörum hvort sem eining er lítil eða stór. Að ákveðnum forsendum uppfylltum er heimilt er að beita svokölluðum **órútbodum** innan rammamninga og hefur þeirri aðferð verið beitt við innkaup á matvælum og vörum tengdum upplýsingatækni. Öll órútbodin hafa skilað umtalsvert betri kjörum heldur en lægstþjóðandi bauð í sjálfu rammamningsútbodinu. Helstu ástæður þess er skipulagning innkaupa, stærðarhagkvæmni og lækkun viðskiptakostnaðar.

Á töflunum hér til hliðar má sjá **heildarumfang** innkaupanna brotið niður á hvern sjóð fyrir sig. Heildarhækkun innkaupakostnaðar í **Aðalsjóði** nam um 3,7% milli ára. Í Aðalsjóði hefur þjónustukostnaður hækkað mest eða um 4,6% á milli ára en þar vó þýngst innkaup á matvælum en sá kostnaður hækkaði um rúm 10% milli ára.

Innkaupakostnaður **Eignasjóðs** hækkaði um 0,3% á milli ára.

Kostnaður **Bílastæðasjóðs** hækkar um 4,2% á milli ára.

Innkaupagreining Innkaup á vörum og þjónustu A-hluta samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði.

Innkaupagreiningu er ætlað að veita yfirsýn á einfaldan hátt hvernig innkaupum borgarinnar á vörum og þjónustu er háttað og sjá þróun innkaupa í þessum flokkum hjá borginni á milli ára. Innkaupagreining varpar ljósi á þau tækifæri sem liggja í miðlægum innkaupum, auk þess að meta áhrif af miðlægum innkaupasamningum. Þá er hægt að sjá hversu mikið af **rekstrarfé** borgarinnar fer í aðföng og þjónustu. Allar tölur í innkaupagreiningunni eru settar fram á **verðlagi hvors árs** í mkr.

Myndin sýnir heildarveltu sjóðanna sem standa fyrir A-hluta og þá flokka sem vega mest í heildarinnkaupum A-hluta. Kostnaður við innkaup á matvælum hækkaði um tæp 11%, innkaup á sérfræðiþjónustu óx um rúm 9% og innkaup á tölvum og fjarskiptaþjónustu hækkuðu um tæp 6%.

Vísitala neysliverðs á tímabilinu hækkaði úr 419,3 stigum í 430,8 stig eða um 2,7% á tímabilinu janúar 2015 til desember

A-hluti	2015	2014	Breyting
Þjónustukostnaður	3.711	3.539	4,9%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7.002	6.765	3,5%
Húsnæðiskostnaður	3.063	3.091	-0,9%
A hluti samtals	13.776	13.395	2,8%

Aðalsjóður	2015	2014	Breyting
Þjónustukostnaður	3.316	3.171	4,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4.972	4.827	3,0%
Húsnæðiskostnaður	2.016	1.941	3,9%
Aðalsjóður samtals	10.305	9.939	3,7%

Eignasjóður	2015	2014	Breyting
Þjónustukostnaður	378	354	6,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.938	1.845	5,0%
Húsnæðiskostnaður	995	1.102	-9,7%
Eignasjóður samtals	3.310	3.301	0,3%

Bílastæðasjóður	2015	2014	Breyting
Þjónustukostnaður	18	13	33,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	92	93	-1,5%
Húsnæðiskostnaður	52	48	7,2%
Bílastæðasjóður samtals	161	155	4,2%

Þjónustukostnaður (kjarnastarfsemi)		
Undirflokkur	2015	2014
Bækur, kennsluefni og leikföng	249	265
Matvæli	2.019	1.824
Vörukaup	186	215
Önnur innkaup	74	90
Akstur og vélaleiga	1.033	1.003
Ferðir og viðburðir	93	89
Tryggingar og bætur	58	53
Samtals	3.711	3.539

Í töflu **skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar** er A-hlutinn brotinn niður til að hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli ára. Flokkurinn dregur saman þá þætti sem tengjast upplýsingatækni, stoðþjónustu, kynningu og rekstri. Heildarhækkun nam 3%.

Húsnæðiskostnaður		
Undirflokkur	2015	2014
Leiga	47	49
Viðhald og framkvæmdir	666	754
Rekstur húsnæðis	1.298	1.316
Ræsting og sorp	1.051	972
Samtals	3.063	3.091

Á meðfylgjandi töflu má sjá **þjónustukostnað** (kjarnastarfsemi) A-hluta brotinn niður svo hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli ára. Undir flokknum þjónustukostnaður falla þættir sem búið er að flokka sem beinan kostnað við veitingu þjónustu borgarinnar. Samanlögð heildarhækkun á flokknum þjónustukostnaður var tæplega 5%.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Undirflokkur	2015	2014
Rekstur skrifstofu	938	1.126
Banka og fjármálaþjónusta	416	401
Auglýsingar og kynningar	191	189
Prentun	100	91
Sérfræðiþjónusta	2.531	2.315
Tölvur og fjárskipti	2.022	1.909
Ferðakostnaður	108	70
Starfsmannakostnaður	409	364
Risna, gjafir, verðlaun ofl.	30	33
Annar kostnaður	255	268
Samtals	7.002	6.765

Taflan hér til hliðar sýnir kostnað A-hluta sem fellur til vegna reksturs **húsnæðis** en þar nam heildarhækkun 1%.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Innkaup eru á ábyrgð hvers sviðs fyrir sig og ákvörðunarvald um samræmingu innkaupa er hjá sviðsstjórum. Hlutverk innkaupadeildar er að finna tækifærin og kynna möguleikana.
- Innkaup hafa veruleg áhrif á skilvirkni í rekstri og fjárhagslega afkomu og samræmd innkaup geta aukið skilvirkni í innkaupum.
- Skilgreining innkaupa strax í upphafi þarfagreiningar ákvarðar kostnaðaráætlun en útboð skila besta mögulega verði hverju sinni.

Framgangur aðgerðaáætlunar innkaupadeildar:

Aðgerð 1. Bætt skipulag - samræmd innkaup – mæling á árangri – sérhæfing	Markmið	Staða
Stofnaður samráðshópur með fulltrúum fagsviða, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og skrifstofu þjónustu og reksturs í þeim tilgangi að skapa sameiginlegan vettvang sem hefur það verkefni bæta skipulag innkaupa, greina möguleika á samræmingu innkaupa hjá Reykjavíkurborg, setja fram sameiginlega aðgerðaáætlun með árangursmælikvörðum varðandi innkaup og leggja fyrir innkauparáð.	Markmiðið er að bæta skipulag innkaupa, greina möguleika á samræmingu innkaupa hjá Reykjavíkurborg, setja fram sameiginlega aðgerðaáætlun með árangursmælikvörðum varðandi innkaup og leggja hana fyrir innkauparáð.	Aðgerðir í yfirstandandi hagræðingarvinnu sem settar hafa verið í gang af borgarráði skarast við þessa aðgerð og verður beðið með að stofna samráðshóp þar til niðurstöður hagræðingarvinnu liggja fyrir.
Aðgerð 2. Bætt upplýsingagjöf – stjórnendaupplýsingar – eftirlit - innkaupgreiningar		
Innkaupadeild samræmi framsetningu á efni sem innkauparáð fær til eftirlits með það að leiðarljósi að afurðir eftirlits nýtist betur öðrum sviðum/skrifstofum.	Markmiðið er að skilgreina og samræma upplýsingagjöf vegna innkaupa til stjórnenda og vegna eftirlits með innkaupum.	Staðlaðar greiningar á rekstrarkostnaði ásamt innkaupakostnaði eru tilbúnar til notkunar í Agresso. Skýrslur sem hægt er að styðjast við til eftirfylgni með fjárhagsáætlun eru einnig til staðar.
Innkaupadeild áformar enn fremur í samstarfi við bókhaldsdeild fjármálaskrifstofu að skilgreina leiðir til að UNSPSC flokkun nýtist bæði til að greina innkaup og eins til að auka sjálfvirkni í bókun rafrænna reikninga, vinnan gagnast einnig eftirliti með innkaupum.		Vinna ekki hafin
Aðgerð 3 : Aukin nýting upplýsingartækni		
Aukin nýting upplýsingartækni er innkaupadeild mikið kappsmál og ráðist hefur verið í þau verkefni sem innkaupadeildin gat unnið sjálf. Önnur verkefni krefjast aðkomu annarra sviða/skrifstofa sem og fjármögnun verkefnanna.	Markmiðið að auka upplýsingagjöf, fagmennsku, sérhæfingu og einsleitni í vinnubrögðum, enda mikilvægt að innkaupaaðilar Reykjavíkurborgar hafi góðan skilning og þekkingu á innkaupaumhverfinu.	Vinna við innri vef hefur tafist en öðrum skilgreindum verkefnum er lokið
Aðgerð 4: Rafrænt útboðskerfi		
	Markmiðið að taka í notkun rafrænt útboðskerfi í samræmi við skyldur opinberra aðila.	Útboðskerfið er í notkun hjá innkaupadeild
Aðgerð 5: Auka þekkingu innkaupafólks		
Innkaupadeild mun kanna vilja útboðs- og innkaupaaðila hjá Reykjavíkurborg, öðrum sveitarfélögum sem og ríkisstofnunum til að hittast reglubundið og skipast á reynslu og þekkingu á málefnum sem varða innkaup og innkaupaaðferðir.	Afar mikilvægt er fyrir þá aðila sem sinna opinberum innkaupum á Íslandi að vera í góðum tengslum við aðrar þjóðir í Evrópu til að viðhalda þekkingu og miðla áfram hér innan lands. Innkaupa opinberra snerta fyrst undirbúning innkaupanna síðan ferlið sjálft og að lokum hvernig samningum er stjórnað á samningstíma.	Ekki hafið

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Innkaupaáætlun sem Reykjavíkurborg myndi birta í upphafi árs ætti að hvetja til samkeppni, nýsköpunar og leiða til hagkvæmari innkaupa.

3.7 Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 7.074 mkr og tekjur sem komu á móti voru 5.992 mkr rekstrarniðurstaða var neikvæð um 1.082 mkr eða 352 mkr innan fjárheimilda. Jöfnunarsjóður breytti um reikningskilaaðferð á árinu og flutti framlög sem áður voru á greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn. Af þeim sökum var úthlutaður 13. mánuðurinn vegna framlaga til málefna fatlaðs fólks. Ef horft er framhjá þessari auka úthlutun var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 1.495 mkr eða 61 mkr umfram fjárhagsáætlun.

Málefni fatlaðs fólks 2015			
Tekjur:	í mkr	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		4.201	4.165
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		47	45
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		35	39
Útsvarstekjur 0,25% RVK		1.066	1.055
Þjónustutekjur		70	70
Útsvarstekjur 0,25% Seltjarnarnes		45	45
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		116	103
Tekjur alls		5.580	5.523
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		4.437	4.362
Húsaleiga		327	260
Annar rekstrarkostnaður		334	610
Þjónustugjöld (samningar)		1.572	1.341
Þjónustugjöld (Seltjarnarnes)		22	18
Stjórnunarkostnaður		52	59
Lengd viðvera ÍTR		63	68
Lengd viðvera SFS		267	240
Gjöld alls		7.074	6.957
Niðurstaða		-1.495	-1.434
Framlag frá Jöfnunarsjóði 13. mán. vegna breytinga á reikningskilaaðferð hjá Jöfnunarsjóðnum		413	0
Niðurstaða eftir br. á reikningskilaaðferð Jöfnunarsjóðs		-1.082	-1.434


Hjúkrunarheimili Hallarekstur hjúkrunarheimila hefur verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Árið 2015 voru hjúkrunarheimilin rekin með 269 mkr halla. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaðan halla hjúkrunarheimilanna á árunum 2008-2015.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Hallarekstur 2008-2015 (í mkr á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
Samtals	1.173	696	1.870

Tónlistarskólar Útgjöld vegna einkarekinna tónlistarskóla í Reykjavík námu 1.146 mkr á árinu 2015. Af því voru greiðslur Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna sem Reykjavíkurborg hefur milligöngu um 341,2 mkr.

3.8 Skattspor A-hluta

Skattsporið samanstendur af sköttum og framlögum sem voru gjaldfærðir í rekstri A-hlutans og þeim sköttum og gjöldum sem innheimtir voru og staðin voru skil á vegna starfseminnar. Samtals námu skattar til ríkisins umfram endurgreiðslur eða framlög 6.100 mkr.



Stærsti liðurinn var tryggingagjald af launum 3.349 mkr en þar á eftir var innskattur sem ekki fæst endurgreiddur 2.680 mkr en hann var tilkominn vegna kaupa á vörum og þjónustu sem nýttir voru í óskattskyldum rekstri borgarinnar. Endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila nam 923 mkr. Þar var um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt sem sveitarfélög ofl. opinberir aðilar fá vegna kaupa af tilteknum aðföngum s.s. af sorphreinsun, ræstingu, sjómokstri, sérfræðiþjónustu og fleiri liðum í samræmi við reglugerð nr. 248/1990.

3.9 Lykiltölur mannaúðs

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannaúðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktaálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 31. desember árin 2014 og 2015 með atvinnuátaksverkefnum. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

A-hluti

Lykiltölur um mannaúð - A-hluti	2014				2015			Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	6.728	1.698 (60)	5.128 (34)	6.826 (93)	1.684 (40)	5.176 (27)	6.860 (67)	↔ 0,5%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	1.147.841	421.775	795.061	1.216.836	428.589	783.150	1.211.739	↔ -0,4%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	1.180.083	422.956	805.231	1.228.187	444.702	817.073	1.261.775	↔ 2,7%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	2.884.894	1.097.612	1.802.583	2.900.195	637.863	1.256.670	1.894.533	↓ -34,7%
Hlutfall launatengdra gjalda	23,7%	21,1%	22,2%	21,9%	23,5%	24,1%	23,9%	

Fjöldi stöðugilda hjá A-hluta jókst um 34 frá árinu 2014. Hjá Aðalsjóði jukust stöðugildin um 38 en fækkun var hjá Eignasjóði um 4 stöðugildi. Yfirvinnustundum A-hluta fækkaði lítillega eða um 5 þúsund stundir. Fjöldi yfirvinnustunda með vaktaálagi jókst um 2,7% eða 34 þúsund stundir, mest hjá Aðalsjóði. Eknum kílómetrum hjá A-hluta fækkaði um 35% eða 1.006 þúsund km.

Aðalsjóður

Lykiltölur um mannaúð - Aðalsjóður	2014				2015			Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	6.499	1.485 (46)	5.074 (33)	6.559 (79)	1.476 (30)	5.121 (26)	6.597 (56)	↔ 0,6%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	1.069.657	352.016	782.496	1.134.512	359.242	770.595	1.129.837	↔ -0,4%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	1.160.756	402.764	804.264	1.207.028	423.870	816.012	1.239.882	↔ 2,7%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	2.669.529	891.568	1.740.008	2.631.576	526.406	1.240.908	1.767.314	↓ -32,8%

Fjöldi stöðugilda hjá Aðalsjóði jókst um 38 milli ára. Mesta aukning var hjá Skóla-og frístundasviði um 31 stöðugildi og hjá Velferðarsviði um 21 stöðugildi. Mesta fækkun stöðugilda milli ára var hjá miðlægrri stjórnsýslu eða 13 stöðugildi. Yfirvinnustundum fækkaði um tæpar 5 þúsund stundir. Mesta fækkun yfirvinnu stunda var hjá Skóla-og frístundasviði um tæpar 45 þúsund stundir sem skýrist aðallega af aukinni hagræðingu. Mesta fjölgun í yfirvinnustundum milli ára var hjá Velferðarsviði sem sem skýrist aðallega af veikindum hjá starfsfólki. Fjöldi vinnustunda með vaktaálagi jókst um tæpar 33 þúsund stundir samanborið við árið 2014, aðallega á Velferðarsviði sem sem skýrist meðal annars af fjölgun stöðugilda. Lítil breyting var á vinnustundum með vaktaálagi á öðrum sviðum. Eknum kílómetrum hjá Aðalsjóði fækkaði um 33% eða 864 þúsund kílómetra. Um var að ræða fækkun hjá öllum sviðum en föstum akstursamningum starfsmanna var sagt upp frá og með 1. apríl 2015.

Lykiltölur um mannaúð - ÍTR	2014				2015			Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	243	129 (6)	119 (5)	248 (11)	132 (5)	117 (3)	249 (8)	↔ 0,4%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	76.960	60.220	45.237	105.457	63.444	48.392	111.836	↔ 6,0%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	127.960	64.272	61.711	125.983	63.155	61.928	125.083	↔ -0,7%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	97.605	80.980	32.539	113.519	57.618	23.122	80.740	↓ -28,9%

Stöðugildum hjá Íþrótt- og tómstundasviði fjölgaði um eitt milli ára. Aukningu má rekja til þess að veitt var auka fjárveiting í frístund fatlaðra á árinu vegna mikillar fjölgunar á þeim sem nýta sér þá þjónustu en fjölgað var um 6,5 stöðugildi í frístund fatlaðra. Þá var fjölgun um 2,8 stöðugildi hjá þeim sem voru í langtímaveikindum. Fjölgun var um eitt stöðugildi hjá skíðasvæðum. Vaktakerfum hjá sundlaugunum var breytt og þannig náðist að fækka um 4,2 stöðugildi milli ára. Eins náðist að fækka stöðugildum hjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG) um 2,8 milli ára og fækkað var um eitt stöðugildi í Siglunesi þar sem ekki var ráðið í stöðu sem losnaði. Þegar fækkun stöðugilda á sér stað eins og í FHG og í sundlaugum þá má reikna með því að vaktaálag lækki í kjölfarið og yfirvinna hækki þar sem færri starfsmenn eru í vinnu. Akstur dróst saman um 33 þúsund kílómetra eða 29% sem jafngildir 3,8 mkr.

Lykiltölur um mannauð - MOF	2014				2015				Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals		
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuáttaks), meðaltal	160	42 (3)	118 (5)	160 (8)	39 (3)	120 (4)	159 (7)	↔ -0,6%	
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	25.664	9.256	19.832	29.088	9.813	21.649	31.462	↗ 8,2%	
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	19.118	4.887	12.336	17.223	5.451	12.508	17.959	↗ 4,3%	
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	68.558	31.744	50.438	82.182	20.905	31.318	52.223	↘ -36,5%	

Stöðugildum Menningar- og ferðamálasviðs fækkaði lítillega milli ára vegna fækkunar í atvinnuáttaksverkefnum. Fjölgun yfirvinnustunda má að mestu rekja til yfirtöku á Sjóminjasafni og lengri opnunartíma á Landnámssýningu sem nú er opin alla daga frá kl. 09-20. Fækkun á eknunum kílómetrum var vegna uppsagnar á föstum akstursamningum starfsmanna.

Lykiltölur um mannauð - SFS	2014				2015				Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals		
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuáttaks), meðaltal	3.999	733 (7)	3.353 (15)	4.086 (22)	720 (4)	3.397 (10)	4.117 (14)	↔ 0,8%	
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	476.886	110.345	360.474	470.819	99.789	326.419	426.208	↘ -9,5%	
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	82.946	35.995	49.850	85.845	37.249	49.604	86.853	↗ 1,2%	
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	352.698	126.854	239.307	366.161	94.044	192.612	286.656	↘ -21,7%	

Stöðugildum Skóla- og frístundasviðs fjölgaði um 31 milli ára en fjölgun stöðugilda var í beinu hlutfalli við fjölgun nemenda og barna í leik- og grunnskólum og frístundaheimilum. Fækkun yfirvinnustunda má rekja til minni kaupa starfsstöðva á yfirvinnu í hagræðingarskyni til þess að komast hjá fækkun stöðugilda. Fækkun ekinna kílómetra má rekja til uppsagnar á akstursamningum starfsmanna fyrr á árinu.

Lykiltölur um mannauð - USK	2014				2015				Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals		
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuáttaks), meðaltal	288	142 (6)	78 (1)	220 (7)	141 (6)	78 (1)	219 (7)	↔ -0,5%	
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	71.811	46.938	18.557	65.495	51.697	18.904	70.601	↗ 7,8%	
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	4.947	1.499	1.307	2.806	1.397	1.189	2.586	↘ -7,8%	
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	361.857	229.299	113.036	342.335	96.642	33.963	130.605	↘ -61,8%	

Stöðugildum Umhverfis- og skipulagssviðs fækkaði um eitt milli ára vegna hagræðingar. Aukið magn yfirvinnu má einkum rekja til aukinnar vinnu starfsmanna í sorphirðu og vegna veðurfars og erfiðra aðstæðna síðastliðinn vetur. Fækkun ekinna kílómetra skv. samningum og dagbókum var vegna uppsagnar á akstursamningum en á móti jókst kostnaður vegna leigubíla og bílaleigubíla.

Lykiltölur um mannauð - VEL	2014				2015				Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals		
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuáttaks), meðaltal	1.533	313 (6)	1.242 (1)	1.555 (7)	325 (2)	1.251 (5)	1.576 (7)	↗ 1,4%	
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	353.179	88.479	298.384	386.863	96.778	316.195	412.973	↗ 6,7%	
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	933.939	279.394	678.868	958.262	299.971	690.591	990.562	↗ 3,4%	
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	1.408.824	214.571	1.174.092	1.388.663	144.567	919.042	1.063.609	↘ -23,4%	

Stöðugildum Velferðarsviðs fjölgaði um 21 milli ára. Fjölgunin skýrist meðal annars af nýju búsetuurræði fyrir fötluð börn sem opnað var á árinu, viðbótarstöðugildi vegna einstaklingsráðgjafar fyrir fatlaða og loks var bætt við rýmum í dagþjónustu. Fjölgun yfirvinnustunda með vaktaálagi hélst í hendur við fjölgun stöðugilda en fjölgun yfirvinnustunda tengist veikindum hjá starfsfólki. Fækkun ekinna kílómetra skv. samningum og dagbókum var vegna uppsagnar á akstursamningum sem tók gildi 1. apríl, en á móti jókst kostnaður vegna aksturs með leigubílum.

Lykiltölur um mannauð - RHS	2014				2015				Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals		
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuáttaks), meðaltal	288	126 (18)	164 (6)	290 (24)	119 (10)	158 (3)	277 (13)	↔ -4,5%	
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	70.245	36.778	40.012	76.790	37.721	39.036	76.757	↔ 0,0%	
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	10.754	16.717	192	16.909	16.647	192	16.839	↔ -0,4%	
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	314.588	208.120	130.596	338.716	112.630	40.851	153.481	↘ -54,7%	

Stöðugildum í miðlægrri stjórnsýslu fækkaði um 13 frá árinu 2014 sem skýrist af fækkun stöðugilda í átaksverkefnum. Heilt yfir voru litlar breytingar voru á yfirvinnustundum og vinnustundum með vaktaálagi milli ára og fækkun ekinna kílómetra milli ára kom til vegna uppsagnar á akstursamningum starfsmanna.

Eignasjóður

Lykiltölur um mannauð - ES	2014				2015			Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	201	192 (13)	45 (1)	237 (14)	188 (10)	45 (1)	233 (11)	↔ -1,7%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	67.221	61.850	9.920	71.770	62.254	9.670	71.924	↔ 0,2%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	17.957	18.956	967	19.923	18.656	1.061	19.717	↔ -1,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	207.365	206.044	54.575	260.619	111.457	13.762	125.219	↓ -52,0%

Stöðugildum hjá Eignasjóði fækkaði um fjögur milli ára sem skýrist af fækkun hjá Umhverfis- og skipulagssviði vegna hagræðingar. Fækkun ekinna kílómetra milli ára sem var um 52% skýrist af uppsögn á akstursamningum starfsmanna.

Lykiltölur um mannauð - SEA	2014				2015			Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	12	8	5	13	8	5	13	↔ 0,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	3.968	2.762	1.804	4.566	2.820	1.848	4.668	↔ 2,2%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	0	0	0	0	0	0	0	↔ 0,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	42.641	31.200	15.100	46.300	12.354	4.164	16.518	↓ -64,3%

Stöðugildi hjá skrifstofu eign- og atvinnuþróunar voru nær óbreytt milli ára, engin stöðugildi voru í atvinnuátaksverkefnum. Uppsögn á akstursamningum starfsmanna skýrir fækkun ekinna km um 64% milli ára.

Lykiltölur um mannauð - USKES	2014				2015			Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	189	184 (13)	40 (1)	224 (14)	180 (10)	40 (1)	220 (11)	↔ -1,8%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	63.253	59.088	8.116	67.204	59.434	7.822	67.256	↔ 0,1%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	17.957	18.956	967	19.923	18.656	1.061	19.717	↔ -1,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	164.724	174.844	39.475	214.319	99.103	9.598	108.701	↓ -49,3%

Stöðugildum hjá Umhverfis- og skipulagssviði í Eignasjóði fækkaði um fjögur milli ára, m.a. vegna hagræðingar. Mikla yfirvinnu má einkum rekja til aukningar í vetrarþjónustu vegna snjóþyngsla. Lækkun á vaktaálagi kom á móti aukinni yfirvinnu hjá starfsfólki í vetrarþjónustu. Fækkun ekinna kílómetra skv. samningum og dagbókum kom til vegna uppsagnar á akstursamningum en á móti jókst kostnaður vegna leigubíla og bílaleigubíla.

Bílastæðasjóður

Lykiltölur um mannauð - BS	2014				2015			Br. frá f. ári
	2013	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á ári (meðaltal)	29	21	9	30	20	10	30	↔ 0,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	10.963	7.909	2.645	10.554	7.093	2.885	9.978	↔ -5,5%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	1.370	1.236	0	1.236	2.176	0	2.176	↑ 76,1%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	8.000	0	8.000	8.000	0	2.000	2.000	↓ -75,0%

Stöðugildi hjá Bílastæðasjóði voru óbreytt milli ára. Stöðugildi voru 30, starfsmenn voru 32 en þurfa að vera 35. Töluverð starfsmannavelta er viðvarandi, sérstaklega í útideild en þar hefur verið erfitt að manna stöðugildi til fulls. Störf í útideild eru erfið störf sem sinna þarf í öllum veðrum og taka á bæði líkamlega og andlega. Konum hefur fjölgað í útideild og voru fimm í árslok 2015 og er það jákvæð þróun sem vonandi heldur áfram. Boðið er upp á hlutastörf og hafa konur nýtt sé það og eru nú tvær konur í 50% og 80% starfi. Fjöldi yfirvinnustunda er unnin alla jafna enda er eftirlit útideildar alla virka daga til kl. 18 og 6 tíma á laugardögum auk annars eftirlits á kvöldin og um helgar. Á móti kostnaði við yfirvinnu koma auknar tekjur við eftirlitið.

3.10 Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Í reglum um gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar er kveðið á um að fjárhagsáætlunargerð skuli byggjast á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar. Markmiðið er að samþætta **fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar**. Stefnt er að réttlátri dreifingu gæða og fjármuna með tilliti til stöðu borgarbúa í anda mannréttindastefnunnar. Til þess að ná þeim markmiðum er markvisst unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) og er búið að skipta innleiðingarferlinu í fjóra áfanga sem ná yfir tímabilið 2011-2018. Miðað við þá skiptingu er borgin komin í **lokaáfang** innleiðingarinnar sem snýr að áframhaldandi greiningu á þjónustubáttum borgarinnar sem leiða munu til bættra verkferla og ráðstöfunar fjármuna.

Markmið

Í samræmi við samþykktir borgarráðs um kynjaða fjárhagsáætlunargerð skal miða við:

- Að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 verði hægt að taka ákvarðanir um leiðréttingar á ráðstöfunum fjármuna borgarinnar út frá greiningum á öllum megin þjónustubáttum borgarinnar með það að markmiði að mæta þörfum fólks í ólíkri stöðu og jafna hana eins og frekast er unnt.
- Að á árinu 2015 og næstu árum fram til ársins 2018 verði unnið kerfisbundið að því að afla nægjanlegra kyngreindra gagna auk gagna um jaðarsetta hópa sem sækja þjónustu borgarinnar, skrá þau og greina þannig að þau verði tiltæk vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2019. Lögð er sérstök áhersla á opinbera birtingu gagna.
- Í samræmi við reglur um gerð fjárhagsáætlunar ber að gera jafnréttismat á breytingartillögum á samþykkttri áætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttismat felur í sér að áhrif tillagna á kynin og á þá hópa sem mannréttindastefnan tekur til eru metin. Árið 2018 er ráðgert að jafnréttismat verði gert á öllum tillögum sem hafa áhrif á fólk en gera skal grein fyrir þeim tillögum sem undirganga slíkt mat.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum er unnið að eftirfarandi:

- Unnið er að því að greina þjónustu borgarinnar út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Stórir þjónustubættir hafa verið greindir árlega og lagðar hafa verið til úrbætur þar sem þeirra er þörf. Nánar verður greint frá þeirri vinnu sem unnið er að í dag á fagsviðum borgarinnar varðandi greiningu á þjónustubáttum borgarinnar síðar.
- Á öllum sviðum er unnið að því að bæta gagnagrunn og verklag varðandi innköllun kyngreindra tölfræðigagna og aðgengi að gögnum. Sömuleiðis er lögð áhersla á að bæta skráningu um stöðu jaðarsettra hópa. Slík gagnasöfnun er forsenda þess að Kynjuð fjárhagsáætlun nái fram að ganga.
- Í samræmi við samþykktir borgarráðs ber að gera jafnréttismat á breytingartillögum vegna fjárhagsáætlunar. Gera þarf jafnréttismat á öllum breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun sem fela í sér ný verkefni eða breytt verklag og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Breytingartillögum og jafnréttismati á að skila til fjármálaskrifstofu sem yfirfer gögnin og gerir umsögn sem fylgir tillögunni til borgarráðs.

Verkefni ársins 2015

Í janúar 2015 samþykkti borgarráð breytingar á reglum um gerð fjárhagsáætlunar til að tryggja enn frekari framgang kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) en í þeim breytingum felst að framkvæma **jafnréttismat** á öllum breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs eins og að framan greinir. Borgin stendur nú frammi fyrir hagræðingarkröfum á þessu og næsta ári og þá reynir á að rýna vel jafnréttisáhrif tillagna áður en farið er af stað þannig að öllum sé ljóst hvort og þá á hvern hátt tillögur um lækkun útgjalda kunna að hafa á kynin og jaðarsetta hópa.

Á árunum 2014-2015 hefur starfshópur fjármálaskrifstofu unnið að því að efla skráningu og innköllun kyngreindra gagna í samræði við stýrihóp KFS og fagsvið borgarinnar. Stefnt er að því að birta slík gögn undir Árbók Reykjavíkurborgar. Nú stendur til að setja saman miðlægan starfshóp sem tryggir söfnun gagna og birtingu þeirra sem mun leiða til þess að gagnagrunnurinn verði betri og aðgengilegri almenningi.

Samstarf er hafið við Háskóla Íslands. Fulltrúar stýrihóps KFS hafa unnið að kynningum innan Háskólans og lagt til verkefni sem nemendur geta unnið að. Nú þegar hafa nokkrir nemendur valið sér verkefni sem tengjast kynjaðri fjárhagsáætlun hjá Reykjavíkurborg og munu skila af sér skýrslu í apríl 2016.

Innleiðingarferli Reykjavíkurborgar hefur vakið **athygli** hérlendis sem og erlendis og hafa fulltrúar haldið erindi víða, svarað fyrirspurnum og fengið gesti heim. Verkefnastýra KFS hélt námskeið um KFS á Ísafirði, Bolungarvík og Akureyri þar sem mikill áhugi er fyrir innleiðingu á kynjaðri fjárhagsáætlun. Þann 18. september síðastliðinn stóð Reykjavíkurborg fyrir málþingi um KFS. Markmið málþingsins var að greina frá áhrifum kynjamiðaðrar nálgunar á fjárhagsáætlunir og rekstur borga. Dr. Diane Elson einn fremsti sérfræðingurinn á þessu sviði var aðalræðukona og fjallaði í erindi sínu meðal annars um mikilvægi þess að hafa slíka aðferðafræði í huga við hagræðingu. Dr. Þorgerður Einarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands greindi frá vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun innan Háskólans. Birgir Björn Sigurjónsson formaður stýrihóps KFS og Herdís Sólberg verkefnastýra KFS hjá Reykjavíkurborg fóru yfir stöðu innleiðingar KFS hjá borginni. Sóley Tómasdóttir forseti borgarstjórnar sló botninn í

málþingið með ræðu sinni um áhrif valdeflingar kvenna á rekstur hins opinbera. Ráðstefnustjóri var Halldór Halldórsson oddviti Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn Reykjavíkur og formaður sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stýrihópurinn hóf vinnu við að þróa leið til þess að innleiða aðferðafræði KFS inn á stofnanir borgarinnar til aukins sjálfsbænis í innleiðingaverli KFS. Verið er að stilla upp **Fjólubláum jafnréttisskrefum** í anda Grænna skrefa þar sem sjónarmiðum KFS er haldið á lofti. Stefnt er að því að hefja innleiðingu á fjólubláum skrefum á árinu 2016. Um fyrirhuguð verkefni á árinu 2016 má lesa í starfsáætlun stýrihóps KFS 2016.

Verkefni fagsviða

Á öllum fagsviðum borgarinnar og miðlægum skrifstofum er nú unnið markvisst að innleiðingu á KFS til þess að markmiðum KFS verði náð fyrir árið 2018. Öll svið hafa frá árinu 2012 unnið að greiningu á þjónustuþáttum borgarinnar. Jafnréttismat hefur sömuleiðis spilað stórt hlutverk á árinu og mun gera áfram. Markvisst er unnið að því að bæta gagnagrunn og verklag varðandi innköllun kyngreindra tölfraeðigagna og aðgengi að gögnum. Hér má sjá yfirlit eftir fagsviðum yfir greiningarverkefni KFS árið 2015.

Svið/ Skrifstofur	Verkefni
Íþróttta- og tómstundasvið (ÍTR)	Á íþróttta- og tómstundasviði hefur verið unnið að greiningu á styrkjum og íþróttaiðkun barna og ungmenna en það verkefni er ennþá í vinnslu þar sem þörf var á að dýpka greiningu gagnanna enn frekar. Í dag vinnur starfshópur að því að greina að sumarstörf ÍTR stuðli að jöfnum möguleikum kynjanna innan ÍTR og hjá félögum í hverfum borgarinnar.
Skóla- og frístundasvið (SFS)	Styrkveitingar SFS.
Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Á árinu 2015 hefur verið lögð áhersla að greina nánar þær niðurstöður þar sem lögð er fram aðgerðaráætlun og fyrirhuguð verkefni í skipulögðu starfi fyrir börn og unglínga hjá MOF.
Umhverfis- og skipulagssvið (USK RK)	Greining á hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar.
Fjármálaskrifstofa (FMS)	Eftirfylgni með innleiðingu á verklagi KFS, sér í lagi skráningu og innköllun gagna og uppsetningu á ferlum KFS.


Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Jafnréttismat: Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir hagræðingakröfu næstu tvö árin en leikregla í þeirri vinnu er að jafnréttismeta tillögur sem hafa áhrif á stöðu fólks. Við móttöku aðgerðaáætlunar er mikilvægt að halda til haga markmiðum og aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar og rýna áhrif aðgerða á jaðarsetta hópa.
- Kyngreind gögn: Fyrir liggur erindisbréf um skipun starfshóps yfir tölfraeðigögnum, bæði varðandi gagnasöfnun og birtingu gagna.
- Þjónustuþættir: Tryggja þarf að vinna sviða og skrifstofa með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sé að skila sér í bættum verkferlum og ráðstöfum fjármuna.

4. Nánar um A-hluta

4.1 Aðalsjóður

4.1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



Rekstur ÍTR (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávík	%
Tekjur	1.577	1.311	267	20,3%
Laun og launat. gj.	1.836	1.770	66	3,7%
Annar rekstark.	6.208	6.092	116	1,9%
Rekstrarniðurstaða	6.467	6.551	-84	-1,3%

húsdýragarðinum var 12,2 mkr eða 5,3% yfir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var um 6.208 mkr, sem reyndist 116 mkr eða 1,9% yfir fjárheimildum. Skýrist það helst af öðrum rekstrarkostnaði **skíðasvæðanna** sem var 50,5 mkr yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður **sundlauganna** var 32,6 mkr yfir fjárheimildum og kostnaður vegna **gervigrasvalla** var 16,8 mkr yfir fjárheimildum. Innri leiga var 33,2 mkr undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu.

Húsaleigu- og æfingastyrkir: Rekstrarniðurstaða vegna húsaleigu- og æfingastyrkja var 2.045,4 mkr sem var 5 mkr eða 0,2% undir áætlun og skýrist það af aðhaldi með greiðslum á styrkjum.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða sundlauganna var 1.221,7 mkr sem var 50,4 mkr eða 0,4 % undir áætlun. Tekjur sundlauganna voru 99 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir eða 13,3%. Skýrist það helst af meiri aðsókn og aukinni sölu í sundlaugunum, sem rekja má að stórum hluta til fjölgunar ferðamanna sem koma í sundlaugarnar. Þennan árangur má rekja til markvissrar markaðssetningar og kynningar sem beint var til ferðarmanna. Annar rekstrarkostnaður nam 47 mkr eða 12,8% yfir fjárheimildum.

Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu: Rekstrarniðurstaða skíðasvæðanna var 7,9 mkr undir áætlun. Tekjur voru 334 sem var 75 mkr yfir áætlun eða 27,9%, þar af var aðgangseyrir 50,2 mkr yfir áætlun. Launakostnaður var 16,6 mkr yfir áætlun og annar rekstrarkostnaður 50,5 mkr yfir áætlun. Þetta er annað ár skíðasvæðanna undir rekstri ÍTR og hefur rekstrarniðurstaða skíðasvæðanna verið vel viðunandi síðast liðin 2 ár.

Frístundakort: Kostnaður vegna frístundakorta var 555,3 mkr sem var 3 mkr eða 0,5% undir fjárheimildum. Árið 2015 var frístundakortið hækkað úr 30.000 kr í 35.000 kr og var áætlaður viðbótarkostnaður vegna þessa um 72 mkr frá árinu 2014.

Fjölskyldu- og húsdýragarður: Rekstrarniðurstaða vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins var 210,9 mkr sem var 1,9 mkr yfir áætlun eða 0,9%. Tekjurnar voru 26,3 mkr yfir áætlun eða 16,7% sem má rekja til meiri veitingasölu, aðsóknar, minjagripasölu og samnings við SFS um komu barna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Launakostnaður var 12,2 mkr eða 5,3% yfir fjárheimildum og annar kostnaður í garðinum var 17,1 mkr yfir fjárheimildum sem var að mestu tilkominn vegna aukins kostnaðar á vörum til endursölu.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Íþróttta- og tómstundasviðs í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) á árinu 2015. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 6.467 mkr sem var 84 mkr eða 1,2% undir fjárheimildum.

Tekjur voru 1.577 mkr sem gerir 267 mkr eða 20,3% yfir áætlun. Tekjur af **skíðasvæðunum** voru 75 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur **sundlauganna** voru 98,9 mkr yfir áætlun og tekjur af **Fjölskyldu- og húsdýragarði** voru 26,3 mkr yfir áætlun. Tekjur **Hins Hússins** voru 16,8 mkr yfir áætlun. Hluti af þessari miklu tekjuaukningu hjá sundlaugunum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, má rekja til fjölgunar ferðamanna á þessa staði.

Laun og launatengd gjöld voru um 1.836 mkr, sem var 66 mkr eða 3,7% yfir fjárheimildum. Þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna allra kjarasamninga en áætluð viðbót vegna þeirra er 30 mkr. Miðað við þær forsendur var launakostnaður 36 mkr yfir áætlun,

Launakostnaður **skíðasvæðanna** var 16,6 mkr yfir fjárheimildum og launakostnaður **sundlauganna** var 20,4 mkr yfir fjárheimildum. Þá var launakostnaður vegna **frístundarstarfs fatlaðra** hjá Hinu Húsinu 2,5 mkr undir fjárheimildum. Launakostnaður hjá **Fjölskyldu- og**

Hitt húsið: Rekstrarniðurstaða var 327,1 mkr sem var 2,3 mkr undir fjárheimildum eða 0,7%. Tekjur voru 16,6 mkr eða 47,9% yfir áætlun sem var vegna aukinna utanaðkomandi styrkja til verkefna og vegna hærri tekna af aðgangseyri vegna frístundar fatlaðra. Þá var launakostnaður 2,9 mkr yfir fjárheimildum en annar rekstrarkostnaður 11,5 mkr yfir fjárheimildum.

Hátíðahöldin 17. júní: Kostnaður nam 19 mkr sem var 4,5 mkr yfir fjárheimildum eða 13,1%.

Ylströndin: Rekstrarniðurstaða var 56,1 mkr sem var 0,2 mkr yfir fjárheimildum eða 0,4%. Tekjur voru 6,8 mkr yfir áætlun. Launakostnaður var 2 mkr yfir fjárheimildum og annar kostnaður var 5,3 mkr yfir fjárheimildum sem rekja má til endurnýjunar áhalda og búnaðar, aukinnar orkunotkunar og aukins kostnaðar við aðföng í veitingasölu. Mikil aukning hefur verið í sjósund á Ylströndinni yfir vetrarmánuðina.

Siglunes: Rekstrarniðurstaða var 25,8 mkr sem var 2 mkr yfir fjárheimildum eða 8,5%. Tekjur voru 0,4 mkr yfir áætlun, launakostnaður var 3,3 mkr yfir fjárheimildum. Annar kostnaður var 0,8 mkr undir fjárheimildum.

Þjónusta við félög vegna vallarmála: Rekstrarniðurstaða var 56,6 mkr sem var 2,6 mkr eða 4,9% yfir fjárheimildum sem skýrist af því að kostnaður vegna aðkeyptar vinnu var hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Gervigrasvellir: Rekstrarniðurstaða var 134,8 mkr sem var 15,5 mkr eða 13% yfir fjárheimildum.


Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Íþróttá- og tólmstundasviðs.

Lykiltölur úr rekstri - ÍTR	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-15
Aðsókn að sundstöðum ÍTR (þús)	1.771	1.822	1.758	1.807	1.828	1,2%
Aðsókn að Ylströnd (þús)	475	485	480	470	470	0,0%
Vetraraðsókn að Ylströnd (þús)	10,7	9,9	10,7	13,3	16,0	20,3%
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarði (þús)	189	174	171	172	178	3,5%
Innri leiga ÍTR (mkr)	1.756	1.943	2.085	2.229	2.335	4,8%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur sviðsins var 84 mkr undir fjárheimildum eða 1,3%. Mestu frávik voru í rekstri sundlauga sem voru 50,4 mkr innan fjárheimilda þar sem aðsókn var meiri en áætlað var og í rekstri gervigrasvalla sem voru 15,5 mkr eða 13% yfir fjárheimildum. Innri leiga var 33,2 mkr undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu en áætlað hafði verið.

4.1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Rekstur MOF (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	386	333	53	15,8%
Laun og launat. gj.	1.152	1.138	13	1,2%
Annar rekstark.	3.234	3.279	-45	-1,4%
Rekstrarniðurstaða	4.000	4.084	-84	-2,1%

árinu.

Annar rekstrarkostnaður var 3.234 mkr sem var 44,6 mkr eða 1,4% undir fjárheimildum ársins. Meginskýringar á mismuninum var að vísitala ársins var umtalsvert lægri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir. Jafnframt voru ýmis sérverkefni svo sem nýmiðlun, mótun menningarstefnu og sóknarverkefni tengd ferðamálastefnu skorin niður að hluta eða sett á bið upp úr miðju ári þegar hagræðingaraðgerðir voru boðaðar og munar þar um 15,2 mkr sem ekki var ráðstafað af fjárheimildum ársins.

Aðsókn að stofnunum sviðsins hefur aukist um rúmlega 70.000 gesti eða í rúma 1,5 milljón gesti. Mjög mismunandi er eftir stofnunum hvernig gestafjöldi þróaðist og liggur vöxturinn helst hjá þeim sem njóta heimsóknna ferðamanna.

Styrkir og samstarfssamningar: Kostnaður sviðsins vegna þessa liðar nam ríflega 1.258 mkr og var 1,3% undir fjárheimildum ársins eða sem nemur ríflega 16 mkr. Eins og áður kom fram skýrist þetta frávik af lægri verðbólgu en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir og var bæði rekstrarstyrkur til Leikfélags Reykjavíkur og innri leiga lægri en fjárheimildir tímabilsins. Innri leiga vegna styrkja var 9 mkr lægri en áætlað var en 80% af þeirri upphæð var vegna Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi. Einnig var rekstrarstyrkur til Leikfélags Reykjavíkur tæpum 6 mkr lægri. Styrkur Leikfélagsins skiptist þannig að 376 mkr voru vegna innri leigu og 547 mkr vegna rekstrarframlags. Rekstrarframlagið er skv. samningi verðbætt árlega miðað við vísitölur janúarmánaðar, að hálfu skv. vísitölu launa og að hálfu skv. vísitölu neysliverðs.

Framlög: Framlag Reykjavíkurborgar til Hörpu – tónlistar- og ráðstefnuhúss var um 570 mkr en það var 19 mkr eða 3,2 % undir fjárheimildum. Framlag til Sinfóníuhljómseitar Íslands var 179,5 mkr eða um 0,6 mkr undir fjárheimildum ársins.

Borgarbókarsafn: Kostnaður vegna reksturs safnsins var 834,5 mkr sem var 1,9 mkr undir fjárheimildum eða nánast á pari við fjárheimildir. Tekjur voru undir áætlun ársins um rúmlega 3,3 mkr eða 6,3%. Helstu skýringar voru að tekjur af sektargreiðslum og lánsskírteinasölu sem og af safnbúðum voru lægri en áætlað var. Laun og launatengd gjöld voru undir fjárheimildum sem nam tæpum 14 mkr. Sparað var í þessum lið eins og kostur var með því að fresta ráðningum, ráða ekki vegna fæðingarorlofs eða launalausra leyfa. Þetta var gert til að mæta m.a. hækkun á húsaleigu Ársafns um 1,7 mkr, hækkun á kostnaði í bókakaupum um 3,5 mkr m.a. vegna bókaskattsins sem settur var á um áramót 2015 sem og flutningskostnaði í Spöng um tæpar 4 mkr.

Um áramótin 2013/2014 var rekstur Borgarbókarsafnsins og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs sameinaður með það að markmiði að efla enn frekar menningarstarfsemi úti í hverfum borgarinnar og þróa starfsemi Borgarbókarsafns í átt að

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2015 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 4.000 mkr sem var 84 mkr eða 2,07% undir fjárheimildum tímabilsins.

Tekjur ársins voru um 386 mkr sem var 53 mkr eða 16% yfir áætlun. Stærstu frávik voru vegna **aðgangseyris** sem var yfir áætlun á flestum söfnunum sem innheimta aðgangseyri og skýrist það helst af markaðssókn, fjölgun erlendra ferðamanna og nýrri handritasýningu í tengslum við Landnámssýninguna sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun ársins. Einnig voru tekjur safnbúða hjá Listasafni og Borgarsögusafni töluvert hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Á móti kom að tekjur hjá **Borgarbókarsafni**, bæði vegna sekta, lánsskírteinasölu og safnbúða voru undir áætlun. Nánari greiningar koma undir viðeigandi liðum hér á eftir.

Laun og launatengd gjöld voru 13 mkr eða 1,16% umfram fjárheimildir. Aukin útgjöld vegna áhrifa kjarasamninga hafa að hluta verið bætt í fjárheimildir ársins en kostnaðarauki að fjárhæð 12,3 mkr vegna BHM og Kjaranefndar á árinu hefur ekki verið bætt við heimildir og hefur þ.a.l. áhrif á ofangreind frávik. Í ljósi þessa var raunniðurstaða launakostnaðar á sviðinu á pari. Kostnaðaráhrifum endurskoðunar starfsmats var lokið á

víðtækara menningarstarfi í samræmi við það sem hefur gerst í sambærilegri starfsemi í nágrannalöndunum. Menningarmiðstöðin í Gerðubergi sameinaðist Borgarbókasafni 01.01.2015 og gerir það samanburð milli ára ekki marktækan.

Listasafn Reykjavíkur: Kostnaður vegna reksturs Listasafnsins var 366,4 mkr eða um 3,9 mkr og 1,1% undir fjárheimildum tímabilsins. Heildartekjur safnsins voru 109,4 mkr sem var 17 mkr yfir áætlun eða um 19%. Tekjur af aðgangseyri voru rúmlega 8 mkr hærri en áætlað var eða um 21%. Jafnframt voru tekjur af safnbúðum tæplega 6 mkr hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir eða 26%, en á móti kom að húsaleigutekjur voru lægri en áætlað var sem nam um 2,3 mkr. Launaliðurinn var um 2,8 mkr eða 1,7% yfir fjárheimildum sem var að stærstum hluta tilkominn vegna orlofsuppgjörs starfsmanna sem hættu á árinu, sem og óbættri hækkun vegna starfsmanna BHM og kjaranefndar að fjárhæð 1,1 mkr. Aðkeypt vinna og annar kostnaður var töluvert umfram áætlun og voru þar stærstu liðir vegna ófyrirséðra atvika, bilunar í gólfhitakerfi í Ásmundarsafni ofl. Gestum safnsins fjölgaði um 14% á árinu samanborið við árið 2014 og voru alls 232 þúsund.

Borgarsögusafn Reykjavíkur samanstendur af Árbæjarsafni, Landnámssýningunni, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Sjóminjasafni Reykjavíkur og Viðey. Kostnaður vegna reksturs Borgarsögusafns Reykjavíkur og þeirra eininga sem undir safnið heyrna nam tæplega 405 mkr sem var 11,9 mkr undir fjárheimildum ársins eða 2,9%. Heildartekjur ársins 2015 voru 173,4 mkr eða um 43,5 mkr yfir áætlun eða 33,5%. Mestu frávikin voru í Landnámssýningunni og nýrri handritasýningu þar sem tekjur jukust um 27 mkr eða um 69% en gjöld vegna vöktunar handritasýningarinnar koma að hluta upp á móti. Tekjur af safnbúðunum fóru einnig fram úr áætlun eða um 6,3 mkr sem rekja má til aukins gestafjölda, endurskipulagningar og aukinnar markaðsetningar. Laun og launatengd gjöld Borgarsögusafns voru 259 mkr og var 14,9 mkr eða 6% yfir áætlun.

Gestir Borgarsögusafns á árinu voru um 217 þúsund og var Landnámssýningin með um 30% hlutfall, Ljósmyndasafn, Sjóminjasafn og Árbæjarsafn með um 20% hvert og síðan Viðey með um 12% af heildaraðsókninni. Frá sameiningu hefur verið unnið markvisst að því að straumlínulaga rekstur Borgarsögusafns og koma honum í jafnvægi auk þess að skýra og fínstillta verkferla. Sú vinna hefur gengið vonum fram og er hinu eiginlega sameiningarferli nú lokið.

Höfuðborgarstofa: Kostnaður vegna reksturs Höfuðborgarstofu nam tæpum 173,7 mkr og var því 3,2 mkr eða 1,8% undir fjárheimildum ársins. Tekjur af viðburðum voru 31% undir áætlun en á móti kom að tekjur af ýmsum öðrum liðum s.s. gestakorti Reykjavíkur, útgáfu og þekkingarheimsóknnum voru yfir áætlun. Launakostnaður var 9% undir fjárheimildum

Gestum **Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna** fjölgaði um ríflega 10% samanborið við síðasta ár og voru þeir tæplega 371 þúsund.

Yfirstjórn: Kostnaður vegna yfirstjórnar sviðsins nam tæplega 93,8 mkr sem var að mestu í samræmi við fjárheimildir. Frávikin eru að stærstum hluta tilkomin vegna þess að launakostnaður var lægri en áætlað var og ástæðan er sú að dregið var í nokkra mánuði í upphafi árs að ráða í lausa stöðu sem og lægri bifreiðakostnaður en áætlað var vegna uppsagnar aksturssamninga.

Annað: Helsta sérverkefni sviðsins er **Bókmenntaborg UNESCO** sem vinnur markvisst að bókmenntatengdum verkefnum, kynningarstarfi og alþjóðlegum tengslum í netverki skapandi borga UNESCO. Verkefnið var rekið innan fjárheimilda ársins. Á fyrri hluta ársins var jafnframt unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði barnamenningar s.s. **Menningarfánanum**, sem er samstarfsverkefni MOF og SFS, auk þess sem markvisst er unnið að því að efla Gestakort Reykjavíkur, Menningarkort Reykjavíkur og safnbúðirnar með það að markmiði að auka sértekjur safnanna. Sú vinna hefur þegar skilað sýnilegum árangri og voru verkefnið öll rekin innan fjárheimilda ársins.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Menningar- og ferðamálasviðs.

Lykiltölur úr rekstri - MOF	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-15
Gestafjöldi						
Borgarbókasafn	656.087	636.970	626.015	598.900	684.661	14,3%
Menningarmiðstöðin Gerðuberg *	124.013	108.514	106.292	102.652		
Listasafn Reykjavíkur	193.865	171.138	203.053	200.573	231.347	15,3%
Borgarsögusafn Reykjavíkur **					216.676	
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	31.967	29.592	35.247	49.398		
Minjasafn Reykjavíkur	64.514	66.650	71.414	86.044		
Viðey	19.421	22.295	22.302	23.203		
Sjóminnjasafnið ***				34.542		
Upplýsingamiðstöð ferðamanna	298.534	257.025	299.088	337.676	370.930	9,8%
Borgarbókasafn - útlán	1.106.587	985.802	916.037	853.128	832.732	-2,4%
Fjöldi listaverka í eigu Listasafns	16.349	16.483	16.778	16.920	16.939	0,1%

* Menningarmiðstöðin Gerðuberg sameinaðist Borgarbókasafni 1.1.2015


** Borgarsögusafn tók til starfa 1.6.2014 og stendur saman af Minjasafni, Ljósmyndasafni, Viðey og Sjóminnjasafni

*** Sjóminnjasafnið kom yfir til MOF 1.6.2014

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Sviðið var 84 mkr eða 2,1% undir fjárheimildum sem að hluta til má rekja til að ýmis sérverkefni svo sem nýmiðlun, mótun menningarstefnu og sóknarverkefni tengd ferðamálastefnu voru skorin niður að hluta eða sett á bið upp úr miðju ári þegar hagræðingaraðgerðir voru boðaðar.

4.1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	3.862	3.432	431	12,5%
Laun og launat. gj.	27.238	26.884	354	1,3%
Annar rekstark.	17.068	16.469	599	3,6%
Rekstrarniðurstaða	40.443	39.921	522	1,3%

Miðað við þær forsendur var launakostnaður 340 mkr yfir áætlun

Annar rekstrarkostnaður var 17.068 mkr sem var 599 mkr yfir fjárheimildum eða 3,6%. Þar af var annar kostnaður grunnskólahluta 351 mkr yfir fjárheimildum eða 3,6%. Hjá leikskólahluta var annar kostnaður 152 mkr yfir fjárheimildum eða 3,3%. Annar kostnaður frístundahluta var um 40 mkr yfir fjárheimildum eða 5,7%. Annar kostnaður hjá yfirstjórn/miðlægum liðum var um 10 mkr undir fjárheimildum eða 3,1%. Annar kostnaður listmála og námsflokka var 66 mkr yfir fjárheimildum eða 5,3%.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Skóla- og frístundasviðs á árinu 2015 í samanburði við endurskoðaða áætlun ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 40.443 mkr sem var 522 mkr yfir fjárheimildum ársins eða 1,3%.

Tekjur voru 3.862 mkr sem var um 431 mkr yfir áætlun eða 12,5%. Þar af voru tekjur grunnskólahluta 287 mkr yfir áætlun eða 21,8%. Hjá leikskólahluta voru tekjur um 38 mkr yfir áætlun eða 2,5%. Tekjur frístundahluta voru 82 mkr yfir áætlun eða 14,7%. Tekjur listmála og námsflokka voru um 6 mkr yfir áætlun eða 10,7% og tekjur yfirstjórnar/miðlægra liða var 17 mkr yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 27.238 mkr sem var um 354 mkr yfir fjárheimildum eða 1,3%. Þar af voru laun grunnskólahluta um 97 mkr yfir fjárheimildum eða 0,7%. Hjá leikskólahluta var launakostnaður 328 mkr yfir fjárheimildum eða 3,7%. Launakostnaður frístundahluta var á pari. Launakostnaður yfirstjórnar/miðlægra liða var um 31 mkr yfir fjárheimildum eða 4,7%. Launakostnaður listmála og námsflokka var 103 mkr undir fjárheimildum eða 29,2% en um var að ræða tilfærslu milli launa- og annars rekstrarkostnaðar.

Þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna allra kjarasamninga en áætluð viðbót vegna þeirra er 13,7 mkr.

Grunnskólahluti

Grunnsk.hluti (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.603	1.316	287	21,8%
Laun og launat. gj.	14.735	14.637	97	0,7%
Annar rekstark.	9.995	9.644	351	3,6%
Rekstrarniðurstaða	23.127	22.966	161	0,7%

Grunnskólahluti SFS var 0,7% yfir fjárheimildum ársins eða 161 mkr.

Tekjur grunnskólahluta voru 1.603 mkr sem var um 287 mkr eða 21,8% yfir áætlun. Helstu frávik voru að tekjur vegna sölu á máltíðum í grunnskólum voru 69 mkr lægri en áætlað var og tekjur vegna uppgjörsvéitarfélaga vegna skólakostnaðar

nemenda sem sækja skóla utan síns lögheimilissveitarfélags voru 99 mkr yfir áætlun. Húsaleiga og leiga af íþróttamannvirkjum voru um 22 mkr yfir áætlun.


Frávik annarra tekjuliða grunnskólahluta skýrast af framlögum og styrkjum sem skólarnir sækja um en ekki var áætlað fyrir, til dæmis framlög vegna námsleyfa, þróunarstyrkja samtals voru þessir liðir um 147 mkr. Kostnaður bókaðist á móti styrkjum ymist á laun eða annan rekstrarkostnað.

Launakostnaður grunnskólahluta var 14.735 mkr sem var um 97 mkr eða 0,7% yfir áætlun. Í launakostnaði var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólastjórnendur hafa val um að ymist ráða starfsfólk í eða kaupa frá þriðja aðila, til dæmis ræstingar geta því verið tilfærslur á milli liða.

Annar rekstrarkostnaður var 9.995 mkr sem var um 351 mkr eða 3,6% yfir áætlun. Innri leiga var 121 mkr undir fjárheimildum og var það hluti af rekstrarniðurstöðu skólanna.



Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla og tengdra liða, að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum, var 23.127 mkr. Fjárheimildir námu 22.966 mkr fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 161 mkr yfir fjárheimildum eða 0,7%. Úthlutunarpottar grunnskóla og aðrir sameiginlegir liðir voru samanlagt með afgang á fjárheimildum á árinu 147,8 mkr sem var hluti af rekstrarniðurstöðu grunnskólanna.



Borgarreknir grunnskólar: Á árinu voru 24 grunnskólar af 36 (með sér- og sameinuðum skólum) með hallarekstur en 12 með afgang. Samanlagður halli grunnskólanna 24 var 376,8 mkr. Fimm grunnskólar voru 4% eða meira yfir áætlun. Samanlagður afgangur grunnskólanna 12 var 57,4 mkr. Réttarholtskóli var með mestan afgang í prósentum 2,6% eða 12,6 mkr.¹⁴

Stofnun	Halli í %	Halli í þús.kr.	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Hlíðaskóli	5,9%	43.846	-4.451	38.092	10.205
Ingunnarskóli	5,2%	30.541	-6.059	22.982	13.618
Hagaskóli	4,9%	30.174	-5.280	18.260	17.194
Háteigsskóli	4,1%	21.920	263	8.202	13.455
Foldaskóli	4,0%	30.845	-2.737	32.499	1.084
Samtals grunnskólar með 4% halla eða meiri		157.327	-18.263	120.035	55.555



Sameiginlegir liðir tengdir grunnskólum

Langtímaveikindapottur útgjöld voru 225 var því úthlutað allri þeirri fjárhæð sem var til ráðstöfunar úr miðlægum potti, en skráður kostnaður hjá skólum vegna langtímaveikinda var 254,1 mkr og bera skólar halla af langtímaveikindum að fjárhæð 27 mkr.

Sérkennslupottur vegna sértækrar sérkennslu var 964,4 mkr og var halli 2,4 mkr í árslok. Heildarútgjöld vegna sérkennslu grunnskóla námu 1.640 mkr sem var 74 mkr yfir fjárheimildum.

Endurúthlutunarpottur óráðstafað var 66,2 mkr í árslok vegna verkefna sem ekki hafa farið af stað á árinu.

Nýbúakennslupottur útgjöld voru 87,1 mkr og var afgangur 22,4 mkr í árslok.

Skólaakstur, sundakstur og akstur með fatlaða nemendur, útgjöld voru 242,5 mkr og var halli 17,1 mkr í lok árs.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar útgjöld voru 769,9 mkr sem var 1% undir fjárheimildum eða 10,3 mkr sem skýrist af því að nemendur voru færri en gert var ráð fyrir. Hins vegar hefur gjald sem greitt var til sjálfstætt starfandi grunnskóla hækkað og var því afgangur minni en ella.

¹⁴ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu grunnskóla er að finna í viðauka 5.

Leikskólahluti

Leikskólahluti (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.540	1.502	38	2,5%
Laun og launat. gj.	9.109	8.780	328	3,7%
Annar rekstark.	4.698	4.546	152	3,3%
Rekstrarniðurstaða	12.266	11.824	442	3,7%

Leikskólahluti SFS var 3,7% yfir áætlun ársins eða 442 mkr.

Tekjur leikskólahluta voru um 38 mkr yfir áætlun eða 2,5% sem skýrist að stærstum hluta vegna þessa að raunfjöldi barna var meiri en áætlaður.

Launakostnaður leikskólahluta var 328 mkr yfir áætlun eða 3,7%. Launakostnaður borgarrekinnna leikskóla og endurúthlutunarpottur var 328 mkr yfir fjárheimildum þar af var sérkennslan 238 mkr yfir fjárheimildum (sjá kafla vegna sérkennslu), langtímaveikindi í leikskólum voru 46 mkr yfir fjárheimildum og endurúthlutunarpottur um 55 mkr yfir fjárheimildum (sjá skýringar að neðan).

Annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var 152 mkr yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður borgarrekinnna leikskóla utan innri leigu var 171 mkr yfir fjárheimildum, greiðslur til og frá sveitarfélögum var 15 mkr yfir fjárheimildum en innri leiga var 26 mkr undir fjárheimildum. Dagforeldrar voru hins vegar 44,6 mkr undir fjárheimildum.

Magntölutafla

Janúar - desember 2015 (meðaltal)	Raunfjöldi barna	Áætlaður fjöldi barna	Mismunur	Raunfjöldi dvalargilda	Áætlaður fj. dvalargilda*	Mismunur
Borgarrekinn leikskólar	5.894	5.849	45	58.170	59.852	-1.682
Samreknir leik- og grunnskólar	139	134	5	1.337	1.290	47
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.083	1.083	0			
Dagforeldrar	809	937	-128			

* dvalargildi = dvalarstundir x barngildisstuðull


Borgarrekinn leikskólar og tengdir liðir:

Kostnaður vegna borgarrekinnna leikskóla og tengdra liða var 10.198 mkr, fjárheimildir námu 9.699 mkr og liðurinn var því 498,8 mkr yfir fjárheimildum.

Launakostnaður borgarrekinnna leikskóla og tengdra liða var rúmlega 328 mkr yfir fjárheimildum, þar af var sérkennslan stærsti liðurinn eða 238 mkr.


Annar rekstrarkostnaður borgarrekinnna leikskóla var 171 mkr yfir fjárheimildum. Þar af var endurnýjun og viðhald á áhöldum, búnaði og skrifstofuvélum um 69 mkr yfir fjárheimildum, fæði 36 mkr yfir fjárheimildum, starfsmannakostnaður 16 mkr yfir fjárheimildum, ritföng, pappír og kostnaður vegna ljósritunar var um 16 mkr yfir fjárheimildum, kennslugögn um 18 mkr yfir fjárheimildum, kostnaður vegna tölvuþjónustu 12 mkr yfir fjárheimildum og aðrir liðir um 6 mkr yfir fjárheimildum.

Leikskólar með 4% eða meiri halla árið 2015



Stofnun	Halli í %	Halli í þús kr.	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Hagaborg	11,8%	18.271	-180	16.290	2.161
Ösp	10,5%	10.114	-5.964	6.037	10.040
Múlaborg	9,7%	18.810	-51	14.539	4.323
Sunnúás	9,3%	22.795	0	21.191	1.605
Hlíð	8,9%	18.461	-1.001	16.737	2.724
Seljakot	8,8%	8.944	-8	7.546	1.406
Borg	7,9%	15.468	0	7.877	7.591
Hulduheimar	7,9%	9.771	-12	6.818	2.965
Klambrar	7,6%	10.259	-75	8.354	1.980
Vesturborg	7,5%	8.309	-87	7.128	1.268
Bakkaborg	7,5%	13.787	-2	11.216	2.573
Rauðhóll	7,4%	26.400	-721	24.973	2.148
Suðurborg	6,9%	14.866	-621	12.212	3.275
Drafnarsteinn	6,8%	12.534	-1.078	13.813	-202
Rauðaborg	6,1%	5.450	0	4.360	1.090
Langholt	6,0%	16.348	-275	16.851	-228
Sólborg	5,9%	12.441	-1.137	4.227	9.351
Bakkaberg	5,8%	10.563	-45	5.537	5.071
Heiðarborg	5,7%	7.424	-44	5.029	2.439
Rofaborg	5,3%	9.955	-201	5.340	4.816
Nóaborg	5,3%	6.035	-2.254	6.085	2.204
Miðborg	5,2%	12.985	-75	8.939	4.121
Laugasól	5,1%	13.372	-420	11.594	2.198
Álftaborg	5,0%	7.602	0	4.953	2.649
Geislabaugur	5,0%	10.346	-444	7.528	3.262
Maríuborg	4,8%	7.321	0	6.492	829
Árborg	4,7%	4.753	-42	4.463	332
Tjörn	4,5%	7.374	0	5.954	1.420
Reynisholt	4,5%	6.174	-1.236	3.226	4.184
Bjartahlíð	4,5%	10.189	-599	6.678	4.110
Hamrar	4,5%	6.561	0	6.778	-216
Sunnufold	4,2%	10.733	-121	5.708	5.146
Samtals leikskólar með 4% halla eða meiri		374.417	-16.691	294.471	96.636

Nánast allir leikskólar enduðu í halla vegna þess að þeir fengu ekki fjárheimildir í samræmi við reglur sem gilda á sviðinu um sérkennslu og stuðning annars vegar og fjármögunun langtímaveikinda hins vegar. Hallareksturinn var á bilinu 1% upp í 12%. Af 62 borgarreknum leikskólum voru 57 reknir með halla, þar af 32 með halla yfir 4%. Samtals voru þessir 57 leikskólar með halla að fjárhæð 443 mkr. Leikskólinn Hagaborg var með mestan rekstrarhalla í prósentum, 11,8% eða 18,3 mkr.¹⁵



Alls voru 5 leikskólar með rekstrarafgang, samtals að fjárhæð 9,5 mkr. Leikskólinn Garðaborg var með mestan rekstrarafgang í prósentum, 3,4 eða 3 mkr. **Nettó rekstrarhalli** borgarrekkinna leikskóla var því 433 mkr.

Sérkennsla útgjöld námu 1.008 mkr eða rúmlega 238 mkr yfir fjárheimildum. Úthlutun úr sérkennslupotti nam 769,5 mkr sem var á pari við fjárheimildir. Leikskólar borgarinnar bera halla af því sem eftir stendur eða 238 mkr.

Ljóst er að þörfin er talsvert meiri en áætlað var. Þá hefur orðið mjög mikil aukning frá ári til árs.

Börn af erlendum uppruna útgjöld námu 34 mkr sem var 1,6 mkr undir fjárheimildum.

Langtímaveikindi útgjöld námu 205 mkr eða rúmlega 46 mkr yfir fjárheimildum. Úthlutun úr langtímaveikindapotti nam 159 mkr sem var á pari við fjárheimildir. Leikskólar borgarinnar bera halla af því sem eftir stendur eða 46 mkr.

Endurúthlutun var rúmlega 55 mkr yfir fjárheimildum. Skýrist það af því að úr pottinum voru færðir fjármunir til leikskóla vegna kostnaðar við afleysingar í orlofi starfsmanna sem ekki var áætlað fyrir. Endurúthlutunarpotturinn er ætlaður til að tryggja leikskólum fjármagn í samræmi við fjölda og aldur barna á hverjum tíma.

Sjálfstætt starfandi leikskólar útgjöld voru 1.585 mkr sem var tæplega 13 mkr undir fjárheimildum og stafar af því að meðalgreiðslan var lægri heldur en áætlað var.

Dagforeldrar útgjöld voru 483 mkr sem var tæplega 45 mkr undir fjárheimildum og stafar af því að færri börn voru í vistun en áætlað var.

¹⁵ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu leikskóla er að finna í viðauka 5.

Frístundahluti

Frístundahluti (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	639	557	82	14,7%
Laun og launat. gj.	2.466	2.465	0	0,0%
Annar rekstark.	742	702	40	5,7%
Rekstrarniðurstaða	2.569	2.611	-42	-1,6%

Frístundahluti SFS var 1,6% undir fjárheimildum ársins, eða 42 mkr.

Tekjur voru 639 mkr sem var um 82 mkr eða 14,7% yfir áætlun. Tekjur vegna vistunargjalda voru lægri en gert var ráð fyrir en á móti komu tekjur vegna aðgangseyris, styrkja og annarra sértekna sem voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Laun og launatengd gjöld voru 2.466 mkr sem var á pari við fjárheimildir.

Annar rekstrarkostnaður var 742 mkr sem var um 40 mkr eða 5,7% yfir fjárheimildum.

Frístundaheimili útgjöld voru 1.125,5 mkr og því 49,6 mkr eða 4,2% undir fjárheimildum. Tekjur frístundaheimila voru 460,9 mkr sem var 0,4 mkr yfir áætlun eða 0,1%. Launakostnaður var 1.293,1 mkr sem var 32,7 mkr undir áætlun eða 2,5%. Annar rekstrarkostnaður var 293,3 mkr sem var 16,6 mkr undir áætlun eða 5,3%.¹⁶

Útgjöld vegna stuðnings við börn með sérþarfir námu 299,5 mkr á tímabilinu og voru 42 mkr undir áætlun.

Frístundaklúbbar og frístund Klettaskóla útgjöld voru 441,5 mkr og því 2,8 mkr eða 0,6% yfir fjárheimildum, þrátt fyrir að 43 mkr væri bætt við í starf Klettaskóla úr endurúthlutunarpotti. Meginskýringin liggur í því að útgjöld vegna frístundastarfs fatlaðra barna í Klettaskóla hefur vaxið mikið, bæði þjónustuþyngd og þátttaka aukist, þ.e. að 5 daga vistun fór úr 85% eins og áætlun gerir ráð fyrir í 98%. Tekjur voru 117,7 mkr sem var 34,2 mkr eða 41% yfir áætlun. Það voru aðallega tekjur frá öðrum sveitafélögum sem voru umfram áætlun. Launakostnaður var 469,3 mkr sem var 21,3 mkr eða 4,8% yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður var 90 mkr sem var 15,7 mkr eða 21% yfir fjárheimildum.

Frístundamiðstöðvar með félagsmiðstöðvum útgjöld voru 949 mkr sem var 21,8 mkr eða 2,4% yfir áætlun. Tekjur voru 56,3 mkr sem var 43,6 mkr yfir fjárheimildum eða 344%. Launakostnaður var 689,2 mkr sem var 21,7 mkr yfir fjárheimildum eða 3,3% sem skýrist af endurmati starfa og var annar rekstrarkostnaður 316 mkr sem var 43,7 yfir fjárheimildum eða 16,1%. Umframtekjur ársins voru til komnar vegna starfs í félagsmiðstöðvum, m.a. vegna skíðaferðar og annarra styttri ferða, en á móti bókaðist hærri rekstrarkostnaður vegna ferðanna. Þess ber að geta að magnbreytingar í þjónustu hafa ekki áhrif á þessa kostnaðarstaði.

Miðlægir liðir útgjöld voru 53 mkr eða 16,6 mkr undir áætlun eða 23,8%, þar af voru langtímaforföll um 16 mkr.

Frístundaheimili með 4% halla eða meira 2015					
Stofnun	Halli í %	Halli í þús.kr.	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Glaðheimar	19,5%	6.689	319	6.182	188
Bakkasel/Perlan	15,9%	5.176	-2.407	10.118	-2.535
Hraunheimar	16,1%	4.279	194	6.008	-1.923
Brosbær	9,3%	1.355	81	1.565	-291
Álfabær	6,9%	1.452	436	264	752
Dalheimar	2,5%	967	4.611	-1.570	-2.074
Fjósið	1,3%	369	2.535	-1.210	-956
Samtals frávik		20.287	5.769	21.357	-6.839

Frístundaklúbbar og frístund Klettaskóla með 4% halla eða meira 2015					
Stofnun	Halli í %	Halli í þús.kr.	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Frístund Klettaskóla	4,9%	12.025	-37.686	37.204	12.507
Samtals frávik		12.025	-37.686	37.204	12.507

Frístunda og félagsmiðstöðvar með 4% halla eða meira 2015					
Stofnun	Halli í %	Halli í þús.kr.	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Gufunesbær	5,1%	8.755	-12.358	9.755	11.358
Samtals frávik		8.755	-12.358	9.755	11.358

Yfirstjórn og miðlægir liðir

SFS Yfirstjórn (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	17	0	17	
Laun og launat. gj.	679	648	31	4,7%
Annar rekstark.	307	317	-10	-3,1%
Rekstrarniðurstaða	969	965	4	0,4%

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir útgjöld voru 969 mkr eða tæplega 4 mkr yfir fjárheimildum.

Ráð og yfirstjórn útgjöld voru 845 mkr eða um 29 mkr eða 4% yfir fjárheimildum. Meginskýringingarnar liggja í starfsmannaveltu, launahækkunum sem að hluta til voru ekki bætt og leiðréttingum á launum aftur í tímann.

Miðlægir liðir/styrkir SFS útgjöld voru 124 mkr eða um 26 mkr undir fjárheimildum eða 17%. Skýringin liggur í námsstyrkjum sem eftir á að greiða út ásamt öðrum styrkjum.

¹⁶ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu frístundastofnana er að finna í viðauka 5.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	64	58	6	10,7%
Laun og launat. gj.	249	352	-103	-29,2%
Annar rekstark.	1.326	1.260	66	5,3%
Rekstrarniðurstaða	1.512	1.554	-43	-2,7%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar Útgjöld voru samtals 1.512 mkr eða um 43 mkr undir fjárheimildum eða 3% á tímabilinu sem skiptist þannig :

Listaskólar og skólahljómsveitir útgjöld voru 1.367,6 mkr sem var 44,8 mkr eða 3,2% undir fjárheimildum sem skýrist af því að að uppgjörum við tónlistarskólana vegna ársins var

ekki að fullu lokið. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfærleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af nam 800 mkr og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 330 mkr.

Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar útgjöld voru 144,3 mkr, sem var 2,2 mkr yfir heimildum eða 1,5%. Námsflokkar Reykjavíkur voru 3,9 mkr yfir fjárheimildum en framlög til framhaldsskóla voru 1,8 mkr undir fjárheimildum.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Skóla- og frístundasviðs.


Lykiltölur úr rekstri -SFS	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-15
Grunnskólar						
Nemendafjöldi (meðaltal 2ja skólaára)	13.264	13.273	13.425	13.554	13.724	1,3%
Sérskólar						
Fjöldi nemenda	140	140	148	149	148	-0,7%
Sérkennsla v. sérúthlutana til fatlaðra barna						
Fj. nemenda m. sérframlag (meðaltal 2ja ára)*	737	691	565	561	582	3,7%
Leikskólar						
Meðalfjöldi barna	5.618	5.715	5.831	5.895	5.894	0,0%
Frístundaheimili						
Frístundaheimilispláss skv. áætlun	3.270	3.340	3.502	3.726	3.924	5,3%
Fjöldi barna á frístundaheimilum	3.243	3.400	3.504	3.796	3.940	3,8%

*Fækun er vegna þeirrar breytingar að sérframlag nemenda með málþroskavanda á mið- og unglingsstigi var fellt niður en framlag fatlaðra nemenda hækkað á móti

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða sviðsins var í 522 mkr yfir fjárheimildum. Þó er vakin athygli á því að innri leiga var 158 mkr undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu sem þýðir að önnur útgjöld voru þeim mun meira yfir fjárheimildum.
- Grunnskólahlutinn var 161 mkr yfir fjárheimildum þar var innri leigan 121 mkr undir fjárheimildum og því var rekstur grunnskólahlutans 282 mkr yfir fjárheimildum sé horft fram hjá innri leigunni. Mikilvægt er að finna á árinu 2016 leiðir til þess að koma rekstri grunnskóla í jafnvægi.
- Leikskólahluti sviðsins var 442 mkr yfir fjárheimildum, innri leigan var 33 mkr undir fjárheimildum þannig að rekstur leikskólahlutans var 475 mkr yfir fjárheimildum sé horft fram hjá innri leigunni. Stærsta fráviknið var vegna sérkennslu 238 mkr. Mikilvægt er að finna á árinu 2016 leiðir til þess að koma rekstri leikskóla í jafnvægi.

4.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.979	1.932	47	2,4%
Laun og launat. gj.	1.840	1.824	17	0,9%
Annar rekstark.	6.602	6.474	127	2,0%
Rekstrarniðurstaða	6.463	6.366	97	1,5%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á árinu 2015 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 6.463 mkr eða 97 mkr yfir fjárheimildum einkum vegna vetrarþjónustu en á móti voru aðrir þættir lægri en áætlun gerði ráð fyrir, svo sem leiga gatna.

Tekjur voru 1.979 mkr sem var 47 mkr yfir áætlun eða um 2,4%. Tekjur **byggingarfulltrúa** voru 60 mkr yfir áætlun og tekjur **skipulagsfulltrúa** voru 12 mkr yfir áætlun. Þá voru tekjur **sorphirðu** um 24 mkr undir áætlun.

Laun og launatengd gjöld námu 1.840 mkr sem var 17 mkr yfir fjárheimildum ársins eða um 0,9%. Þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna allra kjarasamninga en áætluð viðbót vegna þeirra var 26 mkr. Miðað við þær forsendur var launakostnaður því 9 mkr undir áætlun ársins.

Annar rekstarkostnaður nam 6.602 mkr sem var 127 mkr yfir fjárheimildum eða um 2.0%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 493 mkr yfir fjárheimildum, sem skýrist einkum af vetrarþjónustu sem var 464 mkr yfir áætlun ársins. **Viðhald gatna** var 4 mkr undir fjárheimildum ársins og **leiga gatna** var 331 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna verðbótapáttar leigunnar.

Sorphirðan var 37 mkr yfir fjárheimildum, **skipulagsfulltrúi** var 15 mkr undir fjárheimildum, **skrifstofa sviðsstjóra** var 13 mkr undir fjárheimildum, **stefnumótun og greining** var 10 mkr undir fjárheimildum.

Skrifstofa sviðsstjóra og miðlæg þjónusta Rekstarkostnaður nam 871 mkr. Tekjur voru 299 mkr, þannig að **rekstrarniðurstaða ársins var 572 mkr, sem var 28 mkr lægri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir**. Rekstur skrifstofu sviðsins var 13 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna lægri leigu, sérfræðiþjónustu og auglýsingakostnaðar. Þá var kostnaður skrifstofu sviðsstjóra 13 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna stefnumótunar og greiningar og Landupplýsingadeildar.

Skipulag byggingar og borgarhönnun Rekstarkostnaður nam 592 mkr. Tekjur voru 249 mkr, þannig að **rekstrarniðurstaða ársins var 343 mkr, sem var 97 mkr lægri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir**. Rekstarkostnaður skrifstofu skipulags, byggingar og borgarhönnunar var 6 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna lægri launakostnaðar 3 mkr og lægri útgreiðslu hljóðvistar- og húsverndunarstyrkja 3 mkr. Rekstarkostnaður skipulagsfulltrúa var 31 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna hærri tekna 12 mkr, lægri launakostnaðar 3 mkr og kaupa á sérfræðiþjónustu 15 mkr, einkum vegna hverfaskipulags. Rekstarkostnaður byggingarfulltrúa var 63 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna hærri tekna að upphæð 60 mkr og lægri sérfræðikostnaðar 6 mkr.

Umvhverfisgæði Rekstarkostnaður nam 2.014 mkr. Tekjur voru 1.400 mkr, þannig að **rekstrarniðurstaða ársins var 614 mkr, sem var 53 mkr hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir**. Tekjur vegna sorphirðugjalda voru 30 mkr undir áætlun ársins og annar rekstrar kostnaður var 24 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna leigu sorpbifreiða. Rekstarkostnaður endurvinnslustöðva var 41 mkr yfir áætlun og móttökugjöld til Sorpu voru 19 mkr yfir fjárheimildum. Vinnuskólinn var 11 mkr undir fjárheimildum, aðallega vegna launakostnaðar nemenda sem var 9 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Framkvæmdir og viðhald mannvirkja Rekstarkostnaður við viðhald gatna og opinna svæða nam 830 mkr. **Rekstrarniðurstaða ársins var 4 mkr lægri en fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir**.

Rekstur og umhirða borgarlands Rekstarkostnaður nam 4.136 mkr. Tekjur voru 31 mkr, þannig að **rekstrarniðurstaða ársins var 4.104 mkr, sem var 172 mkr hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir**. Stærsta frávikkið var vegna reksturs gatna og opinna svæða 493 mkr yfir fjárheimildum, sem var einkum vegna vetrarþjónustu 464 mkr og leigu gatna sem var 331 mkr undir fjárheimildum ársins. Rekstarkostnaður Ræktunarstöðvarinnar var 12 mkr yfir áætlun ársins.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs.


Lykiltölur úr rekstri - USK	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-15
Umhverfisgæði						
Útgefin starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits	445	325	550	485	455	-6,2%
Nemendur í Vinnuskólanum	3.150	1.830	1.588	1.577	1.425	-9,6%
Fjöldi sorpílata, blandað sorp [tunnuígildi]	37.761	37.311	36.081	33.494	33.413	-0,2%
Fjöldi blárra tunna [stk]	2.939	4.063	11.284	12.258	12.944	5,6%
Skipulag, byggingar og borgarhönnun						
Deiliskip. a.uglýst í B-deild stj.tíðinda	67	57	69	98	94	-4,1%
Grenndarkynn. / þar afv. byggingarl.ums.	102 / 36	112/39	130/30	132/54	120/50	
Samþykktir m ³	193.790	295.688	663.996	530.661	911.749	71,8%
Byggðir m ³ (lokið við)	426.920	236.637	222.309	257.214	451.244	75,4%
Fullgerðar íbúðir	95	141	353	271	388	43,2%
Hafin smíði nýrra íbúða	113	356	614	597	926	55,1%
Rekstur og umhirða						
*						
Sláttur - flatarmál (m ²)	3.806.138	4.145.320	4.166.047	4.731.224	4.856.030	2,6%
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m ²)	6.425.000	6.486.520	6.518.953	5.254.400	5.311.595	1,1%

*Búið að sameina hverfisbækistöðvar Framkvæmda- og eignasviðs og garðyrkjustöðvar Umhverfis- og samgöngusviðs

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Talsverðar sveiflur voru í uppgjöri sviðsins milli einstakra liða. Þannig var t.d. vetrarþjónustan langt yfir fjárheimildum vegna erfiðrar veðráttu sl. vetur. Vetrarþjónustan var 464 mkr umfram fjárheimildir.

4.1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	3.736	3.488	249	7,1%
Laun og launat. gj.	12.181	11.868	313	2,6%
Annar rekstrark.	7.451	7.296	155	2,1%
Rekstrarniðurstaða	15.895	15.676	219	1,4%

sem jafna má á móti umframtekjum var um 158 mkr en auk þess hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna allra kjarasamninga en áætluð viðbót vegna þeirra var 74 mkr. Miðað við þær forsendur var launakostnaður 81 mkr yfir fjárheimildum eða 0,6%. **Veikindastundir** á árinu hjá Velferðarsviði voru alls 246 þúsund þar af voru metnar afleysingavinnustundir um 66 þúsund og kostnaður vegna þeirra metinn um 207 mkr. Fjárheimild langtímaveikindapotts vegna búsetuúrræða var 90 mkr og úthlutuð bæting vegna langtímaveikinda nam 78 mkr.

Annar rekstrarkostnaður var 7.451 mkr sem var 155 mkr umfram fjárheimildir eða 2%. Frávik má rekja til kostnaðar vegna vistunarþjónustu við börn með þroska- og geðraskanir að fjárhæð 242 mkr, sem var millifærður undir miðlægan kostnaðarstað á skrifstofu VEL og var án fjárheimilda. Hins vegar var ýmis annar kostnaður innan fjárheimilda, til dæmis búsetuúrræði sem voru 197 mkr innan fjárheimilda.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	278	264	14	5,2%
Laun og launat. gj.	4.437	4.362	75	1,7%
Annar rekstrark.	2.307	2.287	20	0,9%
Rekstrarniðurstaða	6.466	6.384	82	1,3%

Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks var 6.466 mkr sem var 82 mkr umfram fjárheimildir eða 1,3%. Tekjur voru 14 mkr yfir áætlun, sem rekja má til uppgjors frá fyrra ári vegna samninga við sveitarfélögin um dagþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Launakostnaður var 4.437 mkr sem var 75 mkr umfram fjárheimildir. Helstu frávik má rekja til þriggja sambýla en launafrávik þeirra nam samtals 101 mkr þar sem áætlun endurspegladi ekki þjónustuþyngd þeirra. Annar rekstrarkostnaður var 2.307 mkr sem var 20 mkr eða 1% umfram heimildir. Undir málefni fatlaðs fólks var færður kostnaður vegna vistþjónustu barna með þroska- og geðraskanir. Frávik vegna þeirrar þjónustu námu 242 mkr umfram fjárheimildir vegna óvænt aukinnar þjónustuþyngdar sem rekja má til þess að Barnaverndarstofa hafði hætt fjármögnun á þessum verkefnum.

Þjónustupættir:

Skrifstofur, nefndir og ráð Rekstrarniðurstaða var 3.153 mkr sem var 67 mkr eða 2% umfram fjárheimildir. Undir þennan lið fellur öll sérfræðiþjónusta, rekstur þjónustumiðstöðva, barnaverndar Reykjavíkur og skrifstofu velferðarsviðs. Launakostnaður var 2.472 mkr sem var 84 mkr eða 3,5% umfram fjárheimildir en hins vegar komu þjónustutekjur að hluta til á móti. Tekjur voru 63 mkr og samanstóðu aðallega af þjónustutekjum vegna sérfræðiþjónustu og ráðgjafar vegna grunn- og leikskóla, sem áttu sér mótbókun í launakostnaði. Annar rekstrarkostnaður var 744 mkr sem var 19 mkr eða 2,6% umfram fjárheimildir þar af voru um 11 mkr vegna flutnings á skrifstofu þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárheimildum og 19,6 mkr vegna ráðgjafar barnaverndar.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri Velferðarsviðs á árinu 2015 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins í heild var 19.841 mkr sem var 433 mkr eða 2% innan fjárheimilda.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 15.895 mkr sem var 219 mkr eða 1,4% umfram fjárheimildir. Stærstu frávikin liggja annars vegar í vistunarþjónustu vegna barna með þroska- og geðraskanir samtals að fjárhæð 242 mkr en engar fjárheimildir voru færðar vegna þjónustunnar og hins vegar vegna afturvirkra kjarasamningshækkana sem undirritaðir voru í lok nóvember s.l. en fjárheimildir voru ekki uppfærðar til samræmis samtals að fjárhæð 74 mkr. Að teknu tilliti til þessara tveggja liða var rekstur sviðsins án bundinna liða 97 mkr innan fjárheimilda.

Tekjur voru 3.736 mkr sem var 249 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 7%.

Laun og launatengd gjöld voru 12.181 mkr sem var 313 mkr eða 2,6% umfram fjárheimildir. Frávik í launakostnaði

Samningar, framlög og styrkir Rekstrarniðurstaða var 2.643 mkr sem var 215 mkr eða 9% umfram fjárheimildir. Tekjur námu 161 mkr og voru 31 mkr yfir áætlun, þar af voru 14 mkr uppgjörstekjur f.f. ári vegna samninga við sveitafélögin um málefni fatlaðs fólks og 12 mkr tekjur vegna sölu bifreiða í tengslum við ferðapjónustu fatlaðra. Annar rekstrarkostnaður var 2.784 mkr sem var 246 mkr eða 10% umfram fjárheimildir, þar af var kostnaður vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 242 mkr. Rekstrarniðurstaða ferðapjónustu fatlaðs fólks var 905 mkr eða 4 mkr umfram fjárheimildir. Þá var niðurgreiðsla strætisvagnafargjalda fyrir aldraða og öryrkja 16 mkr eða 20% umfram fjárheimildir.

Búsetuúrræði Rekstrarniðurstaða var 4.984 mkr sem var 130 mkr eða 3% innan fjárheimilda. Undir búsetuúrræði falla búsetukjarnar, sambýli, skammtímvistanir fyrir fatlað fólk, heimili fyrir heimilislausu einstaklinga og heimili fyrir heilabílaða. Tekjur voru um 79 mkr og voru 5 mkr undir áætlun. Launakostnaður var 4.535 mkr sem var 63 mkr umfram fjárheimildir eða 1%. Annar rekstrarkostnaður var 527 mkr sem var 197 mkr eða 27% innan fjárheimilda, aðallega vegna 67 mkr millifærslu fjárheimildar af uppbyggingu búsetuúrræða. Eftirstöðvar fjárheimildir til uppbyggingu búsetuúrræða nema 132 mkr.

Félagsmiðstöðvar Rekstrarniðurstaða var 704 mkr sem var 5 mkr innan fjárheimilda. Tekjur voru 140 mkr og voru 9 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður var 358 mkr sem var 34 mkr eða 9% innan fjárheimilda en af 17 félagsmiðstöðvum voru 12 reknar innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður var 487 mkr sem var 20 mkr eða 4% yfir fjárheimildum.

Dagþjónusta skiptist annars vegar í dagdeildir fyrir aldraða og hins vegar í dagþjónustu fyrir fatlað fólk. Rekstrarniðurstaða í heild var 323 mkr sem var 3 mkr eða 1% innan fjárheimilda. **Rekstrarniðurstaða dagdeilda fyrir aldraða** var 9 mkr umfram fjárheimildir en **rekstrarniðurstaða fyrir dagþjónustu fatlaðs fólks** á Iðjubergi og Gylfahlöt var 11 mkr innan fjárheimilda. Tekjur í heild voru 133 mkr eða 10 mkr yfir áætlun. Launakostnaður var 322 mkr sem var 29 mkr eða 10% umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 134 mkr sem var 21 mkr eða 14% innan fjárheimilda.

Heimaþjónusta Rekstrarniðurstaða var 1.676 mkr sem var 27 mkr eða 2% umfram fjárheimildir. Rekstrartekjur voru 130 mkr og voru 15 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður heimaþjónustu var 1.444 mkr sem var 36 mkr eða 2% innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður var 362 mkr sem var 47 mkr eða 15% umfram fjárheimildir, að stærstum hluta vegna þjónustusamninga.

Heimahjúkrun Rekstrarniðurstaða var 13 mkr umfram fjárheimildir. Rekstrarkostnaður heimahjúkrunar var 1.305 mkr eða 97 mkr umfram fjárheimildir. Rekstrartekjur heimahjúkrunar voru 1.292 mkr eða 84 mkr yfir áætlun vegna jafnlaunaáttaks 2013-2015 og kjarabóta. Launakostnaður heimahjúkrunar var 1.070 mkr sem var 93 mkr umfram fjárheimildir eða 10% en tekjur komu á móti. Annar rekstrarkostnaður heimahjúkrunar var samtals 235 mkr sem var 4 mkr umfram fjárheimildir.

Hjúkrunarheimili Rekstrarkostnaður Droplaugarstaða og hjúkrunardeildar Seljahlíðar var 1.279 mkr. Tekjur vegna daggjalda og smærri liða námu 1.010 mkr og var rekstrarniðurstaða 269 mkr sem var 36 mkr eða 15% umfram fjárheimildir. Launakostnaður Droplaugarstaða var 659 mkr eða 42 mkr yfir fjárheimildum, en launakostnaður Seljahlíðar var 224 mkr eða 50 mkr yfir fjárheimildum. Daggjaldshækkun vegna kjarasamninga var um 2,2% á árinu, en kjarasamningar hækkuðu í raun á bilinu 9-11%. Annar rekstrarkostnaður í heild var 396 mkr sem var 39 mkr innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður Droplaugastaða var 60 mkr innan fjárheimilda en hjá Seljahlíð var annar rekstrarkostnaður 21 mkr umfram fjárheimildir. Hlutfall á milli Droplaugastaða og Seljahlíðar er í stórum dráttum 80/20 þegar litið er til hjúkrunarrýma og fjárheimilda í rekstri en vegna óhagkvæmrar stærðar Seljahlíðar hefur hallarekstur verið viðvarandi.

Þjónustuíbúðir Rekstrarniðurstaða var 484 mkr sem var 19 mkr eða 4% innan fjárheimilda. Tekjur voru 150 mkr eða 5 mkr yfir áætlun. Launakostnaður var 379 mkr eða 9 mkr innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður var 255 mkr eða 5 mkr innan fjárheimilda.

Stuðningsfjölskyldur, stuðningsþjónusta og frekari liðveisla Rekstrarniðurstaða var 710 mkr sem var 29 mkr eða 4% umfram fjárheimildir. Launakostnaður var 357 mkr sem var 32 mkr eða 10% umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 354 mkr eða 2 mkr innan fjárheimilda.

Ýmis úrræði Rekstrarniðurstaða var 486 mkr sem var 47 mkr eða 11% umfram fjárheimildir. Á meðal ýmissa úrræða eru framleiðslueldhús, unglingsmiðjur, skólasel og úrræði barnaverndar. Rekstrarniðurstaða **framleiðslueldhúss** var 89 mkr sem var 1,5 mkr umfram fjárheimildir. Tekjur framleiðslueldhúss voru 246 mkr sem var 12 mkr eða 5% yfir áætlun. Fjöldi framleiddra matarskammta á tímabilinu var 341 þús. og hafði aukist um 3,2% milli ára. Rekstrarniðurstaða **unglingasmiðja og stuðningsheimilis** var 56 mkr sem var 6 mkr eða 10% innan fjárheimilda. Stærsta frávikið meðal ýmissa úrræða, má rekja til úrræða barnaverndar. Rekstrarniðurstaða **barnaverndar** var 340 mkr sem var 51 mkr eða 18% umfram fjárheimildir vegna aukinnar þjónustuþyngdar. Barnaverndarstofa hefur á s.l. árum verið að fækka sínum úrræðum, sem áður stóðu til boða. Auk þess eru börn sem fara í hefðbundna vistun með fjölbættari vanda en áður.

Virkniverkefni Rekstrarniðurstaða virkniaætlunar var 167 mkr sem var 1,5 mkr eða 1% umfram fjárheimildir. Launakostnaður nam 99 mkr eða 16 mkr innan fjárheimilda og annar kostnaður var 68 mkr sem var 18 mkr umfram fjárheimildir.

Þróunarverkefni Undir þróunarverkefni falla borgarverðir, hælisleitendur, flóttamannaverkefni og NPA (notendastýrð persónuleg ráðgjöf). Rekstrarniðurstaða þróunarverkefna var 216 mkr sem var 6 mkr innan fjárheimilda, en ónýttir styrkir frá fyrra ári voru færðir yfir áramót til notkunar á þessu ári. Rekstrartekjur voru 285 mkr og voru 81 mkr eða 40% yfir áætlun, þar af voru 50 mkr vegna yfirfærðs fjármagns frá fyrra ári. Rekstrarniðurstaða **borgarvarða** var 25 mkr sem var 7 mkr eða 21% innan fjárheimilda. Kostnaður vegna **NPA** var 238 mkr sem var 5 mkr umfram fjárheimildir. Rekstrarniðurstaða NPA að teknu tilliti greiðslna frá Jöfnunarsjóði var 191 mkr sem var 3 mkr umfram fjárheimildir. Kostnaður vegna **hælisleitenda** var 187 mkr en reksturinn er að fullu fjármagnaður af ríkinu. Heildarkostnaður **flóttamannaverkefnis** var 50 mkr en yfirfærðir styrkir frá fyrra ári voru fullnýttir á árinu til móts við kostnað.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Velferðarsviðs, fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-15
Heimþjónusta						
Fjöldi heimila	3.836	3.805	3.808	3.725	3.745	0,5%
Heildarkostnaður - þús. kr	1.306.813	1.409.853	1.399.733	1.538.599	1.810.299	17,7%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 219 mkr yfir fjárheimildum eða 1,4%. Frávik í rekstri Velferðarsviðs voru einkum vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 242 mkr yfir fjárheimildum.
- Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengdust málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir.
- Heildstæða greiningu á tekjum og útgjöldum Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks er að finna undir kafla 3.5 en þar kemur fram að halli borgarsjóðs skv. bráðabirgðauppgjöri var 1.082 mkr.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 269 mkr á árinu 2015. Mikilvægt er að tryggja að fullu fjármögnun á rekstrinum eða að skila honum ella. Ríkisstjórnin samþykkti þann 18. mars 2016 að fela ráðherrum heilbrigðis- og fjármála að ræða við rekstraraðila hjúkrunarheimila um mögulega styrkingu á rekstrargrunni heimilanna.

4.1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.987	2.056	-69	-3,4%
Laun og launat. gj.	24	23	1	6,0%
Annar rekstrark.	5.909	6.632	-723	-10,9%
Rekstrarniðurstaða	3.946	4.599	-653	-14,2%

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum Velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum, fyrir árið 2015 í samanburði við áætlun ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.



Rekstrarniðurstaða bundinna liða var 3.946 mkr sem var 653 mkr eða 14 % innan áætlunar.

Fjárhagsaðstoð VEL (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Framfærslustyrkur	2.236	2.675	-439	-16,4%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoð	492	507	-15	-3,0%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	92	105	-12	-11,8%
Heimildargreiðslur 16.gr. a v/barna	47	54	-7	-12,3%
Rekstrarniðurstaða	2.868	3.341	-473	-14,2%

Fjárhagsaðstoð: Kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var 2.868 mkr sem var 473 mkr eða 14% innan áætlunar. Fjárhagsaðstoð pr. notanda á mánuði var 139.957 kr og hafði hækkað um 4,4% milli ára. Notendur fjárhagsaðstoðar alls voru 3.677 sem var fækkun um 416 eða 10,2% frá fyrra ári.

Framfærslustyrkur nam 2.236 mkr sem var 439 mkr eða 16,4% innan áætlunar þar sem notendum fækkaði mikið á milli ára. Notendur framfærslustyrks voru alls 2.898 sem var fækkun um 371 eða 11,3% miðað við síðasta ár sem er jákvæð þróun einkum þar sem notendum sem hafa verið á fjárhagsaðstoð 6 mánuði eða lengur fækkaði töluvert.

Heimildargreiðslur voru alls 631 mkr sem var 35 mkr innan áætlunar. Notendur heimildargreiðslna voru 1.958 sem var fækkun um 81 eða 4% á milli ára.



Húsaleigubætur: Kostnaður vegna húsaleigubóta var 3.004 mkr sem var 310 mkr eða 9% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 1.925 mkr sem voru 131 mkr lægri en áætlun eða 6%. Nettó frávik frá áætlun nam því 180 mkr.

Almennar húsaleigubætur voru 2.000 mkr og 280 mkr eða 12% lægri en áætlun. Notendur almennra húsaleigubóta voru 8.550 sem var fækkun um 296 eða 3,3% á milli ára. **Sérstakar húsaleigubætur** voru 349 mkr eða 15 mkr lægri en áætlun. Notendur sérstakra húsaleigubóta voru 1.291 sem var fækkun um 22 eða 1,7% á milli ára. **Sérstakar húsaleigubætur í félagslegu húsnæði** voru 654 mkr eða 16 mkr lægri en áætlun. Notendur sérstakra húsaleigubóta í félagslegu húsnæði voru 2.266 sem var fjölgun um 33 eða 1,5% á milli ára.

Húsaleigubætur 2015 (mkr)	Tekjur Raun	Tekjur Áætlun	Húsal.b. Raun	Húsal.b. Áætlun	Nettó Raun	Nettó Áætlun
Alm. húsaleigub.	1.346	1.459	2.000	2.280	654	821
Sérst. húsaleigub.	208	219	349	364	141	146
Sérst. húsaleigub. v/fél. íbúða	371	378	654	670	284	291
Rekstrarniðurstaða	1.925	2.056	3.004	3.314	1.078	1.258

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** Velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-15
Fjárhagsaðstoð						
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila	3.285	3.295	3.350	3.269	2.898	-11,3%
Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila	1.936	2.027	2.130	2.039	1.958	-4,0%
Fjárhagsaðstoð alls. Fjöldi heimila.	4.112	4.135	4.218	4.093	3.677	-10,2%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - þús.kr	2.065.478	2.156.113	2.275.738	2.412.772	2.280.787	-5,5%
Heimildargreiðslur - þús. kr	549.157	553.486	567.789	532.483	634.128	19,1%
Fjárhagsaðstoð samtals þús. kr	2.614.635	2.709.599	2.843.527	2.945.255	2.914.915	-1,0%
Húsaleigubætur						
Húsaleigubætur (almennar) - Fj. heimila	8.433	8.221	8.314	8.846	8.548	-3,4%
Sérstakar húsaleigubætur - Fj. heimila	1.163	1.244	1.275	1.313	1.291	-1,7%
Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fj. heimila	2.177	2.192	2.200	2.233	2.265	1,4%
Húsaleigubætur (almennar) - þús. kr	1.792.005	1.720.020	1.938.598	2.100.106	2.000.598	-4,7%
Sérstakar húsaleigubætur - þús. kr	308.389	312.041	324.091	342.179	348.845	1,9%
Sérst. húsaleigub. Félagsb. - þús. kr	626.748	619.765	612.226	615.966	618.299	0,4%


Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 473 mkr undir áætlun og þróun síðustu mánaða heldur áfram þar sem notendum þjónustunnar fækkar milli ára. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 2.868 mkr árið 2015 en var 3.002 mkr árið 2014 eða 134 mkr lægri í ár. Notendum fækkaði um 416 milli ára.
- Húsaleigubætur (brúttó) voru 310 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, einkum almennar húsleigubætur sem voru 280 mkr undir áætlun (brúttó). Framlag Jöfnunarsjóðs vegna húsaleigubóta var jafnframt undir fjárhagsáætlun sem þýðir að nettó frávik var 180 mkr. Ástæður þess að húsaleigubætur voru undir áætlun gætu verið þær að tekjumörk og hámarksbætur vegna húsaleigubóta hafa verið óbreyttar frá árinu 2014 á sama tíma og meðaltekjur hafa hækkað.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp til laga um húsnæðisbætur sem á að koma í staðinn fyrir gildandi lög um húsaleigubætur. Stefnt er að því að samþykka það fyrir lok þessa þings. Ef frumvarpið verður samþykkt felur það í sér miklar breytingar m.a. þær að ríkið yfirtekur alfarið almennu húsaleigubæturnar og sveitarfélög fjármagna sérstöku húsaleigubæturnar. Óvíst er um tekjuuppgjör milli ríkis og sveitarfélaga en mikilvægt er að hagsmunir borgarinnar sem standa undir 69% af sérstökum húsaleigubótum verði ekki fyrir borð bornir.

4.1.6 Miðlæg stjórnsýsla



Rekstur RHS (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	1.567	1.428	139	9,8%
Laun og launat. gj.	2.484	2.446	37	1,5%
Annar rekstark.	1.828	1.832	-4	-0,2%
Rekstrarniðurstaða	2.744	2.850	-106	-3,7%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss á árinu 2015 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 2.744 mkr eða 106 mkr innan fjárheimilda.

Tekjur voru 1.567 mkr eða 139 mkr yfir áætlun. Tekjur voru 6 mkr yfir áætlun hjá Borgarlögmanni. Tekjur voru 8 mkr yfir áætlun hjá innri endurskoðun. Tekjur voru 14 mkr yfir áætlun hjá mannauðsdeild vegna kostnaðarþátttöku Sambands íslenskra sveitafélaga í rekstri á starfsmati. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 76 mkr yfir áætlun vegna aukinnar þjónustu við fagsvið. Aðrar tekjur voru 35 mkr yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 2.484 mkr eða 37 mkr yfir fjárheimildum. Þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna allra kjarasamninga en áætluð viðbót

vegna þeirra er 55 mkr. Miðað við þær forsendur var launakostnaður 18 mkr undir fjárheimildum.

Annar rekstarkostnaður var 1.828 mkr, sem var 4 mkr undir fjárheimildum.

Borgarlögmaður Kostnaður var 115 mkr og var rekstur 6% yfir fjárheimildum vegna hærri launakostnaðar og aukinnar aðkeyptar vinnu.

Fjármálaskrifstofa Kostnaður var 850 mkr og var rekstur 3% innan fjárheimilda.

Mannréttindaskrifstofa Kostnaður var 135 mkr og var rekstur 12% innan fjárheimilda, einkum vegna úrræða gegn heimilisofbeldi sem var 10 mkr undir fjárheimildum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara Kostnaður var 641 mkr og var rekstur 5% innan fjárheimilda

Skrifstofa borgarstjórnar Kostnaður var 322 mkr og var rekstur 1% innan fjárheimilda.

Skrifstofa þjónustu og rekstrar Kostnaður var 595 mkr og var rekstur 5% undir fjárheimildum.

Innri endurskoðun Kostnaður var 86 mkr og var rekstur 2% yfir fjárheimildum.


Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** á skrifstofum í Ráðhúsi.

Lykiltölur úr rekstri - RHS	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-15
Innsend erindi – skrifstofa borgarstjóra	1.876	1.372	1.318	1.221	1.143	-6,4%
Fjöldi reikninga (fskj) - FMS	244.069	260.803	269.891	286.280	295.578	3,2%
Fjöldi útboða - Innkaupaskrifstofa	52	96	60	74	107	44,6%
www.reykjavik.is – vikuleg innlit	44.948	45.907	42.460	40.500	39.200	-3,2%
Þjónustuver - fjöldi símtala	214.387	199.275	180.610	160.145	149.916	-6,4%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur miðlægrar stjórnsýslu var 106 mkr eða 3,7% undir fjárheimildum. Helstu frávik var að finna hjá upplýsingatæknideild, þar sem tekjur voru 76 mkr yfir áætlun sem skýrist af aukinni þjónustu við fagsvið.

4.1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	32	59	-27	-45,7%
Laun og launat. gj.	571	321	250	77,8%
Breyting lífeyrisskb.	14.573	2.300	12.273	533,6%
Annar rekstark.	1.802	1.749	53	3,0%
Rekstrarniðurstaða	16.914	4.312	12.603	292,3%

mkr undir fjárheimildum eða 6%.

Innheimtukostnaður skattekna nam 502 mkr og var var 7 mkr yfir fjárheimildum eða 1%.

Starfsmannakostnaður nam 330 mkr og var 228 mkr yfir fjárheimildum, þar af nam áfallið orlof sem ekki var áætlað fyrir 210 mkr og slysabætur voru 21 mkr yfir fjárheimildum þar sem kröfur vegna slysabóta hafa aukist og bætur hafa hækkað.

Ýmis kostnaður nam 735 mkr og var 201 mkr yfir fjárheimildum eða 38%. Niðurfærsla hlutabréfaeignar í Jörundi ehf. nam 232 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Niðurfærslur voru 44 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Innri leiga húsnæðis, áhalda og tækja var 17 mkr undir áætlun og ófyrirséð var 16 mkr undir áætlun.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á öðrum útgjöldum ársins 2015 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 16.914 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 4.312 mkr sem var 12.603 mkr eða 292% yfir fjárheimildum ársins.

Tekjur voru 27 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af lægri inngreiðslum frá Vinnumálastofnun vegna þátttöku í atvinnuáttaksverkefni en áætlað var.

Laun voru 250 mkr yfir fjárheimildum, þar af nam áfallið orlof sem ekki var áætlað fyrir 210 mkr.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 14.573 mkr og var 12.273 mkr yfir fjárheimildum. Nánari greiningu á lífeyrisskuldbindingu má finna í kafla 3.1.2.


Annar kostnaður hjá sameiginlegum kostnaði var 53 mkr yfir fjárheimildum.

Styrkir og ýmis framlög námu 371 mkr sem var 68 mkr undir fjárheimildum eða 16%.

Atvinnumál útgjöld námu 291 og var 31 mkr undir fjárheimildum eða 10%.

Rekstur miðlægra tölvukerfa nam 112 mkr og var 8

4.1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja



Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja á árinu 2015 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Framlög til B-hluta fyrirtækja námu 2.686 mkr og voru 4 mkr yfir fjárheimildum.

Strætó: Framlag til Strætó var 1.875 mkr eða 4 mkr yfir fjárheimildum. Þar af var framlag til nemaverkefnis 167 mkr eða 24,7 mkr yfir fjárheimildum.


Reglubundið framlag var 20,6 mkr undir fjárheimildum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 811 mkr eða á pari við fjárheimildir ársins.

Framlög (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Strætó	1.875	1.871	4	0,2%
Slökkvilið hbsv.	811	811	0	0,0%
Rekstrarniðurstaða	2.686	2.682	4	0,2%

4.2 Eignasjóður

4.2.1 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu hjá SEA árið 2015 í samanburði við fjárheimildir. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða SEA var jákvæð um 5.453 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 6.186 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 732 mkr lakari en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð upp á 10.510 mkr eða um 1.446 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

Frávikið fólst einkum í að tekjur voru 1.120 mkr undir áætlun, auk þess sem rekstrargjöld voru 326 mkr umfram fjárheimildir.

Tekjur voru 17.718 mkr eða 1.120 mkr undir áætlun sem jafngildir -5,9%. Þar af voru tekjur vegna **sölu byggingaréttar** 418 mkr undir áætlun sem helgast af seinkun deiliskipulagsgerðar Vesturbugtár. Tekjur vegna **sölu fastafjármuna** voru 134 mkr undir áætlun auk þess sem **leigutekjur** voru 580 mkr undir áætlun, þar af voru 111 mkr tilkomnar af því að stofn gatnaleygu reyndist 505 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Á móti komu tekjur af útleigu bílastæða upp á 100 mkr sem ekki hafði verið áætlað fyrir, önnur frávik helgast af lægri verðbólgu en áætlun gerði ráð fyrir.

Laun og launatengd gjöld námu tæplega 152 mkr og voru 17 mkr umfram fjárheimildir eða 12,6%. Þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna allra kjarasamninga


en áætluð viðbót vegna þeirra er 3 mkr. Miðað við þær forsendur var launakostnaður 14 mkr yfir áætlun, þar af voru tæplega 2 mkr vegna áfallins orlofs starfsmanna SEA og liðlega 9 mkr vegna áfallins orlofs starfsmanna USK í ES.

Annar rekstrarkostnaður var 2.981 mkr eða 247 mkr yfir fjárheimildum sem jafngildir 9,0% fráviki, þar af voru 79 mkr vegna gjaldfærslu kostnaðar við endurgerð **Gröndalshúss**, 37 mkr vegna **fasteignagjalda** sem ekki hafði verið áætlað fyrir og 92 mkr vegna leigugjalda **framleigugeigna** sem ekki var áætlað fyrir. Önnur frávik námu 39 mkr eða 1,43%.

Afskriftir voru 4.075 mkr eða 62 mkr umfram það sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir. Helgast það alfarið af afskriftum framleigugeigna sem ekki hafði verið áætlað fyrir.

Fjármagnsliðir Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 5.057 mkr og voru 713 mkr lægri en það sem áætlun gerði ráð fyrir sem að mestu má rekja til þess að verðbólga var lægri en áætlað var.

4.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



USK (mkr)	Raun 2015	Áætlun 2015	Frávik	%
Tekjur	3.831	3.148	683	21,7%
Laun og launat. gj.	1.462	1.455	6	0,4%
Annar rekstrark.	3.445	2.701	744	27,5%
Rekstrarniðurstaða	-1.075	-1.008	-67	6,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á árinu 2015 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 1.075 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 1.008 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 67 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir eða um 6,6%.

Tekjur voru 3.831 mkr eða 683 mkr yfir áætlun sem jafngildir 21,7%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) voru um 491 mkr yfir áætlun, einkum vegna vetrarþjónustu. Þá voru tekjur vegna **viðhalds gatna og opinna svæða** (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) 4 mkr undir áætlun. Tekjur vegna kostnaðarhlutdeildar í fjárfestingarverkefnum voru 69 mkr yfir áætlun og tekjur af **útseldri þjónustu** voru 55 mkr hærri en áætlað var. Tekjur vegna verkefna sem unnin voru fyrir **Vegagerðina**, sem voru einkum vegna vetrarþjónustu og reksturs umferðarljósa, námu 70 mkr en ekki var gert ráð fyrir þessum tekjum í áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.462 mkr sem var 6 mkr yfir fjárheimildum eða um 0,4%. Þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna allra kjarasamninga en áætlun viðbót vegna þeirra er 4 mkr. Miðað við þær forsendur var launakostnaður því 2 mkr yfir fjárheimildum,

sem var einkum vegna aukinnar yfirvinnu starfsmanna þjónustumiðstöðvar og hverfastöðva við vetrarþjónustu.

Annar rekstrarkostnaður var 3.445 mkr og reyndist 744 mkr yfir fjárheimildum eða um 27,5%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var um 506 mkr yfir fjárheimildum ársins, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu eða 464 mkr. Þá var **viðhald gatna og opinna svæða** 4 mkr undir fjárheimildum og kostnaður við verkefni unnin fyrir **Vegagerðina**, einkum vegna vetrarþjónustu og grassláttar 70 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Kostnaður vegna **útseldrar þjónustu** var 56 mkr umfram áætlun. Þá var **viðhald fasteigna** um 105 mkr yfir fjárheimildum en þar af eru 43 mkr færðar af fjárfestingu yfir á viðhald þar sem ekki þótti hægt að eignfæra þau verk. Kostnaður vegna **ferlimála fatlaðra** var 35 mkr undir fjárheimildum og kostnaður vegna **færanlegra kennslustofa** var 3 mkr undir fjárheimildum.

Viðhald fasteigna Nettó viðhaldskostnaður fasteigna nam 1.024 mkr sem var 105 mkr yfir fjárheimildum, kostnaður var því um 11% umfram fjárheimildir. Viðhaldskostnaður húsnæðis vegna menningarmála nam 66 mkr og reyndist 14% yfir fjárheimildum, grunnskóla 402 mkr eða 11% yfir fjárheimildum, íþróttamála 172 mkr eða 26% yfir fjárheimildum, leikskóla 234 mkr eða 25% yfir fjárheimildum, velferðarmála 53 mkr eða 18% yfir fjárheimildum og aðrar fasteignir 97 mkr sem reyndist 25% undir fjárheimildum.

Ferlimál fatlaðra Nettó kostnaður við ferlimál fatlaðra í húsnæði á vegum borgarinnar nam 29 mkr sem var 35 mkr undir fjárheimildum eða um 55%. Kostnaður við ferlinefnd nam 2 mkr, við ferlimál í grunnskólum 11 mkr, í íþróttamannvirkjum 6 mkr, í leikskólum 5 mkr og öðrum eignum 5 mkr.

Útseld þjónusta Tekjur af útseldri þjónustu námu 177 mkr sem var 55 mkr yfir áætlun eða um 45%. Kostnaður við útselda þjónustu var á pari við tekjur.

Rekstur gatna og opinna svæða Nettó kostnaður nam 2.244 mkr þegar tekið hefur verið tillit til kostnaðar vegna verkefna sem unnin voru fyrir Vegagerðina og fl. upp á 80 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Kostnaðurinn var 491 mkr yfir fjárheimildum eða 28%. Kostnaður við vetrarþjónustu nam 752 mkr sem er 161% yfir fjárheimildum. Kostnaður við hreinsun borgarlandsins nam 515 mkr og var í takt við fjárheimildir, kostnaður við grasslátt nam 200 mkr 6% undir fjárheimildum, kostnaður vegna gatnalýsingar nam 210 mkr eða 1% yfir fjárheimildum, kostnaður við náðhús nam 40 mkr eða 4% yfir fjárheimildum, kostnaður vegna viðburða nam 52 mkr eða 43% yfir fjárheimildum, kostnaður vegna garðyrkju nam 415 mkr og var í takt við fjárheimildir, kostnaður við ýmis önnur verk nam 60 mkr og reyndist 61% yfir fjárheimildum.

Viðhald gatna og opinna svæða Nettó kostnaður nam 830 mkr, sem var 4 mkr undir fjárheimildum eða um 0,4%, þegar tekið hefur verið tillit til kostnaðarhlutdeildar Vegagerðarinnar og fl. í umferðarljósum að fjárhæð um 7 mkr. Kostnaður við götur nam 214 mkr og reyndist 12% yfir fjárheimildum, kostnaður við gönguleiðir nam 83 mkr eða 3% undir fjárheimildum, kostnaður vegna opinna svæða nam 154 mkr eða 15% undir fjárheimildum, kostnaður við yfirborðsmerkingar gatna 69 mkr eða 5% yfir fjárheimildum, kostnaður við umferðamerki og umferðaljós nam 112 mkr eða 14 % undir fjárheimildum, kostnaður við strætisvagnabiðskýli nam 31 mkr og var 1% undir fjárheimildum, kosntaður vegna gatnalýsingar nam 143 mkr eða 15% yfir fjárheimildum og kostnaður vegna umhverfis og útivistarsvæða nam 24 mkr sem var í takt við fjárheimildir.

5. Nánar um B-hluta

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppjörðs Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

5.1 Faxaflóahafnir

Rekstrarhagnaður ársins nam 964 mkr, þar af voru 618 mkr af reglulegri starfsemi en til samanburðar var rekstrarhagnaður 644 mkr fyrir árið 2014.

Niðurstaða ársreiknings árið 2015 sýnir að tekjur voru nokkuð umfram áætlun og rekstrarútgjöld eilítið undir áætlun. Þá voru fjárhæðir fjármagnsliða lægri en áætlun gerði ráð fyrir enda verðbólga mun minni en spáð var.

Rekstrartekjur voru 3.168 mkr og hækkuðu á milli ára um 173 mkr án söluhagnaðar eða sem nam 5,8% og var það 9,6% umfram fjárhagsáætlun. Þar vó þyngst aukning vörugjalda vegna aukins innflutnings auk þess sem aflagjöld voru umfram spár. Aukning vörugjalda á milli ára var 110 mkr. Magn vöru á milli árunna 2014 og 2015 jókst og útlit er fyrir svipað magn árið 2016. Þá voru eignatekjur hærri en gert var ráð fyrir í áætlun og 17 mkr hærri en árið 2014.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna dreifast á allnokkra þætti og eru vörugjöld og lóðarleigutekjur þar stærstir. Aðrir tekjuliðir eru almennt stöðugir. Hækkun tekna á milli ára (án söluhagnaðar eigna) nam 172,8 mkr. Hækkun **vörugjalda** var um 11% á milli ára og skýrist af auknum innflutningi og auknu magni varnings í hæsta gjaldflokki. Tekjuauki af vörugjöldum skilaði hlutfallslega samsvarandi hækkun tekna af **siglingavernd**. Þá voru tekjur af **aflagjöldum** nokkru hærri en árið 2014, sem skýrist helst af herra afurðaverði, en í magni var ekki um að ræða aukningu á lönduðum afla. Þá voru **eignatekjur** og tekjur af **hafnarþjónustu** svipaðar milli ára. Ásókn í lóðir á hafnarvæðum fyrirtækisins hafa vaxið verulega og er svo komið að nánast öllum lóðum hefur verið úthlutað í Gömlu höfninni.

Rekstrargjöld voru 2.549 mkr og hækkuðu að krónutölu á milli ára um 144 mkr eða um 6,0%. Rekstrargjöld voru lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir sem nam 67 mkr eða 2,6%. Rekstarkostnaður hafnarvirkja jókst um 60 mkr frá árinu 2014 vegna aukinna viðhaldsframkvæmda. Siglingavernd hækkaði um 38 mkr milli ára en vaxandi kröfur um búnað vegna hafnarverndar mun auka þennan kostnað á komandi árum.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna eru í jafnvægi, en ráðast að nokkru af viðhaldspörf mannvirkja. Framundan eru stórar framkvæmdir í Reykjavík, á Grundartanga og á Akranesi og þarf að huga nú að fjármögnun þessara framkvæmda.

Óreglulegir liðir Félagið seldi á árinu lóðirnar Geldingarnes, Eiðsvík og Gufunes til Reykjavíkurborgar. Söluverð þeirra byggði á fasteignamati á kaupdegi sem nam 346,3 mkr og innleystist söluverð þeirra að fullu sem hagnaður í rekstrarreikningi ársins þar sem lóðirnar höfðu ekkert bókfært verð í ársreikningi eða bókhaldi Faxaflóahafna.

Heildareignir 2015 námu 13.942 mkr, þar af námu fastafjármunir 11.780 mkr og veltufjármunir 2.162 mkr. Heildareign hækkaði á milli ára um 725 mkr eða um 5,5%

Heildarskuldur voru 1.347 mkr og lækkuðu um 66 mkr eða um 4,6%.

Eigið fé nam 12.595 mkr í lok árs og hækkaði um 6,7%.

Fjárfestingarhreyfingar voru í heildina 313 mkr sem er lækkun um 61% á milli ára en árið 2014 námu þær 802 mkr. Fjárfestingar ársins námu um 932 mkr en voru á árinu 2014 alls 1.014 mkr sem er lækkun um 8,1%.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna	2015	Áætlun 2015	2014	Hækkun milli ára
Vörugjöld				
Almenn vörugjöld	985.679	867.557	894.153	10%
Vörugjöld olíu	122.013	113.381	103.987	17%
	1.107.693	980.938	998.140	11%
Aflagjöld				
Aflagjöld	253.204	190.000	227.189	11%
	253.204	190.000	227.189	11%
Skipagjöld				
Lestargjöld	104.530	103.136	104.347	0%
Bryggjugjöld	171.232	174.041	178.492	-4%
Legugjöld	15.384	16.115	15.443	0%
	291.146	293.292	298.282	-2%
Eignatekjur				
Lóðaleiga	423.455	405.359	432.708	-2%
Hafnarbakkaleiga	48.546	46.760	47.162	3%
Leiga á geymslsvæðum	2.868	414	619	364%
Leiga á dráttarbrautum	13.942	17.468	14.262	-2%
Húsaleiga	308.559	300.517	285.624	8%
	797.369	770.518	780.374	2%
Hafnarþjónusta				
Hafnsaga	101.784	91.318	98.444	3%
Festargjöld	44.941	39.750	44.562	1%
Hafnsögubátar	188.343	180.487	180.226	5%
Vigtir o.fl.	25.715	16.966	17.853	44%
Rafmagn	66.473	80.342	80.519	-17%
Vatnsala	26.360	22.496	25.002	5%
	453.615	431.359	446.606	2%
Siglingavernd				
Skipavernd	34.986	26.781	29.609	18%
Farmvernd	200.829	173.511	183.790	9%
Farþegavernd	22.427	24.638	24.413	-8%
	258.242	224.930	237.812	9%
Söluhagnaður og aðrar tekjur				
Söluhagnaður fastafjármuna	350.062	0	53.134	559%
Aðrar tekjur	3.006	0	7.192	-58%
	353.068	0	60.326	485%

Helstu fjárfestingar voru eftirfarandi:

Í **Gömlu höfninni í Reykjavík** var sett niður ný flotbryggja í Vesturbugt. Lokið var frágangi húsnæðis í Bakkaskemmu fyrir Sjávarklasann og gengið frá umhverfi húss og götu.

Í **Sundahöfn** var unnið að undirbúningi nýs hafnarbakka utan Klepps. Meginþungi verkefnisins fellur til á árunum 2016 til 2018. Reiknað hafði verið með að framkvæmdir við verkefnið gengju hraðar á árinu 2015, en hluti verkefnanna flyst yfir á árið 2016. Unnið var að lagningu rafdreifikerfis í Skarfabakka og settar niður stormbindingar fyrir stærri skip. Þá var lögð ný gata inn á þróunarsvæðið utan Klepps.

Á **Grundartanga** var unnið að lokaframkvæmdum við lengingu Tangabakka, en því verkefni lýkur formlega á árinu 2016. Slitlag var endurnýjað á hluta Tangabakka og unnið að þróun lóða. Ráðgert var að fara í framkvæmdir við vegagerð vegna lóðar Silicor, en framkvæmdir bíða endanlegrar fjármögnunar verkefnisins og fleiri atriða.

Á **Akranesi** var keypt ný flotbryggja, sem ætlað er að þjóna ferðaþjónustubátum.

Í **Borgarnesi** var unnið að hreinsun viðlegumannvirkja og keypt flotbryggja til niðurstetningar á árinu 2016.

Greiddur var **arður** til eigenda sem nam 173 mkr. Afborganir lána námu 158 mkr en þær voru 377 mkr árið 2014 eða 58,1% lægri en árið áður.

Handbært fé frá rekstri árið 2015 nam 1.536 mkr og hækkaði um 231 mkr milli ára. **Handbært fé** í árslok nam 1.735 mkr en það nam 842 mkr árið 2014 sem er 106% hækkun milli ára.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2011-2015:

Faxaflóahafnir	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	82,7%	84,8%	86,4%	89,3%	90,3%
Arðsemi eigin fjár	2,3%	3,4%	5,4%	5,7%	8,2%
Veltufjárlutfall	2,02	1,79	2,00	3,34	4,65
Skuldsetningarhlutfall	15,1%	12,7%	10,4%	8,1%	7,0%
Uppgreiðslutími	2	2	1	1	1
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	42,8%	39,8%	46,6%	44,4%	43,6%
Framlegð/rekstrartekjur	45,0%	45,8%	47,2%	46,2%	43,6%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstarniðurstaða, efnahagur og sjóðstreymi eru töluvert betri en áætlun ársins gerði ráð fyrir.
- Staða á handbæru fé er mjög góð og sýnir sterka stöðu fyrirtækisins. Veltufjárlutfall er mjög gott.
- Kennitölur félagsins lýsa miklum fjárhagslegum styrk. Með tilliti til þess hefur félagið alla burði til þess að greiða eigendum sínum arðgreiðslur í framtíðinni.
- Mikilvægt er að móta eigendastefnu, áhættu- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

5.2 Félagsbústaðir

Ársreikningar Félagsbústaða eru gerðir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS í samræmi við 90. gr laga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Hagnaður nam 4.051 mkr á árinu 2015 en var 4.713 mkr árið 2014.

Rekstrarhagnaður fyrir vaxtagjöld, verðbætur lána og matsbreytingu fjárfestingaeigna lækkaði um 2% milli ára, úr 1.533 mkr árið 2014 í 1.502 mkr árið 2015. Hrein vaxta- og verðbóttagjöld námu 1.538 mkr og hækkuðu um 23% milli ára og nam vaxtaþekja rekstrarhagnaðar ársins 2015 1,56 miðað við 1,61 árið á undan.

Rekstrarafkoma fyrir verðbætur lána og matsbreytingu fjárfestingaeigna nam 540 mkr á árinu 2015 miðað við 579 mkr árið á undan sem er 6,7% lækkun milli ára. Verðbreyting lána nam samtals 575,8 mkr. Við mat á eignum Félagsbústaða til útleigu er stuðst við mat fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands í árslok 2015 að teknu tilliti til 7,2% hækkunar á vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til desember 2015. Matsbreyting fjárfestingaeigna félagsins nam 4.080 mkr á árinu 2015 en var 4.461 mkr árið 2014.

Rekstrartekjur Félagsbústaða hf. á árinu 2015 námu 3.162 mkr, sem er 2,7% aukning tekna frá árinu á undan aðallega vegna verðlagshækkunar leigu og stækkunar eignasafnsins.

Rekstrargjöld námu samtals 1.660 mkr og hækkuðu milli ára um 7,4%. Af einstökum rekstrarþáttum hækkaði rekstrar-kostnaður fasteigna um 4,6% og launakostnaður um 1,1%. Gjaldfært viðhald fasteigna nam um 1,25% af verðmati þeirra í árslok. Framlag til afskrifta leiguskulda var 49 mkr en 43 mkr árið 2014 og svaraði til um 1,7% af leigutekjum ársins miðað við 1,5% árið á undan.

Heildareignir Félagsbústaða hf. í árslok 2015 námu tæpum 53.885 mkr og jukust um 6.594 mkr á árinu, eða um 14%, þar af 9,6% vegna hækkunar á verði eigna og 4,3% vegna stækkunar eignasafnsins. Á árinu 2015 keypti félagið 85 íbúðir og seldi 1 íbúð sem svarar til 3,7% stækkunar eignasafnsins.

Eigið fé félagsins nam 21.678 mkr í árslok 2015 og jókst um tæpa 4.260 mkr milli ára, eða um 24,5%. Eiginfjárlutfall var 40,2% í árslok 2015 en var 36,8% árið á undan.

Heildarskuldir fyrirtækisins í árslok 2015 voru 32.206 mkr en voru 29.873 mkr í árslok 2014.


Handbært fé frá rekstri nam 590 mkr á árinu 2015 sem er um 19 mkr hærra en árið á undan. Fjárfestingar á árinu 2015 námu 2.389 mkr miðað við 711 mkr árið áður. Fjármögnunarhreyfingar ársins voru með innstreymi sem nam 1.797 mkr, samanborið við 141 mkr innstreymi árið áður.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir árin 2011-2015 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbúst.-gangvirðisuppgj.	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	23,7%	27,6%	30,1%	36,8%	40,2%
Arðsemi eigin fjár	51,1%	26,1%	14,6%	37,2%	23,3%
Veltufjárlutfall	0,19	0,16	0,14	0,14	0,09
Skuldsetningarhlutfall	309,8%	251,9%	224,6%	164,6%	133,3%
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir	1,32	1,39	1,58	1,61	1,56
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	0,91	0,95	1,01	1,06	1,01
Uppgreiðslutími	93,7	69,8	53,5	49,1	53,8
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	11%	14%	18%	19%	17%
Framlegð/rekstrartekjur	46%	50%	50%	50%	47%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Hagnað félagsins á árinu 2015 og aukningu eigin fjár má að mestu leyti rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Mikilvægt er að hafa í huga að þessi hagnaður verður aðeins innleystur með sölu eigna og því hefur hann lítið að segja um grunnrekstur félagsins meðan ekki eru áform um að minnka framboð leiguíbúða. Raunar hefur hækkun fasteignaverðs frekar neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins en jákvæð þegar félagið er í stækkunarfasa eins og nú er, enda boðar hækkun fasteignaverðs aukinn kostnað við öflun nýrra eigna. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og hafa þær hækkað umtalsvert minna en fasteignaverð undanfarið; sl. þrjú ár hefur vísitalan hækkað um 7,5% meðan markaðsvirði íbúðarhúsnæðis hefur hækkað um 30,9%. Horfur eru á áframhaldandi misgengi í þróun fasteignaverðs og vísitölu neysliverðs sem kemur til með að auka framkvæmdakostnað félagsins umfram tekjur.



- Uppgangur á byggingamarkaði síðustu misserin birtist ekki aðeins í hækkun fasteignaverðs heldur einnig í auknu gjaldfærðu viðhald og framkvæmdakostnaði í rekstri, sem voru alls um 12,6% umfram áætlun á árinu 2015. Samdrátt rekstrarhagnaðar og veltufjár frá rekstri milli ára má að miklu leyti rekja til þessa fráviks. Þá var kostnaður við eignfærðar framkvæmdir um 20,2% umfram áætlun. Undanfarið hafa taxtar iðnaðarmanna hækkað verulega umfram verðlag sem hefur aukið kostnað við viðhald og framkvæmdir umfram tekjur félagsins á sama hátt og lýst var hér að framan.
- Skammtímaskuldir félagsins jukust um 2,1 mkr milli ára. Í lok árs skuldaði félagið 1,1 mkr vegna yfirdráttarheimildar sem nýtt var á árinu til að fjármagna fasteignakaup. Þar að auki hafði félagið stofnað til skuldbindinga um fasteignakaup sem nemur 1,3 mkr. Á árinu 2016 þarf að ganga frá langtímafjármögnun vegna þessara kaupa. Gert er ráð fyrir að stór hluti kaupanna verði fjármagnaður með félagslegum lánum frá Íbúðalánasjóði á fyrstu mánuðum ársins 2016. Þá samþykkti borgarstjórn á fundi sínum 15. mars sl. að veita félaginu veðheimild í útsvarstekjum borgarinnar vegna 500 mkr lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga (LS) með 3,2% verðtryggðum vöxtum. Lánið er til ársins 2055 og er afborgunarlaust til ársins 2020 en greitt til baka með jöfnum afborgunum eftir það. Þetta lánsform hentar félaginu afar vel til fjármögnunar bæði á kaupum og nýframkvæmdum þar sem lánið er til langs tíma og jafnframt án afborgana fyrstu árin meðan framkvæmdir standa yfir og leigugeignir hafa ekki byrjað að skila tekjum.
- Í desember sl. var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um almennar íbúðir þar sem lögð er til ný umgjörð um stuðning hins opinbera við uppbyggingu eða kaup á leiguhúsnæði fyrir tekjulága. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir framlagi frá hinu opinbera til slíkra verkefna sem nemur 30% af stofnkostnaði, þar af 18% frá ríki og 12% frá sveitarfélögum. Þegar þetta er skrifað hefur velferðarnefnd Alþingis frumvarpið til umfjöllunar og óvíst er hvenær nefndin afgreiðir frumvarpið frá sér. Þá virðist reglugerðarvinna tengd frumvarpinu stutt komin.
- Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016, sem samþykkt var í borgarstjórn 1. desember sl., er gert ráð fyrir að Félagsbústaðir fjárfesti fyrir 2,7 mkr á árinu þar sem 0,8 mkr verði fjármagnaðir með stofnframlögum ríkisins og borgarinnar og 2 mkr með lántöku. Mikil óvissa er um forsendurnar fyrir þessum fjárfestingum þar sem ljóst er að frágangur frumvarps um almennar íbúðir og reglugerðarvinna gæti tafist. Jafnframt er óvissa um lánsfjármögnun vegna fjárfestinganna þar sem skoðun á fjármögnunarvalkostum félagsins hefur tafist vegna óvissu um fyrrgreint frumvarp. Ljóst er að frumvarpið felur í sér stóráukinn stuðning við leiguhúsnæði af hálfu hins opinbera og því kæmi það niður á leigjendum félagsins í formi hærri leigu ef fjárfestingarverkefni ársins 2016 hlytu ekki stofnframlögin sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
- Að óbreyttu mun Íbúðalánasjóður hætta að veita félagsleg lán til íbúðakaupa eftir apríl 2016. Í umsögn fjármálaskrifstofu um frumvarp um almennar íbúðir og á fundi með velferðarnefnd þann 27. janúar sl. lagði fjármálaskrifstofa sérstaka áherslu á að félagsleg lán Íbúðalánasjóðs standi áfram til boða a.m.k. út árið 2016 meðan verið er að vinna að frágangi frumvarpsins og reglugerðarvinnu.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Vaxtaþekja (1,56) og skuldaþekja (1,01) eru yfir lágmarkum (1,4 og 0,9), en þessi lágmark voru skilyrði borgarsjóðs fyrir veitingu veðheimildar vegna endurfjármögnunar á FEL97 skuldabréfaflokknum hjá Lánasjóði sveitarfélaga árið 2013. Handbært fé frá rekstri var jafnframt umfram afborganir langtímalána á árinu 2015. Uppgjörið ber því vott um ágætt jafnvægi í rekstri Félagsbústaða. Þegar horft er til næstu ára er þó mikil óvissa um þróun kostnaðarþátta félagsins og fjármögnunarumhverfi.
- Fasteignaverð hefur hækkað töluvert umfram verðlag undanfarið og kostnaður félagsins við viðhald og framkvæmdir sömuleiðis. Rekstrargjöld félagsins jukust um 7,4% árið 2015 meðan tekjur jukust um 2,7% og framlegð dróst því saman. Árið 2015 einkenndist af þenslu á byggingamarkaði og horfur eru á að hún magnist á næstu misserum. Því er mikilvægt að félagið leiti allra leiða til að lágmarka viðhalds- og framkvæmdakostnað með útboðum.
- Fjármálaskrifstofa telur mikilvægt að borgarráð fylgist náið með þróun í efnahagsmálum og á byggingamarkaði á árinu 2016 og meti hvort vaxandi þensla gefi tilefni til endurskoðunar á stækkunaráformum félagsins. Nýsamþykkt lög um opinber fjármál gera ráð fyrir að opinberir aðilar rífi seglin þegar merki eru um uppgang í hagkerfinu og þenji þau í staðinn á samdráttartímum, enda styður það bæði við efnahagslegan stöðugleika og leiðir til minni kostnaðar við framkvæmdir þar sem samkeppni um vinnuafli er minni á samdráttartímum. Í tilviki Félagsbústaða hefur framkvæmdakostnaður bein áhrif á leiguverðið sem félagið getur boðið.
- Frumvarp til laga um almennar íbúðir er nú í meðförum Alþingis og óvíst hvenær frumvarpið verður að lögum og vinnu við reglugerðir lýkur. Jafnframt mun Íbúðalánasjóður að óbreyttu hætta að veita félagsleg lán til bygginga og kaupa leiguíbúða eftir apríl 2016. Fjármálaskrifstofa hefur lagt áherslu á mikilvægi þess í umsögn um frumvarpið og á fundi velferðarnefndar að félagslegu láni standi áfram til boða a.m.k. út árið 2016 þannig að fylgja megi áfram framkvæmda-áformum félagsins. Ef stofnframlög fást ekki á árinu 2016 ætti það að leiða til endurskoðunar á uppbyggingaráformum, enda er hagræði félagsins og leigjenda af þessum aukna stuðningi verulegt. Veiting stofnframlaga var ein meginforsenda við framsetningu og greiningu á áætlun félagsins um kaup eða byggingu 500 íbúða árin 2015-2019.

- Á árinu 2015 fjármagnaði félagið íbúðakaup að mestu með skammtímalánum og vinnur nú að langtímafjármögnun þeirra gegnum Íbúðalánasjóð og Lánasjóð sveitarfélaga. Skynsamlegt er að stilla frekari skammtímalántöku í hóf meðan enn er óvíst hvenær frumvarp til laga um almennar íbúðir verður afgreitt frá Alþingi og útlit er fyrir að Íbúðalánasjóður hætti veitingu félagslegra lána eftir apríl 2016.

5.3 Orkuveita Reykjavíkur

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar 2015 var jákvæð um 4.176 mkr samanborið við hagnað á sama tíma árið áður að fjárhæð 8.871 mkr.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA), var 25.174 mkr samanborið við 24.845 mkr 2014. EBITDA er því 1,3% hærri en á síðasta ári.

Rekstrartekjur ársins námu 40.357 mkr en voru 38.526 mkr árið 2014 sem er 4,8% hækkun. Tekjuaukning varð í öllum miðlum á árinu sem meðal annars má rekja til verðlagstengingar gjaldskráa. Tekjur af rafmagnssölu hækka um 1.000 mkr. Sala á heitu vatni hækkaði um 600 mkr milli ára vegna aukinnar notkunar.

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Orku náttúrunnar, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 34,1% af heildartekjum samstæðu OR.

Rekstrargjöld ársins 2015 námu 25.929 mkr að meðtöldum afskriftum en voru 22.833 mkr árið 2014 sem er 13,6% hækkun. Gjöld vegna **orkukaupa og orkuflutninga** hækkuðu um 1.065 mkr milli ára, sem var í samræmi við áætlun fyrirtækisins og skýrist aðallega af orkukaupum vegna skipulagðra viðhaldsframkvæmda á hverfilsamstæðum. Einnig hækkuðu **afskriftir** töluvert milli ára, eða um 1.594 mkr, aðallega vegna niðurfærslu eigna í byggingu sem nemur 1.240 mkr.

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 14.428 mkr en var 15.693 mkr 2014 og lækkaði um 8,1% milli ára.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 10.843 mkr á árinu en voru neikvæðir um 4.819 mkr árið 2014. Vaxtagjöld eru svipuð og á fyrra ári þar sem aukin verðbólga togast á við lágt vaxtastig og lækkun skuldastöðu. Áhrif annarra fjármagnsliða eru neikvæð sem nemur 6.771 mkr en verulegar sveiflur eru þó til staðar innbyrðis milli liða s.s. vegna gangvirðisbreytinga, uppgjörs áhættuvarnarsamninga og gengismunar.

Heildareignir í árslok voru 310.990 mkr en voru 300.202 mkr í árslok 2014.

Eigið fé í árslok var 114.771 mkr en var 99.747 mkr í árslok 2014 og hækkaði því um 15.024 mkr milli ára.

Heildarskuldir fyrirtækisins í árslok voru 196.218 mkr en voru 200.455 mkr í árslok 2014 og lækkuðu því um 4.236 mkr milli ára. Vaxtaberandi skuldir lækkuðu um 18.288 mkr milli ára en skuldir hækkuðu að öðru leyti um 14.052 mkr, þar af hækkuðu skuldir vegna innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum um 10.164 mkr.

Handbært fé frá rekstri nam 21.815 mkr á árinu og lækkaði um 1,2% miðað við fyrra ár. Lækkunina má einna helst rekja til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum (birgðabreytingar, skammtímakröfur og skammtímaskuldir) sem voru jákvæðar um 97 mkr árið 2015 á móti 1.267 mkr árið 2014.

Fjárfestingarhreyfingar árið 2015 nettó voru útstreymi að fjárhæð 8.660 mkr en útstreymi 2014 var 7.486 mkr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 10.057 mkr á árinu 2015 sem var í samræmi við áætlun ársins. Orkuveitan hefur nýtt hluta af bundnum innlánnum að fjárhæð 2.446 mkr. Einnig hefur OR fjárfest í markaðsverðbréfum að fjárhæð 1.025 mkr í eignastýringu.

Fjármögnunarhreyfingar ársins nettó voru útstreymi að fjárhæð 16.584 mkr en voru útstreymi upp á 14.702 mkr 2014.

Orkuveita Reykjavíkur hefur fylgt aðgerðaáætlun „Planinu“ sem unnið var í samstarfi við eigendur frá vormánuðum 2011. Í Planinu voru mjög metnaðarfull markmið um aðhald í rekstri og minnkun fjárfestinga auk samþykktra leiðréttinga á gjaldskrá, eignasölu og láns frá eigendum.

Árangur Plansins á árinu 2015 var 2.443 mkr betri en gert var ráð fyrir sem rekja má fyrst og fremst til lækkunar fjárfestinga í veitukerfum og fráveitu fyrir um 1,5 mkr umfram áætlun. Lækkun á rekstrarkostnaði umfram markmið nam 727 mkr og leiðrétting gjaldskrár var 309 mkr umfram áætlun. Á árunum 2011 til 2015 er heildarárangur Plansins um 8.184 mkr umfram markmið tímabilsins.

Þrátt fyrir að markmið Plansins hafi hingað til gengið eftir eru skuldir Orkuveitunnar verulegar og áhrif vaxta, álverðs og gengis geta verið mikil á rekstur og efnahag fyrirtækisins. Álverð, sem hefur verið í sögulegu lágmarki undanfarið, hefur

neikvæð áhrif á tekjur en á móti hefur gengisstyrking haft jákvæð áhrif. Orkuveitan hefur haldið áfram að styrkja lausfjárstöðu sína og aukið töku áhættuvarnarsamninga til þess að verja sjóðstreymið.

Matsfyrirtækið Reitun hækkaði **lánshæfiseinkunn** Orkuveitunnar um einn flokk í mars síðastliðnum og er hún nú i.AA3 með með stöðugum horfum. Lánshæfisfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfismatseinkunn í Ba3 stöðugar horfur í desember 2015. Einnig hefur lánshæfisfyrirtækið Fitch Rating gefið Orkuveitu Reykjavíkur lánshæfismatseinkunnina BB- með stöðugum horfum. Í báðum tilvikum er þar um að ræða lánshæfiseinkunn sem er þremur þrepum undir fjárfestingaflokki. Stjórnendur OR hafa sett sér það markmið að komast í fjárfestingaflokk hjá báðum erlendu matsfyrirtækjunum á næstu árum. Fyrirtæki í fjárfestingaflokki hafa sögulega verið mun líklegri til að efna skuldbindingar sínar og því hafa þau meira aðgengi að fjármagni og áhættuvörnum og á betri kjörum. Grunneinkunn Orkuveitunnar, án tillits til ábyrgðar eigenda, er einu þrepi hærra hjá Fitch en frá Moodys.

	Lánshæfiseinkunn	Markmið
Reitun	i.AA3 stöðugar horfur	
Moody's	Ba3 stöðugar horfur	Baa
Fitch Ratings	BB- stöðugar horfur	BBB

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Orkuveitu Reykjavíkur árin 2011-2015:

OR	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	20,8%	20,4%	28,6%	33,2%	36,9%
Arðsemi eigin fjár	-1,0%	-3,7%	4,8%	10,3%	4,0%
Veltufjárlutfall	0,35	0,53	0,59	0,68	0,79
Skuldsetningarhlutfall	347,6%	333,3%	217,2%	174,4%	146,3%
Skuldaþekja (EBIT /gr afb + Nettó gr. vextir)	0,59	0,73	0,56	0,66	0,79
Skuldaþekja (EBITDA /gr afb + Nettó gr. vextir)	1,02	1,25	0,85	1,04	1,39
Vaxtaþekja (EBIT/(n.greiddir vextir)	3,43	2,81	3,65	4,42	4,42
Vaxtaþekja (EBITDA/(n.greiddir vextir)	5,89	4,80	5,54	7,00	7,72
Uppgr.tími lána (skuldir/veltufé frá rekstri)	13,6	11,9	10,3	10,6	8,7
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	51%	52%	50%	49%	56%
EBITDA framlegð	63,0%	66,0%	67,0%	64,5%	62,4%

Í eftirfarandi töflu eru sýndir **fjárhagslegir mælikvarðar til arðgreiðslu** og arðgreiðsluskilyrði fyrirtækisins fyrir árin 2016-2018:

	2011	2012	2013	2014	2015	Skilyrði 2016-2018
Veltufjárlutfall	0,4	0,5	0,6	0,7	0,8	>1,0
Eiginfjárlutfall	20,8%	20,4%	28,6%	33,2%	36,9%	>35%
FFO vaxtaþekja	3,5x	3,5x	4,0x	5,6x	5,5x	>3,5x
RCF / nettó skuldir	6,5%	8,3%	10,6%	12,8%	13,8%	>11%
FFO / nettó skuldir	6,5%	8,3%	10,6%	12,8%	13,8%	>13%

Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.


Afborganir lána á árinu 2015 voru lægri en árin á undan þar sem samkomulag náðist við Dexia bankann um endurröðun gjaldþaga. Eiginfjárlutfall er enn að hækka og hefur náð lágmarki arðgreiðsluskilyrða fyrirtækisins og eigenda fyrir árin 2016-2018 en stjórnendur félagsins vilja styrkja það enn frekar. Veltufjárlutfall er 0,79 og hefur hækkað smám saman en stefnt er að því að ná veltufjárlutfallinu yfir 1. Mikilvægt er að bæta lausfjárstöðu fyrirtækisins og miða aðgerðir stjórnenda fyrirtækisins að því að sækja fjármagn á skuldabréfamarkaðinn á fyrsta ársfjórðungi 2016. Einnig hafa viðræður um erlenda fjármögnun gengið vel. Fyrirtækið hefur einnig aðgengi að lánalínum sem nemur allt að 8,8 milljörðum króna.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Heildarárangur Plansins er nú orðinn 55,0 makr sem er 8,2 makr yfir markmiði árána 2011-2015. Á miðju ári 2015 hafði fyrirtækið náð 51,3 makr heildarmarkmiði Plansins fyrir árin 2011-2016, einu og hálfu ári fyrr en stefnt var að. Stjórnendur og starfsmenn Orkuveitunnar eiga lof skilið fyrir góðan árangur.
- Vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins lækkuðu milli ára úr 183,9 makr í 165,6 makr eða um 18,3 makr. Eiginfjárlutfall hækkaði úr 33,2% í 36,9% og er þegar komið yfir 35% markmið sem sett hefur verið fyrir árin 2016-2018. Aðrar skuldakennitölur í töflunum að framan bera þess jafnframt merki að fyrirtækið hefur náð miklum árangri í lækkun skulda á undanföllum árum.
- Hlutfallslega jukust rekstrarútgjöld án afskrifta umfram tekjur milli ára, eða 11,0% á móti 4,8%. Framlegð fyrirtækisins sem hlutfall af tekjum (EBITDA / rekstrartekjur) minnkaði því frá fyrra ári úr 64,5% í 62,4% og hefur minnkað úr 67,0%

árið 2013. OR glímir enn við mikinn afborgunarpunga af langtímalánum og áhættu vegna gengis, vaxta og álverðs og því mikilvægt að tryggja að ekki dragi um of úr framlegð rekstrarins.

- Í lok árs 2015 átti OR alls 7,2 mkr í formi handbærs fjár, innistæða sem bundnar eru til skemur en eins árs og markaðsverðbréfa. Að viðbættu aðgengi að lánalínum sem nam 8,8 mkr hafði OR þannig 16,0 mkr í tryggt lausafé í lok árs 2015. Tryggt lausafé minnkaði um 3,2 mkr milli ára, aðallega vegna ónýttrar lánsheimildar á árinu sem nemur 6 mkr að teknu tilliti til endurröðunar gjalddaga á lánum frá Dexia.
- Þó lausafé hafi minnkað milli ára hækkaði veltufjárlutfall úr 0,68 í 0,79 vegna skuldabréfs í eigu fyrirtækisins sem er á gjalddaga í desember 2016 og er fært á 8,7 mkr meðal veltufjármuna. Mikilvægt er að tryggja sterka lausafjárstöðu fyrirtækisins og að veltufjárlutfall verði umfram 1,0 í lok ársins 2016 eins og fjármögnunaráætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir.
- Álverð (LME 3m) lækkaði um 18,6% milli loka árs 2014 og 2015 og var að jafnaði 11,3% lægra á árinu 2015 en árið á undan. Lækkun álverðs leiddi til 10,2 mkr gjaldfærslu í fjármagnsliðum OR vegna innbyggðra afleiða í orkusölusamningum. Gjaldfærslan dró úr hagnaði ársins og arðsemi eigin fjár, sem varð 4,0% á móti 10,3% árið áður. Skuld vegna innbyggðra afleiða jókst einnig um 10,2 mkr sem gerði það að verkum að heildarskuldir og skuldbindingar lækkuðu lítið milli ára þrátt fyrir 18,3 mkr lækkun vaxtaberandi skulda fyrirtækisins.
- Gjaldfærsla vegna lækkunar álverðs í uppgjörinu endurspeglar horfur um minni tekjur vegna orkusölu til framtíðar. Álverð hefur hækkað lítillega á fyrstu mánuðum ársins 2016 en hefur þó að jafnaði verið um 5% lægra en gert er ráð fyrir í áætlun fyrirtækisins fyrir árið 2016. Í áætlunum sínum hefur OR gert ráð fyrir að að álverð hækki jafnt og þétt næstu árin og verði fjórðungi hærra að jafnaði árið 2021 en það var í lok árs 2015.



- Á árinu 2015 var álverð um 40% lægra en gert var ráð fyrir við framsetningu Plansins. Frá upphafi Plansins hefur frávik álverðs frá forsendum haft neikvæð áhrif á sjóðstöðu fyrirtækisins sem nemur 10,4 mkr. Á móti voru meðalvextir ársins 2015 um 55% lægri en gert var ráð fyrir í Planinu. Frávik vaxta frá forsendum Plansins hefur alls haft jákvæð áhrif á sjóðstöðu sem nemur 8,7 mkr. Samanlögð neikvæð áhrif álverðs og vaxta á sjóðstöðu hafa þannig numið alls 1,7 mkr frá upphafi Plansins.
- Frávik gengisþróunar frá forsendum Plansins hefur haft neikvæð áhrif á sjóðstöðu OR sem nemur 2,8 mkr frá upphafi aðgerðaáætlunarinnar. Á móti hefur þróun vísitölu neysluverðs haft jákvæð áhrif sem nemur 2,1 ma.kr og vegið upp að miklu leyti óhagstæð frávik í gengisþróun. Verðlagstenging gjaldskráa hefur þannig reynst mikilvæg áhættuvörn fyrir fyrirtækið.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Þann 26. nóvember sl. var samþykkt á eigendafundi tillaga stjórnenda OR um arðgreiðsluskilyrði fyrirtækisins að fenginni umsögn rýnihóps eigenda dags. 25. nóvember sl. Skilyrðin voru tvískipt, annars vegar fyrir árin 2016-2018 og hins vegar frá og með 2019. Í lok árs 2015 uppfyllti OR öll skilyrði til arðgreiðslu fyrir árin 2016-2018 að undanskildu skilyrði um veltufjárlutfall. Skv. Planinu verður ekki greiddur arður árið 2016 vegna rekstrarársins 2015 en hugsanlegt er að arðgreiðsluskilyrðin heimili arðgreiðslu á árinu 2017, sem er ári fyrr en gert var ráð fyrir í umfjöllun um tillögu stjórnar OR í nóvember 2015.
- Fjármálaskrifstofa tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn rýnihóps eigenda að beitt verði varfærni við greiðslu arðs. Áhætta í rekstri fyrirtækisins er enn mikil og í sviðsmyndagreiðningu í umsögn rýnihóps eigenda kemur fram að mælikvarðar arðgreiðsluskilyrða eru töluvert næmir fyrir breytingum ytri þátta. Mikilvægt er að ákvarðanir um arðgreiðslur verði teknar með það að leiðarljósi að OR nái áfram markmiðum sínum næstu árin og að fyrirtækið fylgi áfram markvissri stefnu í átt að fjárfestingaflokki, enda á OR talsvert undir góðu aðgengi að fjármögnun og áhættuvörnum á hagstæðum kjörum. Til lengri tíma er æskilegt að OR skili eigendum sínum reglulegum og jöfnum arðgreiðslum sem tryggji viðunandi ávöxtun á fjárbindingu í fyrirtækinu en stuðli um leið að stöðugleika í rekstri fyrirtækisins og eigenda.

- Á eigendafundinum 26. nóvember sl. fólu eigendur stjórn OR að móta áætlun til næstu fimm ára á grundvelli sömu ábyrgu sjónarmiða og lágu til grundvallar Planinu og eigendastefnu fyrirtækisins. Fjármálaskrifstofa leggur áherslu á að samhliða þessari vinnu verði arðgreiðsluskilyrði OR rýnd að nýju eftir því sem tilefni er til í samræmi við ábendingar í umsögn rýnihóps eigenda. M.a. er mikilvægt að þróaðir verði verkferlar um ákvörðun um greiðslu arðs, annars vegar hjá eigendum og hins vegar hjá OR, eins og lagt er til í umsögn rýnihóps.

5.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Ársreikningur félagsins hefur að geyma ársreikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs og samstæðureikning slökkviliðsins, dótturfélagsins SHS fasteigna ehf. og Almanna- og húsnæðisráðgjafarhöfuðborgarsvæðisins.

Rekstrarniðurstaða SHS samstæðunnar árið 2015 var jákvæð um 340 mkr en var jákvæð árið 2014 um 3 mkr. Í áætlun ársins var gert ráð fyrir hagnaði upp á 63 mkr. SHS vann dómsmál um ólögmæti gengislána gegn Lánasjóði sveitarfélaga og var Lánasjóðurinn dæmdur til að greiða SHS rúmar 246 mkr sem skýrir að mestu leyti meiri hagnað en gert var ráð fyrir í áætlun.

Hagnaður dótturfélagsins SHS fasteigna var 46 mkr en áætlanir gerðu ráð fyrir hagnaði upp á 42 mkr, sjá nánari skýringar undir SHS fasteignum hér fyrir neðan.

Rekstrartekjur námu 2.412 mkr sem eru 12,8% hærrí tekjur en fyrir árið 2014. Framlag eigenda á árinu 2015 nam 1.388 mkr sem er hækkun um 58 mkr milli ára, tekjur vegna sjúkraflutninga námu 871 mkr sem er hækkun um 209 mkr milli ára og aðrar tekjur voru 60 mkr og hækkuðu um 4 mkr frá fyrra ári. Mikil hækkun tekna vegna sjúkraflutninga skýrist af því að nýr samningur um sjúkraflutninga tók gildi í byrjun árs 2015. Tekjur SHS fasteigna námu 86 mkr þegar tekið hefur verið tillit til millivíðskipta við SHS og tekjur Almanna- og húsnæðisráðgjafarhöfuðborgarsvæðisins tæpar 7 mkr.

Rekstrargjöld námu 2.215 mkr sem er 10,3% hækkun milli ára. Launakostnaður hækkaði um 10,5% á milli ára og fór úr 1.687 mkr árið 2014 í 1.864 mkr árið 2015.

Heildareignir námu 2.564 mkr og þar af námu fastafjármunir 2.037 mkr. **Heildarskuldir** voru 922 mkr og hafa lækkað um 172 mkr á milli ára, sem að mestu leyti má rekja til þess að lán SHS fasteigna við Íslandsbanka var greitt upp á árinu m.a. vegna endurgreiðslu frá Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga í kjölfar niðurstöðu dómsmáls um uppgjör á gengistryggðu láni við sjóðinn.

Eigið fé nam 1.642 mkr og hækkaði um 340 mkr á árinu, sem rekja má til rekstrarniðurstöðu ársins.

Fjárfestingahreyfingar námu 87 mkr en fyrir árið 2014 voru fjárfestingahreyfingar 422 mkr. Lækkunin skýrist af því að byggingarframkvæmdum við slökkvistöðina við Skarhólabraut lauk á árinu.

Stefnt er að því að bjóða út kaup á fjórum nýjum slökkvibílum á árinu en búast má við því að það ferli taki nokkur ár. Undirbúningsvinna er einnig hafin við að flytja slökkvistöðina við Tunguháls og byggja nýja slökkvistöð í staðinn sem verður betur staðsett.

SHS fasteignir

Undir SHS heyrir dótturfélagið SHS fasteignir, sem á og rekur fasteignina við Skógarhlíð 14.

Rekstrarhagnaður SHS fasteigna fyrir árið 2015 var 46 mkr en rekstrarhagnaður ársins 2014 var tæplega 42 mkr.

Rekstrartekjur félagsins voru 165 mkr og rekstrargjöld námu 63 mkr. Fjármagnsliðurinn hjá SHS fasteignum var neikvæður um 20 mkr.

Heildareignir námu 1.004 mkr í árslok 2015 og lækkuðu um 11 mkr milli ára. Heildarskuldir voru 750 mkr og lækkuðu um 57 mkr frá áramótum. Ástæðan fyrir lækkun skulda er fyrst og fremst uppgreiðsla láns hjá Íslandsbanka á árinu.

Fjárfestingahreyfingar námu 1,3 mkr sem er töluverð lækkun milli ára en skýringin er sú að slökkvistöðin við Skarhólabraut sem var í byggingu, var seld til móðurfélagsins SHS í lok árs 2014.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir árin 2011-2015:

SHS - samtæða	2011	2012	2013	2014	2015
Eiginfjárlutfall	22,4%	52,0%	45,9%	54,4%	64,0%
Arðsemi eigin fjár	7,9%	-18,2%	-1,2%	0,3%	26,1%
Veltufjárlutfall	1,22	1,08	1,02	0,52	0,76
Skuldsetningarhlutfall	262,4%	51,1%	64,4%	31,8%	14,2%
Uppgreiðslutími	18	22	9	4	1
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	4%	1%	4%	5%	18%
Framlegð/rekstrartekjur	6%	3%	5%	10%	8%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Í lok árs 2015 féll í Hæstarétti dómur í dómsmáli SHS á hendur Lánasjóði sveitarfélaga (LS) vegna uppgjors á gengistrygððu láni og var LS dæmt til að greiða SHS tæpar 200 mkr auk dráttarvaxta eða alls um 247 mkr.
- SHS gerði upp lán við Glitni á árinu 2008 með fyrirvara um leiðréttingu á uppgjöri ef niðurstaða dómstóla í gengislánamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. Krafa SHS hljóðar upp á rúmar 213 mkr. Sættir hafa ekki náðst á milli aðila. Búið er að fara með málið fyrir dómstóla og niðurstöðu er að vænta í héraðsdómi í mars 2016.
- Langtímaskuldir voru greiddar niður um tæplega 193 mkr. Skuldahlutföll eru mjög viðunandi. Eiginfjárlutfall hefur hækkað verulega undanfarin ár og er orðið mjög ásættanlegt.
- Nýbygging slökkvistöðvar SHS í Mosfellsbæ var tekin í notkun í mars 2015. Byggingarkostnaður nam um 650 mkr í árslok 2015 en upphaflega áætlaður byggingakostnaður var 580 mkr (á verðlagi ársins 2012). Ef þessar fjárhæðir eru uppfærðar á árslokaverðlag 2015 var byggingakostnaðurinn 688 mkr og áætlaður byggingakostnaður var 650 mkr. Slökkvistöðin við Skarhólabraut er 1.987 fm² og fermetraverð hennar var því 346.450 kr miðað við árslokaverðlag 2015. Framkvæmdum er að mestu lokið og slökkvistöðin er komin í fulla notkun en verið er að klára lokafrágang að utanhúss og við lóð. Áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir sem eru eftir er um 15 mkr.
